

Yfirlitsskýrsla
sendiráðs Íslands
í Brussel



Júlí - ársloka 2008

EFNISYFIRLIT:

INNGANGUR.....	7
Yfirlit	8
- Franska formennskan, seinni hluta árs 2008	8
- Tékkneska formennskan, fyrri hluta árs 2009	9
- Lissabonsáttmálinn.....	9
Stækkun ESB.....	10
Utanríkis- og öryggismál.....	11
- Aðgerðir og verkefni ESB.....	12
Viðræður um viðskipti með landbúnaðarafurðir	14
EES Samningurinn.....	14
DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL	14
1. Almennt	14
2. Samsetta nefndin.....	15
3. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni	16
4. Schengen-úttektir.....	16
5. Schengen-upplýsingakerfið	17
6. Schengen samskiptanetið.....	17
7. Brottvísanatilskipunin	17
8. Breytingar á Schengen „Borders Code“	17
9. Liechtenstein í Schengen	17
10. Framtíð stjórnunar ytri landamæra	17
11. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar	18
Þróun SIS II og VIS	18
12. Samningar tengdir Schengen-samstarfinu	19
- Samningur um þátttöku Íslands í Landamærasjóði	19
- Aðrir samningar við ESB á döfinni	19
13. Lögreglusamvinna – EUROPOL-PRUM.....	19
- Prüm	20
14. Samvinna á sviði sakamála.....	20
15. Samvinna á sviði einkamála	20
FÉLAGS- OG VINNUMÁL.....	20
FÉLAGSMÁL.....	20
Velferðaráttak ESB	20
Almannatryggingar.....	21
Lengra fæðingarorlof í ESB.....	22
Framtíðarstefna í málefnum fatlaðra.....	22
Hagur fjölskyldna og aldraðra.....	22
PROGRESS-áætlunin.....	23
JAFNRÉTTISMÁL.....	23
Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins	23
Tillaga að tilskipun um jafnræði einstaklinga.....	23
Evrópuárið 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun.....	24
VINNUMÁL.....	24
Evrópsk samstarfsráð.....	24
Umfjöllun um vinnutímatilskipunina.....	25
Ný tilskipun um starfsmannaleigur.....	25
Bláa kortið.....	26
Metock úrskurðurinn og frjáls för fólks.....	26
Réttindi launþega og efnahagsfrelsi	27

Atvinnuástandið og frjáls för fólks.....	27
Hreyfanleiki vinnuafls	28
Aðgerðaáætlun til að auka för launþega	28
FJÁRMÁL.....	29
Opinber innkaup	29
Rafræn stjórnsýsla	29
Ríkisstyrkir	29
HEILBRIGÐIS- OG LYFJAMÁL.....	31
HEILBRIGÐISMÁL	31
Heilbrigðisáætlun ESB	31
Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun.....	32
Áætlun um að draga úr neyslu ávana- og fíkniefna	32
Evrópa fyrir sjúklinga.....	32
Sjaldgæfir sjúkdómar	33
Rannsóknir á HIV/alnæmi, malaríu og berklum	33
Aukið öryggi sjúklinga	34
Samræmdar reglur um líffæragjöf, flutninga og ígræðslu	34
Heilbrigðisþjónustu yfir landamærin	35
Grænbók um heilbrigðisstarfsfólk.....	35
Fjarlækningar (Telemedicine)	35
Gagnkvæm viðurkenning menntunar.....	36
LYFJAMÁL	36
Áherslur heilbrigðisráðherra.....	36
Lyfjavettvangur ESB	37
EES-lyfjapakinn.....	37
Nýr lyfjapakki	37
Gagnsæi í lyfjamálum.....	38
IÐNAÐAR- OG ORKUMÁL.....	38
ORKUMÁL	38
Tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkulindum	38
Tillögur til að auka samkeppni á orkumarkaði (þriðji orkupakkinn)	39
Endurskoðun orkustefnunnar.....	40
LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARÚTVEGSMÁL.....	41
LANDBÚNAÐUR	41
Hin almenna landbúnaðarstefna ESB.....	41
Einnar-greiðslu kerfi (SPS).....	41
Niðurstöður af „Health Check“	42
- Mjólkurkvótar	42
- Nýmótun – „Modulation“	42
- Afnáam framleiðslutengingar – „Decoupling“	42
- Markaðsíhlutun.....	42
- “Grein 68”	42
- Þróun dreifbýlis	43
- Einföldun á framkvæmd CAP	43
Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir - endurskoðun	43
Bókun 3 – endurskoðun	43
Lífrænn landbúnaður.....	43
Lífræn framleiðsla lagardýra og gróðurs.....	44
Súnósur.....	44
BSE/TSE.....	44
Salmonella, kampýlóbakter og MRSA	45

MATVÆLAMÁL.....	46
Breytingar á Viðauka I og II við EES samninginn.....	46
HELSTU STEFNUMÁL ESB Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS ÁRIÐ 2008.....	47
Almennt um sjávarútvegsstefnu ESB.....	47
Endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB 2012.....	47
Ólöglegar fiskveiðar (IUU fisheries = Illegal, Unregulated or Unreported fisheries).....	49
Endurheimt þorskstofna ESB (Cod recovery plan).....	50
Endurskoðun Fiskveiðieftirlits ESB.....	50
MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL.....	50
Almennt.....	50
Fjárhagsáætlun EES/EFTA 2009.....	50
Executive Agencies.....	51
Tilmæli frá ráðherraráði og Evrópuþingi.....	51
Samstarfsáætlanir.....	51
- Almennt.....	51
- Erasmus Mundus II.....	51
- Media Mundus (Media International).....	52
- Comenius Regio Partnerships.....	52
- Amicus – reynslu- / undirbúningsáætlun fyrir ungt fólk.....	52
Orðsendingar o.fl.....	52
Stefnumótun í evrópsku samstarfi um menntamál 2010-2020.....	52
Skólastarf og gæði fræðslu.....	53
Breyttar hæfniskröfur.....	53
Grænbók um „Migration and mobility“.....	53
Bordeaux yfirlýsingin 2008 um starfsmenntun.....	53
Nýjar viðmiðunarreglur um ríkisstyrkta fjölmiðla.....	53
Viðmiðunarreglur um ríkisstyrki til kvikmyndagerðar.....	53
Höfundarréttarmál.....	54
Tillögur um breytingar á tilskipun um höfundarréttarmál (Dir. 2006/116/EC).....	54
Grænbók um höfundarrétt í þekkingarhagkerfi (knowledge economy).....	54
Annað.....	54
Ýmislegt.....	54
Opið samráð um menningarmál.....	54
Europeana – rafrænt menningarsafn.....	54
Evrópska menningarmínjamerkið.....	54
Handbók um EES-samstarfið.....	55
Tékkneska formennskan fyrri hluta árs 2009.....	55
Menntamál.....	55
Æskulýðsmál.....	55
Menningarmál.....	55
RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN.....	56
Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013.....	56
Evrópska rannsóknasvæðið - Ljubljana ferlið.....	56
„The Committee for Scientific and Technical Research“ (CREST).....	57
Sérfræðingar hjá framkvæmdastjórn ESB – „Seconded National Experts“ (SNEs).....	58
SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL.....	58
FLUGMÁL.....	59
Almennt.....	59
Loftferðarsamningar.....	59
Sameiginlegt Evrópskt loftrými – „Single European Sky“.....	59
Endurskoðun þriðja þakans í flugi.....	60
Flugvallapakinn.....	60
FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL.....	60

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM	61
SIGLINGAMÁL.....	61
Stefna ESB í málefnum hafsins – „Maritime Policy“	61
Þriðji siglingapakinn.....	62
FLUTNINGAMÁL.....	62
Flutningapakinn og flutningamál (Freight transport logistics).....	62
VEGA- OG UMFERÐARMÁL.....	63
Grænbók um samgöngur í borgum	63
Önnur umferðar- og vegamál	63
FJARSKIPTAMÁL.....	63
Endurskoðun fjarskiptapakans	63
Gjaldtaka fyrir lok samtala	64
Tillaga að breytingu á reglugerð um alþjóðlegt reiki.....	64
Samráð varðandi mögulega aðgangsskyldu að næstu kynslóðarnetum	65
Endurskoðun reglna um alþjónustu.....	65
Fjarskiptanet framtíðarinnar og veraldarvefurinn	65
PÓSTMÁL	65
ALMENN SAMGÖNGUMÁL.....	66
Galileo	66
SVEITARSTJÓRNARMÁL	66
UMHVERFISMÁL.....	66
1. Orku- og loftslagspakinn (Energy and Climate Change Package)	66
1.1 FORSAGA.	66
- Tillögur framkvæmdastjórnarinnar og tengslin við EES samninginn.	67
- Almenn um tillögur framkvæmdastjórnarinnar.	67
- Áhrifin á Íslandi og vinnan framundan.....	69
1.2 FUNDUR Í UMHVERFISNEFND EVRÓPUÞINGSINS (ENVI) 23. JÚNÍ 2008 UM CCS OG „RENEWABLES“	70
- CO2 Capture and Storage (CCS).....	70
- Endurnýjanleg orka (renewables).....	71
1. 3. TILLÖGUR „RAPPORTEUR“ AVRIL DOYLE UM BREYTINGAR Á TILLÖGUM FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB UM ENDURSKOÐUN ETS.....	71
1.4. FRAMVINDA MÁLA HJÁ EVRÓPUÞINGINU OG RÁÐHERRARÁÐINU – SAMKOMULAG LEIÐTOGA ESB 12. DES. OG AFGREIÐSLA ÞINGSINS 17. DES 2008.....	73
1.5 SAMKOMULAG RÁÐS OG ÞINGS UM TILSKIPUN UM ENDURNÝJANLEGA ORKU (COM(2008)19 final) 12. des. 2008.	75
1.6 AFGREIÐSLA ORKU- OG LOFTSLAGSPAKKANS Í EVRÓPUÞINGINU 17. DES. 2008	76
2. Önnur mál	78
2.1 Erika III pakinn (öryggi sjófarenda).....	78
2.2 Niðurstaða varðandi nýja reglugerð um varnarefni (Pesticides legislation).	78
2.3 Biotechnology (GMOs).	78
2.4 Öryggi leikfanga.	79
2.5 Flugid og ETS kerfið.....	79
2.6 Endurskoðun reglugerðar 2037/2000, um ósoneyðandi efni (Regulation (EC) 2037/2000 on substances that deplete the ozone layer).	79
2.7 Koltvísýringur frá nýjum ökutækjum.....	80
2.8 Bann við útflutningi á kvikasilfri.	80
2.9 Framkvæmdastjórn ESB telur refsiréttarreglur umhverfisverndarlaga falla undir EES samninginn.	80
2.10 Áherslur Tékklands á sviði umhverfismála á formennskumissemi jan.-júní 2009. .	80
VIÐSKIPTAMÁL	81
FJÁRMÁLAPJÓNUSTA.....	81
Tillaga að breytingu á tilskipun um innstæðutryggingar	81
Breytingar á tilskipunum um eiginfjárkröfu lánastofnana og fjárfestingafélaga.....	81

Gjaldþol váttryggingafélaga.....	82
Verðbréfasjóðir (UCITS).....	82
Tilskipanir um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og fjárhagslegar tryggingaráðstafanir	82
Tillaga að reglugerð um matsfyrirtæki	83
Breytingar á tilskipun um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og eftirlit með þeim ...	83
Greiðslur yfir landamæri	83
Vogunarsjóðir	83
Endurskoðun eftirlits á fjármálamarkaði og framtíðarskipan fjármálamarkaða	84
FÉLAGARÉTTUR.....	84
Evrópsk einkahlutafélög.....	84
Breytingar á tilskipunum um félagarétt.....	84
NEYTENDAMÁL	84
Stefnumótun um hópmálsóknir fyrir neytendur	84
Tillaga að tilskipun um réttindi neytenda.....	85
Breytingar á tilskipun um skiptileigu fasteigna (timeshare)	85
Tilskipanir um öryggi leikfanga, mælieiningar, mælitæki og mælifræðilegt eftirlit	85

INNGANGUR

Meginhlutverk sendiráðsins er að taka þátt í rekstri EES- og Schengen samninganna, rækja samskiptin við Evrópusambandið (ESB) og aðildarlönd þess, gæta hagsmuna Íslands og reka erindi landsins á þessum vettvangi. Þetta verkefni spannar í raun í meira eða minna mæli öll svið stjórn-sýslu og stjórn mála á Íslandi. Í samræmi við það eru hin ýmsu fagráðuneyti á Íslandi með fulltrúa í sendiráði Íslands gagnvart ESB. Eftirfarandi skýrsla ber þessa einkenni. Önnur starfsemi sendiráðsins varðar hefðbundið hlutverk sendiráða gagnvart umdæmisríkjum sínum sem eru Belgía, Lúxemborg og Sviss.

Að þessu sinni setti hin alþjóðlega fjármálakreppa sem hófst af fullum þunga sl. haust með þeim alvarlegu afleiðingum sem hún hafði á Íslandi, mark á störf sendiráðsins á tímabilinu. Hafa sjónir ESB beinst sérstaklega að stöðu Íslands í tengslum við fjármálakreppuna. Á fundi leiðtoga ESB sem haldinn var um miðjan október sl. lýsti leiðtogaráðið til að mynda yfir samstöðu með Íslandi. Þá hefur Ísland mikið verið til umfjöllunar og staða þess á innri markaði EES. Vegna gjaldeyrishamla sem settar voru með lögum frá Alþingi, þurfti að grípa til verndarráðstafana skv. 43. grein EES-samningsins sem mælir fyrir um að hægt sé að setja slíkar takmarkanir á frjálst flæði fjármagns, séu þær tilkynntar með réttum hætti.

Þá hefur hrun íslensku bankanna komið illa við sparifjareigendur Kaupþings í Belgíu, Lúxemborg og Sviss og hefur komið til kasta sendiráðsins að greiða fyrir samskiptum og upplýsingaflæði um stöðu mála, gagnvart fulltrúum sparifjareigenda.

Svo vikið sé að hefðbundinni starfsemi sendiráðsins hefur að vanda hefur verið tekið á móti hópum gesta sem koma úr ýmsum áttum svo sem úr skólum og á vegum félagasamtaka. Þetta er orðinn reglulegur liður í starfsemi sendiráðsins og hefur farið vaxandi. Þessar heimsóknir hafa reynst afar mikilvægar til að styrkja pólitísk tengsl við ráðamenn í ESB og til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri í stórum hagsmunamálum. Einnig er nokkuð um að hópar komi til Brussel í fræðsluferðir til dæmis frá Háskólum. Heimsóknir Samtaka um vestræna samvinnu, SVS, eru til að mynda orðnar fastur liður í starfsemi sendiráðsins.

Nú í haust var nokkuð um heimsóknir ráðamanna og hópa til Brussel en bæði Evrópunefndin og Samtök atvinnulífsins komu í nokkurra daga heimsókn. Evrópunefndin, eða nefnd um þróun Evrópumála sem skipuð var 1. febrúar 2008, kom í heimsókn til Brussel dagana 22.-24. september. Nefndin fundaði m.a. með Olla Rehn, stækkunarmálastjóra Evrópusambandsins, Joaquin Almunia, framkvæmdastjóra í efnahags- og myntmálum og Mariann Fischer Boel, framkvæmdastjóra í landbúnaðarmálum. Þá átti nefndin fjölda funda með þingmönnum Evrópuþingsins og sérfræðingum.

Dagana 30. september til 2. október komu framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins í vinnuheimsókn til Brussel, alls um 12 manns. Nefndin átti fjölda funda m.a. með Neelie Kroes, framkvæmdastjóra samkeppnismála, Andris Piebalgs, orkumálastjóra auk sérfræðinga framkvæmdastjórnar ESB á sviði gjaldmiðilsmála og sjávarútvegs.

Óhætt er að segja að báðar heimsóknirnar, þ.e. Evrópunefndarinnar og Samtaka atvinnulífsins hafi tekist afar vel. Fundað var til að mynda með helstu áhrifamönnum á sviði sjávarútvegs- og gjaldmiðilsmála eins og að ofan greinir og gafst nefndarmönnum gott tækifæri bæði til skoðanaskipta og upplýsingaöflunar.

Ráðherrar sem heimsóttu Brussel voru Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, sem sótti fundi dóms- og innanríkisráðherra á vettvangi Schengen, Þórunn Sveinbjarnardóttir, umhverfisráðherra sem kom í nokkurra daga vinnuheimsókn og Árni Mathiesen sem sótti fund fjármálaráðherra ESB.

Loks má geta Samtaka um vestræna samvinnu sem kom með hópa tvisvar í heimsókn í sendiráðið seinni hluta ársins.

Þær breytingar urðu á starfsmannahópi sendiráðsins á tímabilinu að Dís Sigurgeirsdóttir hóf störf fyrir dómsmálaráðuneyti í stað Krístrúnar Kristinsdóttur, Hreinn Hrafnkelsson kom í stað Þóru Margrétar Hjaltested fyrir hönd iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta og Lilja Sturludóttir kom í stað Leifs Eysteinnssonar fyrir fjármálaráðuneytið.

Meðal annarra fastra liða í starfsemi sendiráðsins er gerð yfirlitsskýrslu sem kemur út tvisvar á ári og tekur mið af formennskuskiptum í ESB. Er hana að finna á heimasíðu sendiráðsins. Þá tekur sendiráðið saman yfirlit fyrir utanríkismálanefnd Alþingis mánaðarlega um þau mál sem eru efst á baugi í ESB og geta varðað EES-samstarfið með einhverjum hætti.

Skýrslan er þannig upp byggð að á eftir þessum inngangi kemur yfirlitskafla, þar sem dregið er á mál sem efst eru á baugi. Þar næst kemur kafla um utanríkis- og öryggismál, en síðan fylgja kaflar um einstök málefna svið og er þá fylgt ráðuneytaskiptingu á Íslandi. Í þeim er gerð nánari grein fyrir því sem til umfjöllunar er innan sviða hinna ýmsu ráðuneyta. Nokkur mál falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og má þá eftir atvikum finna greinargerðir þar um á fleiri en einum stað. Þessa kaflar skýrslunnar hafa fulltrúar viðkomandi ráðuneyta í sendiráðinu tekið saman.

Yfirlit

- Franska formennskan, seinni hluta árs 2008

Á tímabilinu sat Frakkland í stóli formennsku ráðs ESB og komu mörg stór mál til kasta Frakka. Settu átök í Georgíu og hin alþjóðlega fjármálakreppa öðru fremur mark sitt á formennskutímabil þeirra. Var gripið til margvíslegra aðgerða vegna hennar, s.s. með aukafundum leiðtoga ESB auk þess sem kynntar voru nýjar tillögur til breytinga á nágildandi löggjöf sambandsins sem var liður í því að bregðast við því ástandi sem skapaðist, sjá um það umfjöllun síðar. Þá var niðurstaða í orku- og loftslagsmálum Evrópusambandsins meðal helstu forgangsmála, auk stefnu í málefnum innflytjenda og öryggis- og varnarstefna ESB. Einnig má nefna velferðarstefnu ESB sem lögð var fram á fyrstu dögum formennskutíma Frakka.

Að því er deilur Rússa og Georgíumanna varðar, tók Sarkozy forystu í að leiða þá deilu til lykta. Hittust leiðtogar ESB til að mynda á aukafundum um það leyti sem deilan stóð hvað hæst eða í ágústmánuði og var boðað til sérstaks neyðarfundar leiðtoga ESB 1. september. Er óhætt að segja að reynt hafi á getu og samstöðu ESB til bregðast við aðstæðum af þessu tagi og ljóst að Frökkum tókst vel upp í því máli.

Það kom í hlut frönsku formennskunnar að bregðast við þegar hin alþjóðlega fjármálakreppa skall á af fullum þunga í haust. Vegna hennar þurfti Evrópusambandið og einstök aðildarríki þess að grípa til ýmissa aðgerða sem mjög reyndu á reglur um ríkisstyrki og samkeppni til að mynda. Var m.a. búin til björgunaráætlun auk þess sem ráðist var í endurskoðun á ýmissi

löggjöf ESB sem varðar fjármálastarfsemi og lagðar fram breytingartillögur. Líkt og með Georgíudeiluna voru haldnir aukaleiðtogafundir til að bregðast við því ástandi sem skapaðist.

Samþykkt orku- og loftslagsstefnu ESB stóð tæpt um tíma og alls óvíst hvort samkomulag næðist. Ljóst var að lykilatriði var að komast að samkomulagi fyrir árslok, ellegar yrði samningaviðræðum ESB um nýjan loftslagssamning stefnt í tvísýnu. Það tókst hins vegar þegar Evrópuþingið samþykkti hina nýju orku- og loftslagsstefnu ESB hinn 17. desember sl. sem m.a. felur í sér samþykki á endurskoðun á tilskipun um viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda. Er litið á þessa skjótu málsmeðferð sem nokkurt afrek þar eð einungis um ár leið frá því að tillögur framkvæmdastjórnarinnar um löggjöf til að framfylgja orku- og loftslagsstefnunni leit dagsins ljós uns samkomulag náðist um hana.

Meðal annarra stórra stefnumála má nefna velferðarstefnu ESB sem kynnt var í byrjun júlí 2008. Svo og samkomulag ráðherra ESB um vinnutímatilskipun í júní sl. sem hafði verið í bígerð um nokkurra ára skeið en ekki hefur náðst samkomulag milli ráðs og þings í þessu máli. Þá greip Evrópusambandið til ýmissa aðgerða og ráðstafana vegna fjármálakreppunnar sem nánari grein verður gerð fyrir síðar í skýrslunni.

Almennt er talið að Frökkum hafi tekist einstaklega vel upp í formennsku sinni sem ekki síst var vegna Sarkozys, forseta Frakklands. Sarkozy sýndi mikla forystuhæfileika við úrlausn ýmissa erfiðra mála eins og Georgíudeilunnar.

- *Tékkneska formennskan, fyrri hluta árs 2009*

Tékkar tóku við formennsku í ráði ESB 1. janúar sl. Yfirskrift formennsku þeirra er „Evrópa án landamæra“ eða „*Europe without Barriers*“, sem á að endurspegla fjórfrelsið, þ.e. frjálst flæði vöru, fjármagns, frjálsa för fólks og frjálsa þjónustustarfsemi. Þá er í lógói Tékkna tilvísun með táknrænum hætti til fimmta frelsisins: frjálsri miðlun upplýsinga og þekkingar. Að öðru leyti má draga áherslumál tékknesku formennskunnar saman í þrennt, þ.e. efnahag, orku og alþjóðleg samskipti (*the 3 E's, Economy, Energy and External Relations*). Með skýrslu þessari er sérstakt viðhengi þar sem helstu forgangsmálum tékknesku formennskunnar er lýst. Sjá einnig heimasíðu formennskunnar: www.EU2009.cz

- *Lissabonsáttmálinn*

Eins og kunnugt er var Lissabonsáttmálanum hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi í júní 2008 - sjá síðustu skýrslu sendiráðsins. Írar samþykktu á árinu 2008 að halda aðra þjóðaratkvæðagreiðslu þegar búið væri að ganga úr skugga um að komið væri til móts við helstu áhyggjur írskra kjósenda. Hafa þeir m.a. haft áhyggjur af skattastefnu, hlutleysi og öryggis- og varnarmálastefnu ESB og siðfræðilegum álitafnum eins og fóstureyðingum. Þá voru írskir kjósendur einnig mótfallnir því að fækka framkvæmdastjórum ESB en skv. þeim áformum hefði Írland misst sjálfkrafa rétt sinn til að hafa framkvæmdastjóra.

Á leiðtogafundi aðildarríkja ESB í desember var samþykktur vegvísir að því er varðar gildistöku Lissabonsáttmálans fyrir árslok 2009. Það kemur í hlut Tékkna og Svía að fylgja þeirri áætlun eftir. Samþykktu leiðtogar ESB að ef samningurinn öðlaðist gildi á árinu 2009 væri hægt að taka ákvörðun þess efnis að hvert og eitt aðildarríkjanna gæti haft einn framkvæmdastjóra. Einnig samþykkti leiðtogaráðið að gera skyldi ráðstafanir til að koma til móts við það sem írskir kjósendur hefðu mestar áhyggjur af. Þá lýsti írski ríkisstjórnin því yfir að hún myndi vinna að fullgildingu áttmálans á meðan núverandi framkvæmdastjórn situr enda takist að uppfylla áður nefnd fyrirheit gagnvart írskum kjósendum fyrir mitt ár 2009.

Stækkun ESB

Framkvæmdastjórn ESB gefur árlega út skýrslur um stöðu mála í ríkjunum sem stefna á aðild þar sem leitast er við að leggja mat á hve langt þau hafa komið til móts við þau skilyrði sem þau þurfa að uppfylla fyrir aðild og meta nauðsynlegar aðgerðir út frá því. Hagsmunir Íslands í þessu efni eru augljósir vegna skyldubundinnar stækkunar EES í kjölfar stækkunar ESB. Er því nauðsynlegt að EES EFTA ríkin fylgist grannt með þróun þessa ferlis ekki síst í ljósi þeirra skuldbindinga sem reynslan sýnir að krafist er af EFTA ríkjunum samhliða stækkun EES-svæðisins. Auk umfjöllunarinnar hér á eftir er vísað til fyrri skýrslna sendiráðsins. Þessar skýrslur framkvæmdastjórnarinnar koma venjulega út í nóvember, hin síðasta 5. nóvember 2008. Skýrslan lýsir þeim árangri sem náðst hefur árið á undan að því er varðar sérhvert ríki sem hefur stöðu umsóknarríkis og þeirra ríkja sem eru hugsanleg umsóknarríki. Þau ríki sem nú hafa stöðu umsóknarríkis (*candidate countries*) eru Króatía, Makedónía og Tyrkland. Þá er litið á önnur ríki á Balkanskaga sem hugsanleg umsóknarríki, þ.e. Albanía, Bosníu- og Hersegóvínu, Svartfjallaland, Serbíu og Kósóvo. Svartfjallaland sótti um aðild að ESB 15. desember sl.

Vestur Balkanskagi

Í síðustu skýrslu framkvæmdastjórnarinnar segir m.a. að með auknum stöðugleika hafi Vestur Balkanskaginn færst nær Evrópusambandinu. Þá hefur ástand mála í Kósóvo verið stöðugt síðan sjálfstæðisyfirlýsingin var gerð og stjórnarskráin öðlaðist gildi. Vöxtur hefur verið nokkur á svæðinu, einkum vegna erlendra og innlendra fjárfestinga og lífskjör hafa batnað. Hins vegar sé við ýmis vandamál að etja á svæðinu s.s. að því er þá þætti varðar sem snúa að betri stjórnarsýslu, lögum og reglu, baráttu við spillingu og skipulagða glæpastarfsemi. Atvinnuleysi er mjög hátt í sumum ríkjunum auk þess sem hin alþjóðlega fjármálakreppa hefur haft áhrif.

Umsóknarríkin Króatía, Makedónía og Tyrkland

Um samningaviðræður við þau ríki sem hafa stöðu „umsóknarríkis“ er það helst að segja að samningaviðræður við Króatíu eru komnar á það stig að fyrirsjáanlegt er að landið verði aðili að ESB. Snurða hljóp hins vegar á þráðinn í samningaviðræðum Evrópusambandsins og Króatíu nú í desember þegar Slóvenar sögðust mundu koma í veg fyrir framhald samningaviðræðna um aðild nema landamæradeilur ríkjanna leystust. Um er að ræða deilu sem hefur staðið í langan tíma á milli Króatíu og Slóveníu. Króatía hafði vonast til þess að samningaviðræður gætu hafist um 10 kafla og öðrum fimm gæti lokið á fundi 19. desember sl. Fram til þessa hefur verið opnað fyrir samningaviðræður um 21 kafla af 35 sem samið er um og fjórum verið lokað. Snýst deilan m.a. um aðgang Slóvena að sjó og segja Slóvenar Króata gera ósanngjarna kröfu til þess hluta Adríahafsins sem sé nálægur slóvensku borginni Piran. Þar með geti slóvensk skip ekki átt greiðan aðgang að alþjóðlegum siglingaleiðum. Króatar hafa mótmælt þessu og líkt afstöðu Slóvena við fjárkúgun sem þeir geti aldrei fallist á. Þeir muni ekki skipta á landsvæði og aðild að ESB. Hefur króatískur þingmaður til að mynda lýst yfir áhyggjum af áhrifum þessa á samskipti þjóðanna. Er stefnt að aðild Króata árið 2011.

Sem fyrr hafa samningaviðræður við Makedóníu ekki hafist um aðild þeirra en ríkið á í nafnadeilu við Grikki. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar segir að framfarir hafi átt sér stað í Makedóníu á mörgum þeim sviðum sem framkvæmdastjórn ESB hefur lagt höfuðáherslu á, einkum varðandi dómskerfi, lögreglu og framkvæmd samstarfssamnings Makedóníu og ESB.

Evrópusambandið á í samningaviðræðum við Tyrki um aðild að sambandinu. Lítur ESB svo á að landfræðileg staða (*geo strategic*) Tyrkja leiki lykilhlutverk í orkuöryggi ESB. Nánari samvinna við Tyrkland og önnur ríki á svæðinu, bæði að því er varðar þau ríki sem veita orku og hin sem flutningur orku fer um, sé nauðsynleg. Núverandi leiðslur og gasleiðsluverkefni til framtíðar skipta miklu fyrir ríki eins og Tyrkland þar sem leiðslurnar munu fara um. Þar af leiðandi er þetta svæði ákaflega mikilvægt fyrir ESB.

Ríkisstjórn Tyrklands sem nú situr var mynduð í kjölfar kosninganna í júlí 2007. Hún er fylgjandi aðildarviðræðum við ESB og hefur unnið að breytingum á stjórnarskrá og hegningarlögum og því sem snýr að mannréttindum. Að mati framkvæmdastjórnarinnar er hins vegar ekki nóg að gert t.d. að því er varðar tjáningarfrelsi og réttindi kvenna.

Staðan að því er varðar ríki á Vestur- Balkanskaga

Albanía hefur ekki sótt um aðild að ESB en búast má við að það verði innan tíðar. Undirritaður hefur verið samstarfssamningur (*Stabilisation and Association Agreement*) milli Albaníu og ESB sem öðlaðist gildi fyrir um tveimur árum og hefur framkvæmd hans gengið vel. Vandamál snúa hins vegar að lögum og reglu og því að stofnanir samfélagsins virki sem skyldi. Staða Albaníu er einna best af þeim ríkjum sem hér eru talin og er ESB almennt ánægt með þróun mála í Albaníu. Ríkið glímir hins vegar við svipuð vandamál og önnur ríki á svæðinu sem snúa að réttarfari og aðlögun að löggjöf ESB á einstökum sviðum. Litið hefur verið á aðild Albaníu og annarra ríkja á vestanverðum Balkanskaganum sem forgangsmál. Ekki er þó gert ráð fyrir að Albanía verði aðili að ESB fyrr en í fyrsta lagi árið 2015.

Svartfellingar sóttu um aðild að ESB hinn 15. desember 2008. Framkvæmd samstarfssamnings ESB og Svartfjallalands sem undirritaður var árið 2007 hefur gengið vel. Hins vegar þarf að gera betur á dómsmálasviði og að því er varðar að styrkja lög og reglu.

Samstarfssamningur ESB við Bosníu og Hersegóvínu var undirritaður á árinu 2008. Hins vegar eru ýmsar hindranir í vegi sem m.a. snerta Dayton/Parísarsamkomulagið. Ekki er gert ráð fyrir aðild Bosníu-Hersegóvínu fyrr en í fyrsta lagi árið 2015.

Skortur á fullu samstarfi Serba við Alþjóða stríðsglæpadómstólinn hefur hindrað frekari samvinnu við ESB. Segir í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar að handtaka Radovan Karadzic hafi verið mikilvægt skref en þeirri málsmeðferð þurfi að fylgja til enda. Hins vegar er stjórnsýslan í Serbíu talin geta sinnt þeim verkefnum sem til þarf til að koma til móts við kröfur ESB.

Staðan varðandi Kósóvó er einstök vegna viðveru alþjóðlegra friðargæslusveita. Leiðtoga ráð ESB hefur lýst yfir vilja til að aðstoða Kósóvó varðandi pólitíska og efnahagslega þróun. Stjórnarskráin sem Kósóvó samþykkti á liðnu ári er sögð uppfylla evrópsk viðmið. Helstu viðfangsefnin Kósóvó snúa að því að styrkja stofnanir og lög og reglu.

Utanríkis- og öryggismál¹

Hlutverk Evrópusambandsins á sviði friðargæslu, eða hættuástandsstjórnun eins og það heitir innan ESB, hefur farið verulega vaxandi undanfarin ár. Þessi þróun er í samræmi við þau

¹ Nánari umfjöll um sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu ESB („*CFSP, Common Foreign and Security Policy*”) og um samráð ESB og EES/EFTA ríkjanna er að finna í skýrslu utanríkisráðherra um Ísland á innri markaði Evrópu sem lögð var fram á 135. löggjafarþingi 2007-2008.

markmið sem aðildarríki sambandsins hafa sett sér um að efla og styrkja ásýnd ESB á alþjóðarvettvangi. Einn þáttur þessa er sívaxandi hlutverk ESB í friðargæsluverkefnum vítt og breitt um heiminn, oft fyrir tilstuðlan eða í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar eða eftir atvikum NATO. Ísland hefur tekið þátt í þremur verkefnum á Balkanskaga.

Á árinu 2008 voru fimmtán ár liðin frá því að hinni sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnu ESB var hleypt af stokkunum. Þá voru og fimm ár liðin frá því að fyrstu aðgerðir ESB skv. hinni sameiginlegu öryggis- og varnarstefnu (*ESDP, European Security and Defence Policy*) hófust. Frá árinu 2003 hefur Evrópusambandið staðið að 22 aðgerðum eða verkefnum, bæði borgaralegum og hernaðarlegum sem eiga stoð í hinni sameiginlegu öryggis- og varnarstefnu sambandsins. Hefur sambandið lokið nú aðgerðum en þrettán eru í gangi, þar af þrjár á Balkanskaga, ein í Kákasus, þrjár í Mið-Austurlöndum, ein í Asíu (Afganistan) og fimm í Afríku.

Að öðru leyti var árið 2008 nokkuð viðburðarríkt á sviði utanríkis- og öryggismála í Evrópusambandinu. Deilurnar í Georgíu, sjálfstæðisyfirlýsing Kósóvó og átök í Afríku voru meðal þeirra stóru mála sem Evrópusambandið þurfti að fást við. Þá voru öryggis- og varnarmál eitt af megináhersluatriðum Frakklands á formennskutímabili þeirra seinni hluta árs 2008. Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel í desember 2008² samþykktu leiðtogarnir að setja nýjan drifkraft í öryggis- og varnarmálastefnu sambandsins byggða á sameiginlegri greiningu á nýjum áhættum og styrkingu aðgerðargetu til að bregðast við þeim og skýrslu talsmanns ESB í utanríkis- og öryggismálum um framkvæmd og endurskoðun á Öryggisstefnu Evrópu (*European Security Strategy*) sem samþykkt var árið 2003³. Samþykktu leiðtogarnir m.a. að styrkja aðgerðargetu á sviði hernaðarlegrar hættuástandsstjórnunar og styrkja samstarf ESB við Nató og Sameinuðu þjóðirnar sem og að gera ESB kleift að skipa stærra hlutverk á alþjóðavettvangi í baráttunni við hryðjuverk, gegn útbreiðslu gjöreyðingarvopna, skipulagðri glæpastarfsemi og tölvuglæpa (*cyber attacks*).

- Aðgerðir og verkefni ESB

ESB hefur stundum boðið ríkjum utan sambandsins að taka þátt í verkefnum samkvæmt hinni sameiginlegu öryggis- og varnarstefnu sambandsins, einkum og sér í lagi stærri verkefnum sem krefjast verulegs mannafla og búnaðar. Er um að ræða þau ríki sem hafa verið aukaáðilar að Vestur-Evrópusambandinu (VES), Noregur, Ísland og Tyrkland. Einnig hefur Sviss leikið stórt hlutverk í ýmsum verkefnum ESB. Að sama skapi taka þau ríki sem sótt hafa um aðild að ESB þátt í verkefnum sambandsins auk Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands o.fl. Ísland hefur á þessum grunni tekið þátt í tveimur verkefnum ESB: lögregluaðgerðum í Bosníu-Hersegóvínu og friðargæsluverkefni í Makedóníu. Nú starfa tveir íslenskir lögreglumenn við lögregluaðgerð ESB í Bosníu-Hersegóvínu.

Á árinu 2008 kom Evrópusambandið af stað fjórum nýjum aðgerðum eða verkefnum; Eulex í Kósóvó sem er stærsta borgaralega aðgerð sem sambandið hefur ráðist í, EUMM í Georgíu sem er ætlað að stuðla að stöðugleika á svæðinu, EU Navfor í Sómalíu sem er hernaðarleg aðgerð til að sporna gegn sjóránum og Eufor Tchad vegna ástandsins í Tsjad. Í Tsjad eru nú um 3400 hermenn frá 25 Evrópusambandsríkjum.

Þau verkefni Evrópusambandsins sem nú eru í gangi eru eftirfarandi:

² http://www.consilium.europa.eu/ueDocs/cms_Data/docs/pressData/en/ec/104692.pdf

³ http://consilium.europa.eu/cms3_fo/showPage.ASP?id=266&lang=EN&mode=g

- EUFOR-Althea, *EU Military Operation in Bosnia and Herzegovina*. Hernaðarleg aðgerð í Bosníu-Hersegóvínu. Hún hófst 2. desember 2004.
- EUPM, *EU Police Mission in Bosnia-Herzegovina*. Lögregluaðgerð í Bosníu-Hersegóvínu. Fyrsta aðgerð ESB skv. hinni sameiginlegu öryggis- og varnarnstefnu sambandsins. Hófst 1. janúar 2003.
- EULEX, Kósóvó, *European Union rule of law mission in Kosovo*. Langstærsta borgaralega aðgerðin sem ESB hefur ráðist í. Meginmarkmiðið er að styðja yfirvöld í Kósóvó að því er varðar lög og reglu einkum á sviði lögreglu, dómstóla og tollamála. Ákvörðun var tekin um hana 7. febrúar 2008 og búist við því að hún verði fullmönnuð veturinn 2009. Þegar svo verður er gert ráð fyrir að um 1900 lögreglumenn, dómarar, saksækjendur og tollgæslumenn muni starfa við hana auk 1100 heimamanna. Aðgerðin mun starfa skv. ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244 en er ekki ætlað að koma í stað liðs Sameinuðu þjóðanna, UNMIK. Hefur ríkjum utan ESB verið boðin þátttaka í EULEX, þ.m.t. Íslandi sem var boðið á upplýsingafundi um verkefnið. Aðgerðin er í samræmi við stefnu ESB um að leika lykilhlutverk við að við halda stöðugleika á svæðinu.
- EUMM í Georgíu, *European Union Monitoring Mission*. Ákvörðun var tekin um hana 15. september 2008 og hún hófst 1. október sl. Ætlað að stuðla að stöðugleika á svæðinu.
- EUPOL, COPPS, *EU Police Mission in the Palestinian Territories*. Lögregluaðgerð komið á laggirnar 14. nóvember 2005 en aðgerðin sjálf hófst 1. janúar 2006 og er ætlað að vara í þrjú ár.
- EU BAM Rafah, *EU Border Assistance Mission at Rafah Crossing Point in the Palestinian Territories*. Aðgerðin hófst 30. nóvember 2005. Umboð til aðgerðarinnar hefur verið framlengt fram í nóvember 2009.
- EUJUST Lex, *EU Integrated Rule of Law Mission for Iraq*. Um er að ræða borgaralega aðgerð skv. öryggis- og varnarnstefnu ESB. Hófst 1. júlí 2005. Er ætlað að styrkja lög og reglu og virðingu fyrir mannréttindum.
- EUPOL, Afganistan, *EU Police Mission in Afghanistan*. Um er að ræða lögregluaðgerð sem hófst um miðjan júní árið 2007.
- EU NAVFOR, í Sómalíu (*Operation Atlanta*). Hernaðarleg aðgerð til að sporna gegn sjóránum og vopnuðum ránum úti fyrir ströndum Sómalíu. Hófst 8. desember 2008 og er ætlað að veita ályktunum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frekari stuðning.
- EU SSR í Gíneu-Bissá. Aðgerð ESB til að styðja umbreytingar á öryggismálum í Gíneu-Bissá í samvinnu við stjórnvöld þar í landi. Gerð með tilstyrk þróunarsjóðs ESB.
- EUFOR TCHAD/RCA. Hófst 15. mars 2008. Um er að ræða hernaðarlega aðgerð í Tsjad sem fram fer í samræmi við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þar eru nú um 3400 hermenn frá 25 ESB-ríkjum.
- EUPOL RD Kongó.

- EUSEC RD Congo, *EU security sector reform mission in the Democratic Republic of the Congo*. Aðgerð sem ESB setti af stað skv. beiðni frá stjórnvöldum í Kongó. Um er að ræða aðgerð sem felur í sér ráðgjöf og aðstoð til að byggja upp öryggi í landinu. Aðgerðinni var hleypt af stokkunum 8. júní 2005 og henni lýkur 30. júní 2009.

Viðræður um viðskipti með landbúnaðarafurðir

Líkt og getið er um í kafla um landbúnaðarmál kom nýr samningur um framkvæmd 19. gr. EES-samningsins um endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir til framkvæmda á fyrri hluta árs 2007. Samkvæmt ákvæðum EES samningsins er gert ráð fyrir að endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir gerist reglulega. Óformlegar umræður fóru fram á fyrri hluta ársins 2008 um framkvæmd samningsins og um möguleika á endurskoðun samningsins. Viðræður hafa einnig átt sér stað um viðskipti með unnar landbúnaðarafurðir, bókun 3 í EES-samningnum. Ísland og ESB hafa kynnt hvort öðru gagnkvæmar óskir og tilboð og var búist við að unnt yrði að ljúka samningum á grundvelli þeirra seinni hluta árs 2008. Þessi mál hafa hins vegar frestast vegna atburðanna á Íslandi á liðnu hausti.

EES Samningurinn

Sameiginlega EES-nefndin hittist 8 sinnum á árinu 2008 og tók 130 ákvarðanir um að taka alls 230 gerðir upp í EES-samninginn. Þar af voru 70 á sviði dýraheilbrigðis.

Þrítugasti fundur EES ráðsins var haldinn 13. nóvember í Brussel undir forsæti Liechtenstein. Að venju var rætt um rekstur og framkvæmd EES-samningsins og mál sem þar eru efst á baugi. Meðal þeirra er fjármálakreppan, orku- og loftslagsstefna Evrópusambandsins auk norðurslóðastefnu ESB. Þá var fjallað um framtíð þróunarsjóðs EES en gildistími núverandi sjóðs rennur út vorið 2009. Undir liðnum pólitískt samráð var fjallað um málefni Simbabwe, Afganistan og Rússlands.

Að því er þróunarsjóð EFTA varðar, er samningaviðræðum um áframhaldandi þátttöku ekki lokið og er stefnt að því að ljúka samningum hið fyrsta á nýju ári.

Að öðru leyti vísast um einstök mál til umfjöllunar fulltrúa einstakra ráðuneyta hér á eftir.

Loks er þess að geta að Ísland fer með formennsku í fastanefnd EFTA fyrrihluta árs 2009.

DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL

1. Almenn

Starf fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í Brussel felst sem fyrr öðru fremur í að sinna samsettu nefndinni í ráðherraráðinu, sem fjallar um þróun og beitingu Schengen-regluverksins. Starfsnemar hafa á álagstímum verið ráðnir fulltrúanum til aðstoðar en í júlí 2007 var starfsnemi ráðinn til lengri tíma eða þar til í lok ágúst 2008. Tveir starfsmenn voru í sendiráðinu frá 1. september – 31. desember en ekki hefur verið tekin ákvörðun um framtíðarskipan þessara mála.

Schengen-samstarfið er óaðskiljanlegur þáttur af starfi Evrópusambandsins á sviði dóms- og innanríkismála og vægi sviðsins í pólitískri stefnumótun ESB er mikið. Þungamiðjan á sviðinu er að skapa svæði frelsis, öryggis og réttlætis í Evrópu. Eitt mikilvægasta pólitíska málið á sviðinu undanfarin tímabil hefur verið stækkun Schengen-svæðisins. Níu ný ríki hafa hafið fulla þátttöku í samstarfinu og er það umfangsmesta stækkun svæðisins sem gerð er í einu lagi frá upphafi. Í fullu samstarfi felst að persónueftirlit er afnumið á innri landamærum þátttökuríkja og sameiginlegar reglur gilda um vörslu ytri landamæra. Opnun landamæra milli aðildarríkja kallar á náið samstarf lögreglu og annarra yfirvalda og greið skipti á upplýsingum þeirra á milli.

Undanfarin ár hafa 15 ríki tekið fullan þátt í samstarfinu (13 ríki ESB, auk Íslands og Noregs), en aðildarríkjunum fer nú hratt fjölgandi. Þann 21. desember 2007 voru landamæri þessara 15 ríkja og níu nýrra ESB ríkja opnuð á landi og á sjó, en opnun innri landamæra Schengen-ríkja á flugvöllum var frestað til 30. mars 2008, þegar flugfélögin skiptu almennt yfir í sumaráætlun. Það kom því í hlut Slóveníu sem tók við formennsku í Evrópusambandinu 1. janúar 2008 að leiða þennan síðari hluta þessa mikla stækkunarferlis, þegar landmærin opnuðust á flugvöllum í mars. Eftir stækkunina varð landsvæði Schengen ríkja tuttugu og fjögurra samtals 3,6 milljónir ferkílómetra sem unnt er að ferðast um án landamæraeftirlits.

Hinn 12. desember sl. bættist svo 25. ríkið við í Schengen-samstarfið en þá var opnað milli landamæra Sviss og annarra aðildarríkja Schengen. Sviss er þó ekki enn fullur þátttakandi í Schengen-samstarfinu þar sem innri landamæri verða ekki opnuð á flugvöllum fyrr en í mars 2009. Liechtenstein hefur þátttöku síðar, svo og ESB ríkin Kýpur, Rúmenía og Búlgaría sem hafa lýst yfir vilja til fullrar þátttöku í Schengen á næstu árum. Schengen-úttektir í Rúmeníu og Búlgaríu eru áætlaðar í mars og apríl 2009. Full þátttaka í Schengen, með opnun landamæra, er ekki enn á döfinni fyrir ESB ríkin, Bretland og Írland, en þau munu þó taka Schengen-upplýsingakerfið í notkun við stækkun þess.

2. Samsetta nefndin

Tillögur að gerðum á sviði dóms- og innanríkismála eru oft þróun á Schengen-gerðunum og er því fjallað um þau mál í samsettu nefndinni, en hún var mynduð til að vera vettvangur þróunar og framkvæmdar Schengen reglna eftir að Schengen samstarfið var fært undir hatt Evrópusambandsins árið 1999. Í samsettu nefndinni eiga nú sæti, auk aðildarríkja ESB, Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein og kemur nefndin saman á öllum stigum meðferðar mála, frá vettvangi sérfræðinga og embættismanna að vettvangi ráðherra. Fundir ráðherra í samsettu nefndinni á tímabilinu voru tveir, í október og nóvember. Ráðherrar innanríkis- og dómsmála í ESB funduðu þó fjórum sinnum á tímabilinu en í tvö skipti voru engin Schengen-tengd mál til umfjöllunar. Það er dóms- og kirkjumálaráðherra sem situr í nefndinni af hálfu íslenskra ráðherra.

Samstarfið í samsettu nefndinni hefur almennt gengið vel og þykir breytt verklag í samsettu nefndinni á vettvangi sendiherra og ráðherra hafa gefið góða raun. Í því felst að tryggt er að Schengen-málefni verða alltaf rædd efnislega í samsettu nefndinni áður en ESB ríkin taka þau til formlegrar samþykktar, en fundum sendiherra og ráðherra í samsettu nefndinni verður alltaf stýrt af formenskuríki ESB. Samkvæmt fyrra fyrirkomulagi hefði Ísland tekið við þessari fundarstjórn 1. júlí 2008, en í samræmi við samkomulagið tilkynnti íslenski sendiherrann franska sendiherranum að Ísland mundi eftirláta frönsku formenskunni að stýra fundum sendiherra og ráðherra á síðari hluta ársins 2008.

3. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni

Fjöldi mála á ýmsum stigum er á hverjum tíma til umræðu í því kerfi undirnefnda ráðherraráðsins sem funda undir hatti samsettu nefndarinnar. Er það ýmist nýmæli eða uppfærslur og breytingar á þeim reglum sem mynda Schengen regluverkið. Meðal þeirra gerða sem nú eru í mótun í samsettu nefndinni eru þessar:

- *Reglugerð um vegabréfaáritanir (Visa Code).*
- *Reglugerðum breytingu á reglugerð um lífkenni í vegabréfum .*
- *Breytingar á sameiginlegri handbók um útgáfu áritana.*
- *Framtíð Schengen úttektanefndarinnar.*
- *Reglugerð um breytingu á landamæreglugerðinni (Schengen Borders Code).*
- *Handbók um reglur Schengen ríkjanna um lögreglusamvinnu.*
- *Ýmsar gerðir sem tengjast Schengen upplýsingakerfinu m.a. vegna yfirfærslunnar í nýja Schengen upplýsingakerfið, SIS II.*

Á tímabilinu lauk m.a. eftirfarandi málum í samsettu nefndinni:

- *Rammaákvörðun um vernd persónuupplýsinga við meðferð sakamála.*
- *Reglugerð um breytingu á landamæreglugerðinni (Schengen Borders Code).*
- *Reglugerð um VIS (upplýsingakerfi um áritanir).*
- *Ákvörðun um aðgang lögreglu að VIS.*
- *Tilskipun um sameiginlega framkvæmd við brottvísun útlendinga sem dvelja ólöglega á Schengen-svæðinu.*
- *Ýmsum breytingum vegna stækkunar Schengen-upplýsingakerfisins.*
- *Reglugerð um breytingu á reglugerð um samræmdar áritanir.*
- *Nokkrum breytingum á sameiginlegu áritanahandbókinni.*

4. Schengen-úttektir

Eftirlit með framkvæmd Schengen-samningsins í aðildarríkjunum er hjá ríkjunum sjálfum á vettvangi samsettu nefndarinnar, Schengen-úttektir. Schengen svæðið var stækkað á landi og sjó gagnvart nýju ríkjunum níu Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Tékklandi, Slóvakía, Ungverjalandi, Slóveníu og Möltu þann 21. desember 2007 og á fyrri hluta ársins 2008 fylgdi úttektarnefndin áður gerðum úttektum á löndunum eftir. Innri landamæri á flugvöllum voru sem fyrr segir opnuð þann 30. mars sl. Á síðari hluta ársins helgaðist vinnan í úttektanefndinni hins vegar að mestu af undirbúningi fyrir Schengen-úttektir í Sviss. Sem fyrr segir varð Sviss aðili að Schengen-samstarfinu þegar opnað var fyrir innri landamæri á landi þann 11. desember sl. en úttektir vegna opnunar landamæra á flugvöllum fara fram í febrúar 2009. Þá var undirbúningur úttekta vegna fyrirhugaðrar inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í fullum gangi á tímabilinu.

Framtíð Schengen úttektanefndarinnar og hugsanlega breytt fyrirkomulag á henni hefur verið til umræðu á tímabilinu. Um árábil hefur staðið til að framkvæmdastjórnin fái aukið hlutverk við eftirlit með framkvæmd Schengen reglna. Meginmarkmið þess eru annars vegar að bæta verklag við úttektir og hins vegar að virða verkaskiptingu stofnana ESB. Inn í þessar umræður koma mörg álitafni, svo sem hvort heimila eigi skyndiúttektir í ríkjunum, hvort úttektir eigi að miðast eingöngu við land fyrir land og/eða þema úttektir, hvort Landamærastofnun getur átt hlutverk í úttektunum, þjálfun sérfræðinga á Schengen sviðinu, viðurlög og eftirfylgni svo eitthvað sé nefnt, auk þess sem taka þarf tillit til innleiðingar annarrar kynslóðar Schengen upplýsingakerfisins og nýs upplýsingakerfis fyrir vegabréfaáritanir. Spurningalisti vegna þessa var lagður fyrir ríkin, umræður fóru fram í kjölfarið og af Íslands hálfu var með margvíslegum hætti minnt á að gæta þyrfti í þessu sambandi að stöðu þeirra Schengen ríkja sem ekki eru aðildarríki Evrópusambandsins. Á árinu var samþykkt að framkvæma þema

úttektir og var ákveðið að mansal yrði þemað fyrir úttektir ársins 2009. Framkvæmdastjórnin hyggst leggja fram tillögur sínar um verkaskiptingu stofnana í byrjun árs 2009 en íslensk stjórnvöld fylgjast vel með framvindu málsins.

5. Schengen-upplýsingakerfið

Stækkun Schengen-upplýsingakerfisins hefur verið fyrirhuguð um nokkra hríð og hefur nauðsynleg ESB-löggjöf vegna þess þegar verið samþykkt. Tæknivinna og þróun kerfisins hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi og hefur ítrekað þurft að seinka gangsetningu þess. Samkvæmt fyrirbyggjandi tímaáætlun stendur til að taka kerfið í notkun í september 2009 en útlit er þó fyrir að sú áætlun muni ekki standast. Stækkun kerfisins felst í því að unnt verður að skrá fleiri atriði í kerfið, s.s. ljósmyndir og fingraför. Þannig verður unnt að bera kennsl á fólk með öruggari hætti en nú er þannig að eftirlit á landamærum getur gengið hraðar fyrir sig og sparað óþörf óþægindi og tafir fyrir fólk sem ferðast í löglegum tilgangi. Stækkunin kallar á breytingar á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi og mun dómsmálaráðherra mæla fyrir slíkum breytingum á Alþingi.

6. Schengen samskiptanetið

Nýr verktaki, T-Systems og GeTronics, tók við rekstrinum á Schengen samskiptanetinu (SISNET) í nóvember á þessu ári, en reksturinn var áður í höndum Belgacom. Samningurinn við nýja verktakann var mun hagstæðari en sá eldri og hefur þegar náðst fram mikill sparnaður.

7. Brottvísanatilskipunin

Tilskipun þings og ráðs um sameiginlega stefnu og framkvæmd við brottvísun útlendinga⁴ var samþykkt og birt í stjórnartíðindum ESB í desember 2008. Með samþykkt hennar lauk löngu samningaferli milli þings og ráðs en tillagan var fyrst lögð fram af hálfu framkvæmdastjórnarinnar árið 2005. Lokaútgáfa textans er ásætlanleg miðað við íslenska löggjöf.

8. Breytingar á Schengen „Borders Code“

Þing og ráð Evrópusambandsins náðu á árinu samkomulagi um efni reglugerðar um breytingu á landamærareglugerðinni (Schengen Borders Code) vegna VIS-reglugerðarinnar og búist er við að hún verði birt í stjórnartíðindum ESB í janúar 2009. Í VIS reglugerðinni felst að lífkenni, nánar tiltekið fingraför áritunarhafa, skuli færð í kerfið og lagt var til að þau skuli athuga við persónueftirlit á landamærum.

9. Liechtenstein í Schengen

Liechtenstein hefur skrifað undir samstarfssamning um þátttöku í Schengen samstarfinu. Upprunalega var áætlað að Sviss og Liechtenstein hæfu fulla þátttöku í Schengen samstarfinu á sama tíma en nú er ljóst að það gengur ekki eftir. Óljóst er hvenær Liechtenstein verður fullur þátttakandi en stefnt er að því fyrir lok árs 2009.

10. Framtíð stjórnunar ytri landamæra

Í febrúar 2008 sendi framkvæmdastjórnin frá sér orðsendingar um framtíð stjórnunar á ytri landamærunum, nánar tiltekið varðandi framtíð Landamærastofnunar Evrópu, fyrirætlanir varðandi framtíðarskipulag skráningarkerfa á landamærum og loks fyrirætlanir varðandi evrópskt eftirlitskerfi með landamærum. Með orðsendingunum lagði framkvæmdastjórnin til breytingar á framkvæmd landamæraeftirlits Schengen-ríkjanna sem telja verður stærstu

⁴ Með útlendingi er hér átt við einstakling sem hvorki er ríkisborgari í aðildarríki að ESB eða Schengen-samstarfinu.

breytingar frá upphafi samstarfsins og leggur línurnar að næstu kynslóð í landamæravörslu þar sem reynt er að ná jafnvægi milli öryggis og að halda Evrópu opinni fyrir hinum heimsálfunum.

Framangreindar orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar voru á árinu til umræðu í þar til gerðum vinnuhópum og stýrinesndum, auk þess sem ráðherrar fjölluðu um þær á fundi sínum í Slóveníu 13. mars sl. Í kjölfarið voru samþykktar ráðsniðurstöður á fundi ráðherranna í júní 2008 sem endurspeglar afstöðu ráðsins og fyrirætlanir þeirra varðandi hvert þessara þriggja atriða. Franska formennskan tók við keflinu af þeirri Slóvensku og hefur unnið áfram með þessar hugmyndir. Hugmyndir eru uppi um að setja á fót svo kallað „entry/exit system“ eða inn/út-kerfi sem gerir aðildarríkjum Schengen-samstarfsins kleift að fylgjast með því að þeir útlendingar sem koma inn á Schengen-svæðið yfirgefi það aftur á réttum tíma. Ljóst er að tékkneska formennskan mun halda áfram með útfærslu þessara hugmynda.

11. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar Þróun SIS II og VIS

Stærstu verkefni sem Ísland tekur nú þátt í undir hatti framkvæmdastjórnarinnar, eftir hina vel heppnuðu innleiðingu portúgölsku tillögunnar um SISone4ALL, er eins og fram hefur komið, vinna tæknimanna við áframhaldandi þróun kerfanna SIS II (önnur kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins) og VIS (áritana-upplýsingakerfið), en lagagrundvöllur þessara kerfa hefur verið lagður með reglugerðum og ráðsákvörðunum ESB, sem teljast þróun á Schengen-reglunum. Unnið er að því í dómsmálaráðuneytinu að undirbúa innleiðingu þessara gerða í íslenskan rétt.

Ísland heldur áfram þátttöku í framkvæmdanefnd (*comitology*) framkvæmdastjórnarinnar (*SIS/VIS*) á sviði Schengen-upplýsingakerfisins og VIS-upplýsingakerfisins, sem sett var á laggirnar á síðari hluta árs 2007.

Fulltrúar Íslands taka einnig þátt í vinnu nefndar um *samræmt form áritana*, dvalarleyfa o.fl., sem hefur unnið tæknistaðla sem tengjast notkun lífkenna í hin ýmsu skilríki, þar á meðal í vegabréf. Unnið er áfram að tæknilegri útfærslu dvalarleyfisskírteina fyrir borgara þriðju ríkja og undirbúningi notkunar lífkenna í nýja áritanakerfinu.

Fulltrúi Íslands hefur tekið þátt í vinnu framkvæmdarnefndar framkvæmdastjórnarinnar sem ætlað er að sinna málefnum *Landamærasjóðs (External Borders Fund)*, en full þátttaka Íslands í sjóðnum er þó ekki hafin og hefst ekki fyrr en að gerðum sérstökum samningi við ESB þar um, en í gerðinni sem er lagagrundvöllur sjóðsins er kveðið á um slíkan samning (sjá nánar kafla 12 að neðan). Fyrir liggur að fjárframlag af Íslands hálfu til sjóðsins verður miklum mun herra en þeir styrkir sem unnt verður að sækja um úr honum. Þátttöku í vinnu framkvæmdanefndarinnar er ætlað að tryggja aðild Íslands að ákvörðunum um hvernig fé sjóðsins verði best varið til þessa mikilvæga verkefnis.

Ísland tekur sem fyrr þátt í starfsemi Landamærastofnunar (*Frontex*), sem staðsett er í Varsjá og hóf starfsemi í maí 2005. Hefur umfang starfsemi stofnunarinnar vaxið mjög á starfstíma hennar með tilheyrandi aukningu á fjárframlögum til hennar.

Samstarf Íslands og Evrópusambandsins á grundvelli svokallaðs *Dublin-samnings*, sem tekur til þess hvaða ríki beri að fjalla um beiðni um pólitískt hæli, hefur gengið vel sem fyrr, en vettvangur þess samstarfs í Brussel er nefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Nýjar tillögur framkvæmdastjórnar ESB um endurskipulagningu hælismála í Evrópusambandinu liggja nú fyrir og verða ræddar í sérfræðinganefndum á árinu 2009. Þær hafa ekki áhrif á

Íslenska löggjöf um hælismál, en kalla hugsanlega á breytingar á Dublin-reglum sem samstarfssamningurinn við Ísland byggir á.

12. Samningar tengdir Schengen-samstarfinu

- Samningar um endurviðtöku og framkvæmd við útgáfu vegabréfaáritana

Vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er nauðsynlegt að gera af Íslands hálfu sambærilega samninga og ESB gerir við þriðju ríki á sviðum endurviðtöku og áritana. Samningur Íslands við Rússland var undirritaður í ágúst sl. og við Albaníu í lok september sl. Unnið er að fullgildingu samninganna um þessar mundir. Til stendur að undirrita samning við Macao í byrjun febrúar 2009. Samningaviðræður við Úkraínu og ríkin á Balkanskaga standa enn yfir.

- Samningur um þátttöku Íslands í Landamærasjóði

Samningaviðræður ESB við íslensk stjórnvöld vegna þátttöku Íslands og hinna EFTA ríkjanna í sjóði fyrir ytri landamæri Schengen hófust á árinu. Talsverðar tafir hafa orðið á upphafi þessara viðræðna af ýmsum ástæðum, en erfitt reyndist á ESB hliðinni að sammælast um umboð til framkvæmdastjórnarinnar til samninga við EFTA ríkin um þátttökuna í sjóðnum. Samningaviðræður hafa gengið treglega en ágreiningur er um reiknireglu þá sem miða ber við. Kröfur framkvæmdastjórnarinnar um útreikning á fjárframlögum EFTA ríkjanna eru ekki í samræmi við lagagrundvöll að mati Íslands. Áframhaldandi viðræður um málið eru áætlaðar í febrúar 2009.

- Aðrir samningar við ESB á döfinni

Nýr samningur Íslands og ESB um þátttöku í „comitology nefndum“ framkvæmdastjórnarinnar hefur dregist vegna tímaskorts þeirra sem fjalla um dóms- og innanríkismál í framkvæmdastjórninni, enda hvorki forgangsmál hjá ESB né EFTA ríkjunum í ljósi þess að þátttaka í starfi nefndanna er í raun tryggð með bréfaskiptum sem fylgdu samningnum um Schengen samstarfið frá 1999 og útfærð í málsmeðferðarreglum fyrir hverja nefnd fyrir sig. Á síðari hluta árs áttu sér stað tveir formlegir samningafundir milli aðila. Samningaviðræður hafa gengið vel og er næsti fundur áætlaður í febrúar 2009. Líkur eru á að hægt verði að ganga frá endanlegum samningi á þeim fundi.

Líklegt er að á næstunni verði boðað til samningaviðræðna við Ísland á grundvelli Dublin samstarfsins vegna fyrirhugaðra ESB reglna um aðgang lögreglu og Europol að Eurodac, en formlegar tilkynningar þar um hafa enn ekki borist íslenskum stjórnvöldum.

13. Lögreglusamvinna – EUROPOL-PRUM

- Endurútgáfa lögregluhandbókar

Á fyrri hluta árs 2008 lagði slóvenska formennskan fram tillögu að endurútgáfu lögregluhandbókar sem innihalda á allar reglur ESB um lögreglusamvinnu. Formennskan setti af þessu tilefni saman 8 manna hóp sem var falið að vinna að drögum að handbókinni. Árið 1998 var ákveðið að handbókina skyldi uppfæra á 6 mánaða fresti (þ.e. á hverju formennskutímabili). Þessu hefur ekki verið fylgt eftir og eru þau verkfæri, bæði lög og reglur, sem í gildi eru um lögreglusamvinnu vegna þessa sundurleit og sum jafnvel lítið þekkt. Þessu á handbókin að breyta enda er löngu orðin þörf fyrir að fara í gengum hvað er til af reglum, uppfæra þær og setja saman til einnar heildstæðrar útgáfu. Frakkar, sem tóku við formennsku í ráðinu 1. júlí sl. héldu vinnu við handbókina áfram og er henni nær lokið. Til stendur að henni ljúki í formennsku tíð Tékkna sem taka við 1. janúar 2009.

- Prüm

Aukin samvinna ESB ríkja á sviði lögreglusamvinnu, sem ákveðin hefur verið á grundvelli svokallaðs Prüm-samnings var færð undir regluverk Evrópusambandsins á árinu. Dómsmálaráðherrar Norðurlandanna ræddu þetta mál m.a. á fundi sínum í Finnlandi 20. júní 2007 og ákváðu að nánara lögreglusamstarf ríkja þeirra skyldi rætt í ljósi þessarar þróunar. Upphaf samstarfsins mörkuðu Austurríki, Frakkland, Holland, Lúxemborg, Spánn og Þýskaland árið 2005 með milliríkjasamstarfi ótengdu ESB en þó með Schengen samstarfið sem fyrirmynd að mestu leyti. Samstarfið hefur gefist vel og fleiri ríki hafa bæst í hópinn. Samstarfið felst í auknum og einfaldari upplýsingaskiptum lögregluvalda ríkjanna, til dæmis gagnkvæmum aðgangi að gagnaböndum sem geyma lífkennaupplýsingar (DNA og fingraför), upplýsingum úr bifreiðaskráum auk náinnar samvinnu lögreglu yfir landamæri. Formlegum samningaviðræðum Noregs og Íslands við ESB sem hófust um mitt ár 2008 lauk í lok nóvember og stendur til að undirrita samninginn innan skamms.

14. Samvinna á sviði sakamála

Enn er grannt fylgst með þróun hinnar auknu samvinnu innan ESB á sviði opinberra mála, m.a. um gagnkvæma viðurkenningu refsidóma og fullnustuákvæðana, aðgang að sakaskráum o.fl. Þessi mál hafa ekki verið á dagskrá fyrir Ísland og eru rædd utan samsettu nefndarinnar.

15. Samvinna á sviði einkamála

Nýr Lúganó-samningur hefur verið undirritaður af hálfu EFTA-ríkjanna auk Danmerkur. Hinn nýi samningur er efnislega samhljóða Reglugerðinni ESB nr. 44/2001, um lögsögu, viðurkenningu og fullnustu dóma á sviði einkamálaréttar og gilda því sömu formreglur á sviði einkamálaréttarfars í aðildarríkjunum samningsins. Í desember samþykkti ESB svo nýja framfærslureglugerð sem hefur einnig að geyma málsmeðferðarreglur. EFTA-ríkin hafa lýst yfir vilja til að taka sambærilegar reglur upp í Lúganó-samninginn og munu samningaviðræður hefjast í byrjun árs 2009.

FÉLAGS- OG VINNUMÁL

FÉLAGSMÁL

Velferðaráttak ESB

Í upphafi frönsku formennskunnar í ESB, dagana 2. og 3. júlí sl., lagði Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram yfirgripsmikla tillögu að endurskoðaðri framkvæmdaáætlun um félagsmál (Renewed Social Agenda). Hún hefur verið kölluð velferðaráttak ESB, og miðar að því að auka aðgengi, tækifæri og félagslegt réttlæti borgara í aðildarríkjunum. Markmið átaksins hafa í sjálfu sér ekki breyst mikið frá fyrri framkvæmdaáætlun sama efnis frá árinu 2005, en að mati framkvæmdastjórnarinnar knýja þjóðfélagsbreytingar undanfarinna ára á um markvissari aðgerðir og ný vinnubrögð til að fylgja stefnunni eftir. Hér er einkum vísað til breytinga samfara alþjóðavæðingu, tækninýjunga sem kalla á nýja þekkingu og færni, breytinga í samsetningu mannfjöldans, aukins fjölda innflytjenda til Evrópu og loftslagsbreytinga sem krefjast breyttra lífshátta.

Í áætluninni eru sett fram markmið um viðtækar félagslegar viðmiðunarreglur á eftirfarandi forgangssviðum fyrir tímabilið 2008-2013:

- Börn og æskulýðsmál – „Evrópa morgundagsins”
- Fjárfestingar í fólki, fleiri og betri störfum, nýrri þekkingu og færni
- Hreyfanleiki fólks (mobility)
- Heilbrigði
- Barátta gegn fátækt og félagslegri einangrun
- Jafnréttismál
- Tækifæri, aðgengi og samstaða á alþjóðavettvangi

Sjá: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=547>

Á sviði atvinnu og félagslegra málefna eru fjölmörg atriði og má nefna tillögur að [tilskipun um evrópsk samstarfsráð \(COM\(2008\) 419/4\)](#) og [tilskipun um jafnræði einstaklinga \(COM\(2008\) 426 final\)](#). Að því er varðar heilbrigðisþáttinn er um að ræða tillögu að [tilskipun um rétt til þess að sækja sér heilbrigðisþjónustu til annarra landa \(COM\(2008\) 414 final\)](#).

Almannatryggingar

Þegar EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994 féllu allir flokkar almannatrygginga aðrir en lífeyrissjóðir og barnabætur undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Tryggingastofnun ríkisins heyrði einnig undir það ráðuneyti. Lífeyrissjóðir og barnabætur féllu undir fjármálaráðuneytið. Með breytingum á verkaskiptingu ráðuneyta 1. janúar 2008 falla eingöngu sjúkra- og slysatryggingar undir heilbrigðisráðuneytið, aðrir bótaflokkar og Tryggingastofnun heyra nú undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Lífeyrissjóðir og barnabætur eru áfram á forræði fjármálaráðuneytisins, svo og tryggingagjald. Á þessu ári tók til starfa ný stofnun, *Sjúkratryggingastofnun*, sem heyrir undir heilbrigðisráðuneytið, og annast hún nú sjúkra- og slysatryggingar.

Af framangreindu leiðir að endurskoða þarf það fyrirkomulag sem verið hefur á innleiðingu ESB-gerða og þátttöku í EES-samvinnunni. Hingað til hefur það verið hlutverk heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að samræma innleiðingu gerðanna og þegar þær snerta málaflokka annarra ráðuneyta, að kalla eftir umsögnum þeirra, útbúa stöðuskjalið og undirbúa viðkomandi mál fyrir ríkisstjórn. Á næstu mánuðum munu ráðuneytin þrjú taka ákvörðun um hvers konar skipulag verði á þessum málum til framtíðar og hvernig unnt verði að efla samskipti Íslands við Evrópusambandið á sviði almannatrygginga. Ætlunin er að koma á fót sérstökum undirbúningshópi með fulltrúum frá ráðuneytunum þremur og undirstofnunum þeirra sem myndi undirbúa innleiðingu ESB-gerða, ræði aðlögunartexta vegna Íslands og áhrif gerðanna á hagsmuni Íslands. Undirbúningshópurinn mun væntanlega lúta forystu félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Undanfarin tvö ár hefur EFTA-vinnuhópurinn um almannatryggingar fundað og farið yfir nýja heildarreglugerð Evrópusambandsins um almannatryggingar (Regulation No. 883/2004) og væntanlega framkvæmdareglugerð. Hefur fundum verið fjölgað í EFTA-vinnuhópnum vegna þessa stóra verkefnis sem kallar á heildarendurskoðun á viðauka VI við EES-samninginn. Er mjög mikilvægt að slíkur undirbúningshópur ráðuneytanna þriggja komi að yfirferð á reglugerðunum m.t.t. hagsmuna Íslands. Umrædd reglugerð mun leysa af hólmi reglugerð ESB 1408/71 um almannatryggingar og er nú gert ráð fyrir að það verði í byrjun árs 2010.

<http://eurlex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2004:166:0001:0123:EN:PDF>

Lengra fæðingarorlof í ESB

Lágmarksfæðingarorlof, sem greiðist að fullu, ber að lengja úr 14 í 18 vikur. Þetta er ein af tillögnum í aðgerðaráætlun framkvæmdastjórnar ESB sem kynnt var í byrjun októbermánaðar og inniheldur hún m.a. tvær tillögur að tilskipunum. Tilgangurinn er að skapa betra jafnvægi milli fjölskyldu- og atvinnulífs í aðildarríkjum sambandsins. Í dag er lengd fæðingarorlofs mjög breytileg frá einu ríki til annars eða frá 14 vikum í Þýskalandi upp í eitt ár í Svíþjóð. Framkvæmdastjórnin kynnti einnig skýrslu um samanburð á stöðu barnaheimilismála í löndunum.

<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/08/1450&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

Framtíðarstefna í málefnum fatlaðra

Framkvæmdastjórn ESB hefur hafið umræðu um framtíðarstefnu sambandsins í málefnum fatlaðra, sérstaklega með tilliti til þess hvernig fylgt verður eftir Evrópsku aðgerðaáætluninni í málefnum fatlaðra sem nær til ársins 2010. Af því tilefni stóð framkvæmdastjórnin fyrir ráðstefnu í Brussel dagana 1.- 2. desember með yfirskriftinni *Stuðlið staðbundið að betra þjóðfélagi fyrir alla* (Act locally for a society for all).

Árlega er haldin ráðstefna um eitthvert af stefnumálum fatlaðra til þess að vekja athygli á Evrópuþegi Fatlaðra sem er 3. desember ár hvert. Þátttakendur í ráðstefnu þessa árs ræddu tillögur framkvæmdastjórnarinnar að löggjöf sem miðar að því að jafna aðgengi fatlaðra að vörum og þjónustu, félagsvernd, menntun, heilbrigðisþjónustu o.fl.

Sjá:<http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=425&furtherNews=yes>
<http://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=88&langId=en&eventsId=104&furtherEvents=yes>

Hagur fjölskyldna og aldraðra

Betri þjóðfélög fyrir fjölskyldur og aldraðra var meginviðfangsefni Evrópsku Lýðfræðiráðstefnunnar, sem er númer tvö í röðinni, og var haldin í Brussel 24. - 25. nóvember sl. Þar voru saman komnir stjórnendur, hagsmunaaðilar og sérfræðingar víða að til þess að ræða um virka öldrun og málefni fjölskyldunnar.

Mikilla breytinga er að vænta á lýðfræðilegri samsetningu evrópskra þjóðfélaga á næstu áratugum. Fram til ársins 2017 mun fjöldi þeirra sem eru á starfsaldri fara vaxandi en þá verður viðsnúningur og hlutfall þeirra mun fara lækkandi. Á næstu 25 árum mun fólki 60 ára og eldra í Evrópu fjölga um 2 milljónir á ári. Í dag er hlutfall þeirra sem eru á vinnualdri og þeirra sem hættir eru störfum 4:1 en um 2060 er gert ráð fyrir að hlutfallið verði 1:1. Athygli vöktu upplýsingar um að í aldurshópnum 60 ára í Evrópu eru núna einungis 40% karla og 30% kvenna enn virk á vinnumarkaðinum. Meðal ræðumanna á ráðstefnunni var Lára Björnsdóttir, sviðsstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Hún fjallaði um jafnrétti og fjölskylduábyrgð karla og kvenna með sérstakri skírskotun til íslensku fæðingarorlofslaganna.

Í tengslum við ráðstefnuna birti framkvæmdastjórn ESB Evrópsku Lýðfræðiskýrsluna 2008 ("The European Demography Report 2008"). Þar er að finna upplýsingar um lýðfræðilega þróun í aðildarríkjum ESB og hvernig einstök ríki hafa brugðist við yfirstandandi og komandi breytingum.

Sjá:<http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=419&furtherNews=yes>

PROGRESS-áætlunin

Progress er evrópsk áætlun á sviði vinnumála og félagslegrar samstöðu sem hleypt var af stokkunum árið 2007 og er ætlað að standa til ársins 2013. Henni var komið á fót til þess að vinna að markmiðum ESB á sviði vinnu- og félagsmála eins og þau eru skilgreind í velferðaráttaki sambandsins (EU's Social Agenda), og tengjast því umrædd markmið Lissabonstefnumörkuninni frá árinu 2000.

Progress-áætlunin spannar eftirtalin svið: (1) Vinnumál, (2) Félagssvernd og félagslega samstöðu, (3) Vinnuumhverfi, (4) Baráttu gegn mismunum, og (5) Jafnrétti kynjanna. Framkvæmdastjórn ESB leggur mikið upp úr því að mæla árangur af því starfi sem framkvæmdaðilar áætlunarinnar standa fyrir og býður því fólki að svara spurningalista varðandi hana. Ísland er þátttakandi í verkefninu og hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið umsjón með verkefninu á Íslandi. Linda Rós Alfreðsdóttir er verkefnisstjóri.

Sjá: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=428&furtherNews=yes>

JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins

Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins (European Institute for Gender Equality) var formlega komið á fót í Vínús í Litháen 20. desember 2006 og auglýst var eftir forsvarsmanni stofnunarinnar í apríl 2007. Ýmislegt bendir þó til þess að starfsemin sé ekki enn komin í fullan gang. Framkvæmdastjórn ESB gerði í fjárhagstillögum sínum ráð fyrir að kostnaður við stofnunina fyrir tímabilið 2007-2013 yrði 52,5 milljónir evra. Markmið stofnunarinnar er að styðja stofnanir ESB og aðildarríkin við að efla jafnrétti milli karla og kvenna og berjast gegn kynjamismunum.

EES/EFTA-ríkin hafa mikinn áhuga á að gerst fullgildir aðilar að stofnuninni en óleystur er ágreiningur við framkvæmdastjórn ESB um aðkomu þeirra að stjórn stofnunarinnar. Af hálfu ESB er gert ráð fyrir að einungis 2/3 aðildarríkjanna eigi á hverjum tíma sæti í stjórn og enginn frá EES/EFTA ríkjunum. EES/EFTA-ríkin hafa hins vegar komið sér saman um að mikilvægt sé að passað verði upp á aðkomu EFTA-ríkjanna að stjórninni, og að þau fái rétt til setu í stjórn á sömu forsendum og ESB ríkin að undanskildum atkvæðisrétti. EES/EFTA ríkin sendu formenskulandinu Frakkalandi bréf dags. 4. desember sl., þar sem þess er óskað að lausn verði fundin sem sé í samræmi við þær reglur sem gilt hafa um samstarf EFTA og ESB um 14 ára skeið. Bréfið var sent í kjölfar ótal árangurslausra viðræðna við framkvæmdastjórnina um málið. Ef fer sem horfir, stefnir allt í að taka þurfi ákvörðun um hvort draga beri til baka ósk um þátttöku í stofnuninni eða gefa eftir kröfuna um stjórnarþátttöku, en slíkt myndi skapa nýtt fordæmi varðandi þátttöku EES/EFTA ríkjanna í stofnunum ESB.

Sjá: <http://europa.eu/scadplus/leg/en/cha/c10938.htm>

Tillaga að tilskipun um jafnræði einstaklinga

Evrópusambandið hefur staðið fyrir víðtækri löggjöf til að tryggja jafnan rétt fólks á vinnumarkaði og jafnt aðgengi þess að menntun, félagslegri vernd og þjónustu burt séð frá kynþætti, kyni, trúarskoðunum, fötlun, aldri eða kynhneigð. Hluti af velferðaráttaki ESB er tillaga að tilskipun um jafnræði einstaklinga, sem er ætlað að bæta enn frekar lagalega stöðu fólks gegn hugsanlegri mismunum.

Fyrsta umræða um tilskipunartillöguna (COM (2008) 426 final) fór fram á fundi ráðherraráðsins 2. október 2008 og fékk hún almennt góðar viðtökur. Tillagan kveður á um framkvæmd meginsjónarmiða um jafnræði meðal fólks og bann við mismunun hvað varðar trúarbrögð eða trúarskoðanir, fötlun, aldur eða kynhneigð. Hún byggir á og fylgir eftir tilskipunum 2004/43, 2000/78 og 2004/113, sem allar snúa að banni við mismunun á sviði vinnu, aðgangs að vöru og þjónustu, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu. Engin þeirra hefur verið tekin upp í EES-samninginn og var afstaða EFTA-ríkjanna á sínum tíma sú að þær ættu ekki heima þar, þar sem þær byggðu á 13. gr. Rómarsamningsins en sú grein kom inn með Amsterdamsáttmála ESB, eða eftir að EES-samningurinn var gerður. Tilskipun 2004/113 er þó enn til umræðu meðal EFTA-ríkjanna, þ.e. hvort hún eigi erindi í EES-samninginn eða ekki. Umrædd tillaga að tilskipun kveður einmitt skýrt á um bann við mismunun utan vinnumarkaðar.

Sjá:

<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=PRES/08/271&format=HTML&aged=0&lg=en&guiLanguage=en>

Evrópuárið 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun

Unnið er að undirbúningi Evrópuársins 2010, sem að þessu sinni verður helgað baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun. Ráðherraráðið ákvað á fundi sínum 2. október 2008 í Lúxemborg að yfirskrift Evrópuársins 2010 verði *Evrópuár baráttunnar gegn fátækt og félagslegri einangrun* (European Year for Combating Poverty and Social Exclusion). Málið verður væntanlega til umfjöllunar á vettvangi EFTA í byrjun ársins 2009. Vitað er að Norðmenn hafa mikinn áhuga á verkefninu og íslensk stjórnvöld hafa einnig látið í ljós vilja til þess að taka þátt í aðgerðum sem fyrirhugaðar eru á þessu sviði árið 2010 og undirbúningi þeirra 2009.

Um miðjan nóvember þinguðu fulltrúar EFTA-landanna með nefnd ESB um félagsvernd (EU Social Protection Committee). Á þeim fundi var rætt um þátttöku og aðkomu EFTA-landanna að Evrópuárinu 2010. Fram kom að þátttökulöndin eiga að vera búin að koma á fót landsnefndum í síðasta lagi 15. janúar 2009 og formenn þeirra nefnda munu síðan mynda sameiginlega ráðgjafanefnd sem heyrir undir fyrrgreinda nefnd ESB um félagsvernd.

Sjá: http://ec.europa.eu/employment_social/emplweb/news/news_en.cfm?id=326

VINNUMÁL

Evrópsk samstarfsráð

Þann 2. júlí síðastliðinn sendi framkvæmdastjórnin frá sér tillögu að tilskipun (COM (2008) 419) sem miðaði að því að bæta umhverfi varðandi upplýsingagjöf og samráð stærri fyrirtækja við starfsmenn sína á grundvelli svonefndra samstarfsráða, eða „Works Councils“. Tillöggunni var ætlað að skjóta styrkari stoðum undir þessi réttindamál og koma í stað fyrri tilskipunar frá 1994 um sama efni, sem á sínum tíma var tekin upp í EES-samninginn. Talið var að aðeins 1/3 fyrirtækja hefði komið á fót samstarfsnefndum í samræmi við tilskipunina frá 1994. Evrópuþingið og ráðherraráðið samþykktu tillöguna 16. desember sl. í lok fyrstu umræðu með breytingum á texta hennar sem ráðherraráðið, Evrópuþingið og framkvæmdastjórnin höfðu komið sér saman um.

Væntanleg tilskipun varðar öll fyrirtæki sem hafa minnst 1000 starfsmenn í EES/EFTA löndum, þar af séu að lágmarki 150 launþegar starfandi í tveimur löndum á svæðinu. Hún mun hafa þýðingu fyrir um 15 milljónir launþega og um 19 þúsund trúnaðarmenn. Með nýju

tilskipuninni er fyrri löggjöf aðlöguð betur að þeim efnahagslegu og félagslegu breytingum sem átt hafa sér stað á undanförunum árum. Samtök atvinnurekenda og launþega í Evrópu reyndu á fyrri hluta ársins 2008 að koma sér saman um skipan mála á þessu sviði en náðu ekki samkomulagi.

Sjá:

<http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=438&furtherNews=yes>

Umfjöllun um vinnutímatilskipunina

Á fundi vinnu- og félagsmálamálaráðherra Evrópusambandsins 9. júní 2008 náðist samstaða um tillögu að tilskipun um breytingar á vinnutímatilskipun ESB. Tillagan fól í sér rýmkun heimilda fyrir fólk til þess að geta unnið lengur en 48 klukkustundir á viku. Samkvæmt tillögunni gæti þakið orðið allt að 65 klukkustundir á viku hafi aðilar komið sér saman um slíka tilhögun. Fólk yrði engu að síður að búa við það samtímis að óvirkur vinnutími verði skilgreindur sem vinnutími. Gert var ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar myndu sérstaklega hafa áhrif í heilbrigðisþjónustunni.

Vinnu- og félagsmálanefnd Evrópuþingsins samþykkti í umfjöllun sinni um málið í byrjun nóvember að hámarksvinnutími skyldi vera 48 klukkustundir á viku í ESB og undantekningar frá þeirri reglu ætti að afnema innan þriggja ára. Málið var á dagskrá Evrópuþingsins 17. desember sl. og þar sat Evrópuþingið áfram fast við sinn keip um að leyfa engar undantekningar frá 48 tíma reglunni. Franski atvinnumálaráðherrann, Xavier Bertrand, hélt því hins vegar fram að óbreytt ástand væri engum til góðs. Evrópuþingið og ráðherraráðið hafa nú um 3-4 mánuði til þess að komast að niðurstöðu. Náist hún ekki er útséð um að breytingar verði gerðar á núgildandi vinnutímatilskipun.

Sjá:

http://www.europarl.europa.eu/news/expert/infopress_page/048-44550-350-12-51-908-20081215IPR44549-15-12-2008-2008-true/default_en.htm

Ný tilskipun um starfsmannaleigur

Vinumálaráðherrar Evrópusambandsins náðu samkomulagi um tillögu að tilskipun um starfsmannaleigur (Directive 2008/104/EC) á fundi sínum 9. júní 2008. Samkomulaginu er ætlað að tryggja eftirfarandi:

1. Jafnræði verði frá fyrsta degi milli launamanna á vegum starfsmannaleigu og fastráðinna starfsmanna varðandi vinnu og starfsumhverfi, þ.m.t. laun, frí, vinnutíma, hvíldartíma og fæðingarorlof, nema aðilar komi sér saman um annað.
2. Jafn aðgangur verði að sameiginlegri þjónustu, svo sem mótuneytum, barnaheimilum og ferðaþjónustu.
3. Starfsmönnum starfsmannaleiga verði tryggður betri aðgangur að þjálfun hvort sem á meðan unnið er að verkefnum eða á milli verkefna.
4. Starfsmenn starfsmannaleiga skulu fá upplýsingar um tækifæri til fastráðninga hjá fyrirtækjum sem þeir vinna fyrir.
5. Löndin skulu beita þau fyrirtæki og starfsmannaleigur viðurlögum sem ekki fylgja settum reglum.

Á fundi sínum 7. október sl. samþykkti atvinnu- og félagsmálanefnd Evrópuþingsins að mæla með samþykkt tillögu um starfsmannaleigur í því formi sem ráðherraráðið var einhuga um á

fundi sínum 9. júní sl. Þann 19. nóvember samþykktu svo ráðherraráðið og Evrópuþingið tillöguna. Sjá: http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=da&DosId=172619
<http://eos-saker.org/?q=node/852>

Bláa kortið

Á árinu 2007 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að tilskipun um svonefnt Blátt Kort (COM(2007) 637) er snýr að aðgengi vel menntaðra þriðja lands borgara að löndum Evrópusambandsins og er tillagan talin EES tæk. Tillagan var í lok september til umfjöllunar í ráðherraráðinu og var almennur stuðningur við hugmyndir formennskulandsins Frakklands um skilyrði fyrir aðgengi og rétti til búsetu umræddra þriðja lands borgara innan ESB. Ætlunin er að bláa kortið verði veitt sérhæfðum starfsmönnum sem gert hafa vinnusamning í ESB-landi sem tryggja þeim brúttólaun sem eru a.m.k. 1 ½ meðallaun í viðkomandi landi. Sérhæfðra starfsréttinda er krafist og fela þau í sér viðurkennda hæfni og menntun eða sambærilega sérfræðilega starfsreynslu í fimm ár. Eftir átján mánaða starf í einu ESB-landi opnast möguleikar fyrir handhafa bláa kortsins að leita sér vinnu í öðru aðildarríki Evrópusambandsins.

Á fundi þingnefndar Evrópuþingsins um borgaraleg réttindi (MEPs on the Civil Liberties Committee) 4. nóvember sl. var einhugur um að tillagan gæti hjálpað til við að draga úr skorti á sérhæfðu starfslíði á ýmsum sviðum. Margir eru þó uggandi yfir því að hér sé á ferðinni skipulegur nútíma atgervisflótti frá upprunalandunum, en aðrir segja að betra sé að hafa stjórn á því hverjir fái leyfi til þess að starfa í ESB-löndunum og hverjir ekki. Í tilvikum þar sem greinilega sé skortur á viðkomandi starfslíði í upprunalandi er hægt að neita fólki um bláa kortið eða takmarka leyfisveitingar.

Tillagan var á dagskrá í Evrópuþinginu 20. nóvember sl. Forseta þingsins var falið að koma sjónarmiðum Evrópuþingsins og breytingartillögum á framfæri við framkvæmdastjórnina og ráðherraráðið. Málið verður áfram til umfjöllunar á vettvangi ESB.

Sjá: http://www.europarl.europa.eu/news/public/story_page/018-39206-287-10-42-902-20081013STO39205-2008-13-10-2008/default_en.htm
http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=196320

Metock úrskurðurinn og frjáls för fólks

Framkvæmdastjórn ESB efndi í lok septembermánaðar til fundar um framkvæmd tilskipunar um frjálsa för allra borgara Evrópusambandsins (Directive 2004/38/EC). Ástæður þess voru ýmis praktísk vandamál, sem komið hafa upp við framkvæmd tilskipunarinnar, og nýlegt álit Evrópudómstólsins í svonefndu Metock-máli. En samkvæmt niðurstöðu dómstólsins frá 25. júlí 2008 gæti opnast möguleiki fyrir ESB-borgara, sem búsettir eru í öðru ESB-landi en sínu eigin, að giftast og tryggja landvist þriðja lands borgurum, sem ekki hafa átt búsetu innan ESB áður, nema þá í hælisbúðum. Evrópudómstóllinn kvað upp úr með að írskum yfirvöldum væri ekki stætt á því að neita fjórum karlmönnum sem voru hælisleitendur frá Nígeríu um landvistarleyfi, en þeir höfðu kvænst konum sem eru ESB-borgarar og búsettar í Írlandi þó svo þær séu ekki af írsku bergi brotnar.

Margar ríkisstjórnir í ESB hafa af því miklar áhyggjur að niðurstaða dómstólsins hafi opnað leið fyrir þriðja lands borgara að búsetja sig í aðildarríkjunum með því að ganga í svonefnd sýndarhjónað með ESB-borgurum. Ríkisstjórnir Danmerkur og Írlands hafa beinlínis krafist þess að tilskipuninni um frjálsa för verði breytt. Úrskurður Evrópudómstólsins, sem á

sér sína stoð í fyrrnefndri tilskipun um frjálsa för fólks innan ESB, og reyndar alls EES-svæðisins, geti haft áhrif á sameiginlegan vinnumarkað alls svæðisins á komandi árum.

Framkvæmdastjórn ESB telur ekki ástæðu til þess að ráðast í breytingar á tilskipuninni en hefur nú hafið nánari athugun og gerð leiðbeininga um framkvæmd hennar í samstarfi við aðildarríkin og ríki EFTA. Er stefnt að því skýrsla framkvæmdastjórnarinnar liggja fyrir á vordögum árið 2009.

Sjá:<http://curia.europa.eu/en/actu/communiqués/cp08/aff/cp080057en.pdf>
<http://curia.europa.eu/jurisp/cgi-bin/form.pl?lang=en&Submit=Rechercher&alldocs=alldocs&docj=docj&docop=docop&docor=docor&docjo=docjo&numaff=C127/08&datefs=&datefe=&nomusuel=&domaine=&mots=&resmax=100>

Réttindi launþega og efnahagsfrelsi

Framkvæmdastjórn ESB efndi til málþings um rétt launþega og efnahagsfrelsi 9. október sl. Stofnað var til þessarar ráðstefnu fast á hæla umræðu innan ESB sem átt hefur sér stað vegna nokkurra dóma Evrópudómstólsins er varða félagsleg réttindi launafólks annars vegar og réttarins til stofnunar og reksturs fyrirtækja hins vegar. Um var að ræða svonefnd *Viking-Line* (C-438/05), *Laval* (C-341/05), og *Rüffert* (C-346/06) mál, auk máls Framkvæmdastjórnar ESB gegn Lúxemborg (C-319/06). Í fyrrnefndum *Viking* og *Laval* málum komst Evrópudómstóllinn að þeirri niðurstöðu að aðgerðir sænskra og finnskra verkalýðssamtaka hefðu falið í sér takmarkanir á atvinnufrelsi. Í hinum tveimur málunum var löggjöf viðkomandi ríkja og túlkanir taldar ósamrýmanlegar tilskipun um útsenda starfsmenn (Directive 96/71/EC concerning the posting of workers).

Franski atvinnuáráðherra, Xavier Bernard, taldi nauðsynlegt að ráðast í endurskoðun á fyrrnefndri tilskipun um útsenda starfsmenn. Ekki væri unnt að koma á fót innri markaði án félagslegs ESB. Framkvæmdastjóri ESB í atvinnumálum, Valdimir Spidla, áleit að skýra þyrfti umrædda tilskipun betur og slá skjaldborg um félagsleg grundvallarréttindi launþega. Fulltrúar launþega og atvinnurekenda voru á öndverðum meiði. John Monks, aðalritari EUTC (European Trade Union Confederation), sagði úrskurði Evrópudómstólsins áfall fyrir evrópska verkalýðshreyfingu og að þeir veittu atvinnurekendum rétt til þess að haga sér nánast eins og þeir vildu. Fulltrúi atvinnurekendaskammtakanna BusinessEurope, Philippe De Buck, taldi þvert á móti að úrskurðir Evrópudómstólsins myndu stuðla að tryggara lagalegu umhverfi fyrir fyrirtæki sem starfa í hinum ýmsu aðildarríkjum ESB. Engin ástæða væri til þess að endurskoða tilskipunina. Niðurstaða málþingsins var sú að umræðan um viðfangsefni ráðstefnunnar mun halda áfram á vettvangi ESB. Í kjölfar ráðstefnunnar hefur framkvæmdastjórn ESB ráðist í ítarlegri greiningu á stöðunni og er þess vænst að skýrsla hennar muni liggja fyrir á árinu 2009.

Atvinnuástandið og frjáls för fólks

Um miðjan nóvember var kynnt árleg skýrsla framkvæmdastjórnar ESB um stöðu vinnumála í Evrópu, (The Employment in Europe Report 2008). Jafnframt var lögð fram orðsending frá framkvæmdastjórninni um frjálsa för launþega í tengslum við stækkun ESB. Við þetta tækifæri var bent á að rétturinn til þess að vinna í öðrum aðildarríkjum væri grundvallarfrelsi allra ESB-borgara. Frjáls för launþega væri efnahagslegum vexti til framdráttar og hún stuðlaði að því að uppfylla þarfir vinnumarkaðarins fyrir fólk og fagkunnáttu.

Í orðsendingunni kemur fram að gömul ESB-lönd eins og Austurríki, Belgía, Danmörk og Þýskaland takmarki enn aðgengi borgara frá 8 af þeim 10 löndum, sem gangu í sambandið

árið 2004, að tilteknum störfum. Sömuleiðis takmarka öll 15 gömlu ESB-löndin nema Finnland og Svíþjóð aðgang Búlgara og Rúmena að vinnumarkaðinum í viðkomandi löndum. Á þessu verður samkvæmt aðildarsamningum ekki ráðin bót fyrr en árin 2011 og 2013. Fyrst fyrir 2004-löndin árið 2011 og svo fyrir Búlgaríu og Rúmeníu árið 2013. Þá fyrst verður væntanlega hægt að tala um frjálsan vinnumarkað í Evrópu.

Framkvæmdastjórn ESB telur æskilegt að ráðist verði í að fella niður umræddar takmarkanir hið fyrsta og hvetur beinlínis til þess í yfirlýsingum sínum. Þann 28. nóvember efndi hún til fundar með nefnd leiðandi sérfræðinga vegna stækkunar ESB (High-Level Group on Transitional Arrangements) og aðilum vinnumarkaðarins til þess að undirbúa frekari umræður um málið á vettvangi ESB.

Sjá:

<http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=415&furtherNews=yes>

<http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=414&furtherNews=yes>

<http://ec.europa.eu/social/BlobServlet?docId=686&langId=en>

Hreyfanleiki vinnuafls

Einn af hornsteinum evrópsks samstarfs er réttur fólks til frjálsrar farar innan ESB og reyndar innan alls EES-svæðisins; jafnt mannlegur sem félagslegur grundvallarréttur. Frá því Rómarsáttmálinn tók gildi 1957 hefur frjáls för borgara Evrópusambandsins og fjölskyldna þeirra verið einn af grundvallarþáttum í stjórnskipan ríkja Evrópu. Það felur í sér að borgarar Evrópusambandsins eigi sama rétt á störfum, húsnæði, skattaávilnunum og félagslegum stuðningi hvar sem er innan ESB óháð því hvar þeir eru fæddir.

Í ljósi alls þessa vöktu niðurstöður ráðstefnu, sem Evrópuþingið efndi til 17. október sl., um hreyfanleika vinnuafls í Evrópu, mikla athygli. Þar kom fram að 80% Evrópubúa lifa áfram á því svæði þar sem þeir ólust upp, 1,5% Evrópubúa lifa í öðru landi en sínu heimalandi, aðeins 25% þeirra sem flytja frá einu landi til annars gera það vegna vinnu, þar ræður ástin og veðurfar meiru, og loks flytja 1% fólks á vinnualdri vegna starfa sinna ár hvert. Hvað síðasta atriðið varðar eru sambærilegar tölur varðandi Bandaríkjamenn og Kanadabúa 2,3% og 2,1%. Sjá: <http://www.jobmob-and-famlives.eu/conference.html>

Aðgerðaáætlun til að auka för launþega

Framkvæmdastjórn ESB vinnur að framkvæmd sérstakrar aðgerðaráætlunar til þess að örva flæði launamanna á milli landa EES svæðisins (EU's Job Mobility Action Plan). Markmiðið er að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem kunna að vera í vegi fyrir flæði launþega á milli landa. Skipulagðar verða fimmtán aðgerðir sem skipta má upp í fjögur áherslusvið:

- Bæta gildandi löggjöf á þessu sviði og stjórnsýslulega meðferð hvað varðar félagsleg réttindi.
- Tryggja samræmda stefnumörkun og stuðning opinberra aðila.
- Efla Evrópsku atvinnumiðlunina EURES (EUROpean Employment Services) og þjónustu hennar.
- Auka vitund almennings um tækifæri sem felast í frelsi til að sækja vinnu í öðru EES landi.

EURES-skrifstofan á Íslandi er rekin af Vinnumálastofnun og á heimasíðu stofnunarinnar er þar að finna upplýsingar um þessa starfsemi.

Sjá: <http://www.eures.is/forsida/>

FJÁRMÁL

Opinber innkaup

Í lok ársins sendi framkvæmdastjórnin frá sér yfirlýsingu um að ástandið á fjármálamörkuðum réttlætti að afgreiðslutími við opinber innkaup væri stytur úr 87 dögum í 30 daga á árunum 2009 og 2010 þannig að unnt sé að koma meiriháttar opinberum verkefnum til framkvæmda sem fyrst. Ákvörðunin rúmast innan ramma reglugerðar nr. 2004/18/EC um opinber innkaup.

Af öðrum málum skal þess getið að framkvæmdastjórnin gaf um mitt ár út reglur um góðar starfsvenjur til þess að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að selja opinberum aðilum vörur eða þjónustu.

Þá hefur framkvæmdastjórnin unnið að framkvæmdaáætlun um rafræn innkaup á undanförunum misserum og það var liður í þeirri vinnu að leggja mat á reynsluna hingað til af rafrænum innkaupum í könnun sem var send út síðastliðið haust. Niðurstöður verða notaðar til þess að leggja mat á hvert skuli stefna til þess að auka hlut rafrænna innkaupa. Þá stendur enn yfir vinna við að móta aðgerðir til þess að örva umhverfsvæn opinber innkaup og vinna við að kortleggja samfélagslega ábyrgð við opinber innkaup.

Rafræn stjórnsýsla

Í skýrslu sendiráðsins fyrir fyrra hluta ársins 2008 var greint frá þróunaráætlun framkvæmdastjórnarinnar fyrir árin 2005-2009 sem gengur undir skammstöfuninni IDABC (“Interoperable Delivery of European eGovernment Services to public Administrations, Business and Citizens”). Þau verkefni sem voru nefnd í skýrslunni eru enn í vinnslu.

Framkvæmdastjórnin hefur hafið undirbúning næstu þróunaráætlunar sem á að gilda fyrir árin 2010 til 2015. Væntanleg áætlun er í vinnslu og gengur undir skammstöfuninni ISA (“Community programme on interoperability solutions for European public administrations”) og það er markmið hennar að auðvelda skilvirk og árangursrík rafræn samskipti á milli opinberra aðila, hvort sem er yfir landamæri eða á milli athafnasviða innan ríkis. Umræður munu standa yfir um áætlunina á árinu 2010.

Þá má geta þess að fjármálaráðuneytið og Þjóðskrá hófu um mitt ár þátttöku í stóru tilraunaverkefni sem gengur undir heitinu Stork. Stork er 3ja ára víðtækt samstarfsverkefni um beitingu rafrænna skilríkja milli landa í Evrópu, með þátttöku 30 aðila frá 14 EES/EFTA löndum, en með rafrænum skilríkjum er átt við vottorð á rafrænu formi sem tengir sannprófunargögn við vottorðshafa og staðfestir hver hann er. Verkefnið er fjármagnað að helmingi til af Evrópusambandinu og er markmið þess að gera fyrirtækjum og einstaklingum kleift að nota rafræn skilríki gefin út í einu ESB ríki í öðru ESB ríki.

Ríkisstyrkir

Á síðari hluta ársins 2008 var kröftum framkvæmdastjórnarinnar á vettvangi ríkisstyrkja einkum beint að ríkisstyrkjum til þess að bregðast við erfiðleikum á fjármálamörkuðum.

Um miðjan október samþykkti framkvæmdastjórnin leiðbeiningar um ríkisstyrki vegna fjármálastofnana í erfiðleikum.⁵ Með leiðbeiningunum er leitast við að koma í veg fyrir að samkeppnisforsendum á innri markaðnum sé raskað með veitingu ríkisstyrkja til fjármálastofnana en þær eru í aðalatriðum byggðar á gildandi leiðbeiningum um endurskipulagningu og björgun fyrirtækja í rekstrarerfiðleikum. Skilyrði ríkisstyrkja samkvæmt leiðbeiningunum eru í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Ráðstafanir mega ekki fela í sér mismunun aðila á grundvelli þjóðernis.
2. Ráðstafanir verða að vera tímabundnar vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum. Endurskoðun ráðstafana skal fara fram um leið og aðstæður á fjármálamörkuðum breytast.
3. Ráðstafanir mega ekki vera þess eðlis að hluthafar hagnist á kostnað skattborgaranna.
4. Stefnt skal að því að tryggja hæfilega þátttöku einkamarkaðarins í ráðstöfunum til stuðnings fjármálastofnunum.
5. Styrkþegar skulu virða tilteknar háttnerisreglur sem miða að því að lágmarka hættu á misnotkun veittra ríkisstyrkja.
6. Stefnt skal að endurskipulagningu einstakra fjármálastofnana og fjármálakerfisins í heild til eftirfylgni við veitta ríkisstyrki.

Tæpum tveimur mánuðum síðar samþykkti framkvæmdastjórnin leiðbeiningar um endurfjármögnun fjármálastofnana til þess að auka framboð lánsfjár í umferð.⁶ Leiðbeingarnar eru til fyllingar ofangreindum leiðbeiningum frá því í október og lúta einkum að aðgreiningu fjármálastofnana sem eru í nokkuð góðum rekstri en þurfa á einhverri aðstoð að halda vegna aðstæðna á markaði og fjármálastofnana sem eiga í talsvert meiri erfiðleikum. Í leiðbeiningunum er mælt fyrir um að aðstoð við hinar síðarnefndu fjármálastofnanir lúti strangari skilyrðum.

Þá sendi framkvæmdastjórnin frá sér orðsendingu, hinn 17. desember sl., um tímabundnar heimildir, innan tiltekins ramma, fyrir aðildarríkin í baráttunni við neikvæð áhrif lánsfjárþurrðar á efnahagslífið. Aðgerðirnar eru hluti af stærri aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar til endurreisnar efnahagslífsins (European Economic Recovery Plan), sem samþykkt var hinn 26. nóvember sl. Samkvæmt samþykktinni eru eftirtaldar aðgerðir heimilær á þessu ári og því næsta:

1. Veiting styrkja að fjárhæð allt að 500.000 evrum vegna árána 2009 og 2010 til þess að lina erfiðleika fyrirtækja vegna efnahagsástandsins.
2. Veiting skuldatrygginga á sérkjörum.
3. Veiting lána á sérkjörum, einkum til fyrirtækja sem framleiða umhverfisvænar vörur, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
4. Veiting styrkja í formi áhættufjárfestingar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjárhæð allt að 2,5 milljónum evra á ári en samkvæmt almennum reglum mega slíkir styrkir nema að hámarki 1,5 milljónum evra. Veiting styrkja er háð því að a.m.k. 30% af fjárfestingarkostnaði komi frá einkaaðilum í stað 50 % skv. almennum reglum.

Þau mál önnur sem hafa verið til umfjöllunar á vettvangi ríkisstyrkja á síðari hluta ársins 2008 hafa snúið að einföldun á ýmiss konar málsmeðferðarreglum eins og stefnt var að í aðgerðaáætlun í ríkisstyrkjamálum fyrir árin 2005-2009.

⁵ Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/C 270/02.

⁶ Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar nr. C(2008) 8259 final.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) um almennar hópundanþágur (General Block Exemptions) var samþykkt í júlí 2008.⁷ Reglugerðin er sett á grundvelli reglugerðar Ráðsins nr. 994/98, um beitingu 92. og 93. gr. Rómarsáttmálans um ákveðnar tegundir láréttrar ríkis aðstoðar, en með láréttri ríkisaðstoð er átt við ríkisaðstoð til stuðnings atvinnulífinu almennt en ekki einstökum greinum þess. Með þeirri reglugerð var framkvæmdastjórninni veitt vald til að setja reglugerðir um ákveðnar tegundir láréttrar aðstoðar svo sem um aðstoð vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja, atvinnusköpunar, umhverfismála og starfsþjálfunar.

Efnislega er reglugerðin að flestu leyti lík núverandi leiðbeiningarreglum eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á sviði ríkisaðstoðar. Að hluta til kemur reglugerðin í stað eldri sértækra reglugerða um hópundanþágur (*block exemption*) frá ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð og þá sérstaklega ákvæði 1. mgr. 61. gr. hans. Sameinar reglugerðin því fyrri reglugerðir um hópundanþágur í eina. Vísanir reglugerðanna í 92. og 93. gr. Rómarsáttmálans (nú 87. og 88. gr.) eiga sér hliðstæðu í ákvæðum 61. og 62. gr. EES samningsins. Í reglugerðinni eru þannig skilyrði heimillar ríkisaðstoðar á tilteknum sviðum nánar tiltekin og er þar m.a. fjallað um hversu hátt hlutfall aðstoðin megi vera o.s.frv.

Á sama hátt og með fyrri reglugerðir um hópundanþágur er ekki talið að reglugerð þessi kalli á sérstakar lagabreytingar hér á landi. Verður hún innleidd með almennri reglugerð.

Þá má nefna að drög að leiðbeiningum um bestu frammistöðu við meðferð mála vegna ríkisstyrkja. Reglunum er ætlað að auka skilvirkni, gegnsæi og fyrirsjáanleika við meðferð ríkisstyrkjamála. Frestur til þess að skila umsögnum rennur út hinn 28. janúar 2009. Þá eru drög að leiðbeiningum til dómstóla aðildarríkjanna um framkvæmd ríkisstyrkjareglna og drög að reglum um einfaldari málsmeðferð í tilteknum ríkisstyrkjamálum í umsagnarferli.

Reglur um ríkisaðstoð til skipasmíða voru framlengdar til loka árs 2011 samkvæmt ákvörðun frá því í júlí 2008.⁸ Þá leitaði framkvæmdastjórnin umsagnar um hvort framlengja eigi þau skilyrði sem gilt hafa um ríkisstyrki til kvikmyndaiðnaðarins til loka ársins 2012. Ákvörðun um framlengingu liggur ekki fyrir. Reglur um fjármögnun ríkja á útvarpi í almannabágu hafa jafnframt verið til umfjöllunar og eru í umsagnarferli. Þá eru ýmis önnur mál í vinnslu, s.s. leiðbeiningar um svæðisbundna aðstoð til stórra fjárfestingaverkefna, aðstoð til menntunar, aðstoð til þeirra sem eru illa settir eða fatlaðara.

HEILBRIGÐIS- OG LYFJAMÁL

HEILBRIGÐISMÁL

Heilbrigðisáætlun ESB

EFTA-löndin eru aðilar að framkvæmd heilbrigðisáætlunar ESB fyrir tímabilið 2008-2013 og tók hún við af áætlun sem gilti frá 2003-2008. Heilbrigðisáætlunin er helsta tæki framkvæmdastjórnar ESB til þess að hrinda í framkvæmd stefnumörkun sambandsins í

⁷ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008.

⁸ Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/C 173/03.

heilbrigðismálum (EU health strategy). Sú stefna er mjög víðtæk og spannar yfir lykilsvið í heilbrigðismálum sem og markmiðið *heilsa fyrir alla* og málefni með hnattræna skírskotun.

Heilbrigðisáætlunin miðar að því, með fjármögnun verkefna og annarra aðgerða, að bæta líkamlegt og andlegt heilsufar borgara Evrópu og draga úr ójöfnuði í heilsu. Sérstök áhersla er lögð á að styðja heilsueflingu og forvarnaaðgerðir sem takast á við helstu orsakavalda heilsunnar, s.s. næringu, hreyfingu og reykingar. Framkvæmdastjórn ESB samþykkir ár hvert sérstaka framkvæmdaáætlun sem fylgt er við úthlutun styrkja til verkefna og annarra aðgerða innan ramma heildaráætlunarinnar. Á árinu 2009 er áformað að verja 49.355.000 evrum til áætlunarinnar. Íslendingar hafa um langt skeið verið virkir þátttakendur í margvíslegum verkefnum. Nokkuð hefur þó dregið úr íslenskri þátttöku undanfarið á sama tíma sem fjárframlög til verkefna hafa aukist og virðist sem möguleikar til fjármögnunar samstarfsverkefna hafi ekki verið nýttir sem skyldi.

Sjá: http://ec.europa.eu/health/ph_programme/howtoapply/call_for_propal_en.htm

Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun

Ísland er aðili að 7. rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun sem gildir tímabilið 2007-2013. Meginmarkmið heilbrigðisrannsókna í áætluninni er að stuðla að bættri heilsu í Evrópu og efla samkeppnishæfni heilbrigðisgeirans og fyrirtækja tengdum honum. Ennfremur er lögð áhersla á baráttu gegn alþjóðlegum heilsufarsvandamálum, svo sem fjölonæmum bakteríustofnum, HIV/alnæmi, malaríu, berklum og öðrum hættulegum sjúkdómsfaröldrum.

Í árslok 2008 var búið að undirrita og/eða gefa vilyrði fyrir 55 samningum um verkefni með íslenskri þátttöku. Heildarstyrkir til þessara verkefna nema um 146 milljónum evra og er hlutur íslenskra aðila a.m.k. 14 milljónir evra. Árangurshlutfall íslenskra umsókna er 26%.

Sjá: http://ec.europa.eu/research/fp7/index_en.cfm?pg=health

Áætlun um að draga úr neyslu ávana- og fíkniefna

Evrópuþingið og ráðherraráðið samþykktu á árinu 2007 að koma á fót áætlun um að draga úr notkun ávana- og fíkniefna og auka fræðslu um áhrif þeirra (Drug Prevention and Information Programme). Þessi áætlun er um leið hluti af víðtækari efnisskrá um *Grundvallarréttindi og réttlæti* (Fundamental Rights and Justice) fyrir tímabilið 2007-2013. Á þessum grundvelli er jafnframt verið að vinna að gerð sérstakrar aðgerðaáætlunar fyrir tímabilið 2009-2012.

Frá og með árinu 2008 er Ísland orðið aðili að áætluninni ásamt þeim öðrum EFTA-ríkjum sem eiga aðild að EES-samningnum. Á fundi sem haldinn var 30. september sl. í Brussel kom fram að framkvæmdastjórn ESB mun á árinu 2009 verja 3 milljónum evra til fjármögnunar verkefna innan ramma áætlunarinnar.

Evrópska vöktunarmiðstöðin á sviði ávana- og fíkniefnamála (European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction eða EMCDDA) birti í nóvember ársskýrslu sína um stöðu ávana- og fíkniefnamála í Evrópu.

Sjá: http://ec.europa.eu/health/ph_determinants/life_style/drug/keydo_drug_en.htm

Evrópa fyrir sjúklinga

Androulla Vassiliou, framkvæmdastjóri heilbrigðismála hjá ESB, ýtti í lok september úr vör herferðinni Evrópa fyrir sjúklinga. Aðgerðirnar, sem standa yfir í 6-9 mánuði, munu ná til fjölda verkefna sem öll hafa að markmiði að bæta heilbrigðisþjónustu í Evrópu allri. Meðal helstu verkefnaflokka eru:

- Heilbrigðisþjónusta yfir landamæri
- Sjaldgæfir sjúkdómar
- Heilbrigðisstarfsfólk
- Öryggi sjúklinga
- Líffæragefing og ígræðsla líffæra
- Krabbameinsvarnir
- Bólusetningar
- Skynsamleg notkun sýklalyfja
- Geðheilbrigði

Sjá nánar: http://ec.europa.eu/health/phn_efp_en.htm

Sjaldgæfir sjúkdómar

Framkvæmdastjórn ESB samþykkti í nóvember orðsendingu (COM(2008) final) og tillögur til ráðherraráðsins (COM(2008) 726 final) varðandi sjaldgæfa sjúkdóma þar sem lagt er til að mótuð verði yfirgripsmikil stefna sem náði til sjúkdómsgreiningar, meðferðar og umönnunar þeirra sem þjást af þessum sjúkdómum.

Sjaldgæfir sjúkdómar eru skilgreindir sem sjúkdómar með lágt algengi sem hafi ekki áhrif á heilsu fleiri en 5 af hverjum 10.000 íbúum í Evrópu. Í dag er talið að finna megi á bilinu 5.000 til 8.000 sjaldgæfa sjúkdóma sem ógni heilsu 6-8% íbúa álfunnar einhvern tíma á lífsleiðinni. Margir þessir sjúkdómar eru erfðafræðilegs eðlis, aðrir eru sjaldgæfir krabbameinssjúkdómar, enn aðra má rekja til bresta í ónæmiskerfinu, meðfædd vansköpun af ýmsu tagi er einn flokkur, eitranir og smitsjúkdómar eru svo meðal margra annarra sjúkdómsflokka þar sem rætur þessara sjúkdóma liggja.

Talið er að evrópsk samvinna á þessum sviðum geti átt sinn þátt í að samhæfa nýtingu fjármuna og þekkingar í glímuni við sjaldgæfa sjúkdóma. Sameiginlegar aðgerðir geti auðveldað bæði fagfólki og sjúklingum samstarf þvert yfir landamæri og þannig stuðlað að útbreiðslu þekkingar og upplýsinga um þessa sjúkdóma. Í aðgerðum sínum við að hrinda orðsendingunni í framkvæmd mun framkvæmdastjórnin njóta fulltingis Ráðgjafarnefndar ESB um sjaldgæfa sjúkdóma (EUACARD). Sú nefnd nýtur aðstoðar sérstakrar vísindaskrifstofu og um leið er þessi vinna hluti af heilbrigðisáætlun ESB.

Sjá: http://ec.europa.eu/health/ph_threats/non_com/docs/rare_com_en.pdf
http://ec.europa.eu/health/ph_threats/non_com/docs/rare_rec_en.pdf

Rannsóknir á HIV/alnæmi, malaríu og berklum

Dagana 13.-14. nóvember stóð framkvæmdastjórn ESB fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Brussel um hiv/alnæmi, malaríu og berkla. Einkunnarorð ráðstefnunnar voru Viðfangsefni framtíðarinnar - rannsóknir á HIV/AIDS, malaríu og berklum (Challenges for the future - research on HIV/AIDS malaria and tuberculosis). Markmið ráðstefnunnar var að stuðla að því að þeim fjármunum sem ESB ver til rannsókna verði í ríkara mæli beint að því að draga úr og hefta útbreiðslu sjúkdóma sem rekja má til fátæktar í heiminum. Mikilvægt var talið að leggja betur línurnar varðandi stefnumótun í rannsóknum innan ramma sjöundu rannsóknaráætlunarinnar og jafnvel forgangsraða til lengri tíma en sú áætlun nær til.

Augljóst þykir að ESB þarf að starfa nánar með Aljóðaheilbrigðismálastofnuninni og öðrum alþjóðastofnunum, svæðisstofnunum, frjálsum félagasamtökum og ríkjum heimsins til þess að

meiri árangri verði náð í baráttunni við HIV/alnæmi, malaríu og berkla. Dæmi eru þó um vel heppnað samstarf milli 14 aðildarríkja ESB og 40 Afríkulanda á sviði klínískra prófana við meðhöndlun umræddra sjúkdóma, svonefnt EDCTP-verkefni (European and Developing Countries Clinical Trials Partnership).

Sjá: http://ec.europa.eu/research/health/infectious-diseases/poverty-diseases/event-brussels-13nov_en.html
<http://www.feast.org/articles/?ID=1066>

Aukið öryggi sjúklinga

Framkvæmdastjórn ESB samþykkti 15. desember sl. orðsendingu og tillögu til ráðherraráðsins um öryggi sjúklinga. Á hverju ári verða 8-12% af þeim sjúklingum, sem lagðir eru inn á sjúkrahús í löndum ESB, fyrir einhvers konar skaða sem rekja má til meðhöndlunar eða umhverfis, þar af eru svonefndar sjúkrahússýkingar mest áberandi. Hægt er að koma í veg fyrir mikið af þessu heilsutjóni með markvissum aðgerðum í hverju landi fyrir sig og sameiginlegu átaki að auknu öryggi sjúklinga.

Algengustu skaða í heilbrigðisþjónustunni má rekja til sýkinga, rangra eða síðbúinna sjúkdómsgreininga, mistaka í skurðaðgerðum og rangrar lyfjagjafar. Oft er um að ræða atvik sem rekja má til margra þátta sem saman geta valdið sjúklingum tímabundnu eða langvarandi heilsutjóni. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar er mælt með yfirgripsmikilli nálgun til þess að auka öryggi sjúklinga. Aðildarríkin eru hvött til þess að grípa til aðgerða sem hafa það að markmiði að kom í veg fyrir eða hafa stjórn á frávikum í heilbrigðisþjónustunni. Athyglinni eigi að beina að þeim kerfisbundnu og skipulagslegu mistökum sem valda sjúklingum mestu heilsutjóni.

Sjá: http://ec.europa.eu/health/ph_systems/patient_eu_en.htm

Samræmdar reglur um líffæragjöf, flutninga og ígræðslu

Þann 8. desember sl. samþykkti framkvæmdastjórn ESB tillögu að tilskipun um gæðaviðmið og öryggi líffæra sem ætluð eru til líffæraflutninga eða ígræðslu. Áformað er að styrkja líffæragjafar- og líffæraflutningakerfi í Evrópu í samvinnu við aðildarríkin. Í aðgerðaáætlun, sem er til 6 ára eða tímabilsins 2009-2015, hafa verið tilgreindar alls tíu forgangsaðgerðir.

Bakgrunnur þessara tillagna er orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 31. maí 2007 um líffæragjöf og líffæraflutninga. Á grundvelli sjónarmiða ýmissa aðila og mats á raunhæfum valkostum eru nú settar fram uppástungur um aðgerðir jafnt af hálfu ESB sem og aðildarríkjanna. Tilgangurinn er að fjölga hugsanlegum líffæragjöfum og tryggja gæði og öryggi þeirra leiða sem farnar eru við útvegum líffæra.

Skortur á líffærum er sá þáttur sem hvað mest áhrif hefur á skipulag líffæragjafa. Í Evrópu eru nærri 56.000 sjúklingar á biðlistum. Dánartíðni meðal þeirra sem bíða eftir hjarta, lifur eða lunga er á bilinu 15-30%. Tíðni líffæragjafa og framboð á líffærum er breytileg frá einu landi til annars í Evrópu og ræðst það mikið af því hvernig haldið er á þessum málum í hverju landi fyrir sig.

Sjá: http://ec.europa.eu/health/ph_threats/human_substance/oc_organs/oc_organs_en.htm

Heilbrigðisþjónusta yfir landamærin

Í júlíbyrjun samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögu sem miðar að því að auðvelda íbúum Evrópu að sækja lækniþjónustu til annarra landa innan sambandsins, auk orðsendingar um aukið samstarf aðildarríkjanna á þessu sviði. Þrátt fyrir að nokkrir úrskurðir Evrópudómstólsins staðfesti að sáttmálinn um Evrópusambandið veiti einstaklingum rétt til þess að leita sér heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki og fá hana greidda í heimalandinu, er enn til staðar almenn óvissa um lagalegar forsendur þess að geta nýtt sér þennan rétt. Tilgangur framkvæmdastjórnarinnar með tillögunni er að skapa lagaleg skilyrði fyrir þessum rétti. Verði tilskipunin samþykkt af ráðherraráðinu og Evrópuþinginu mun hún skapa ramma fyrir heilbrigðisþjónustu yfir landmæri á öllu EES-svæðinu.

Fyrsta umræða um tillögu að tilskipun um rétt til að sækja heilbrigðisþjónustu til annarra ríkja innan ESB fór fram í Evrópuþinginu fimmtudaginn 25. september. Þar komu fram mjög skiptar skoðanir á ágæti tillögunnar. Sumir þingmenn héldu því fram að hér væri um að ræða valkost fyrir sjúklinga þegar t.d. biðlistar væru langir og viðeigandi tæki væru ekki til staðar. Heilbrigðismálin yrðu áfram mál hvers ríkis fyrir sig en samstarf myndi efla heilbrigðisþjónustuna í heild og í hverju ríki fyrir sig. Aðrir þingmenn töldu að hér væri um markaðsvæðingu að ræða að bandarískri fyrirmynd. Verið væri að koma upp tvenns konar kerfi, annars vegar fyrir hina ríku og hins vegar fyrir hina fátæku. Á fundi ráðherraráðsins 16. desember sl. komu einnig fram skiptar skoðanir á tillögunni og þá sérstaklega hvernig standa bæri að framkvæmd hennar. Sýnt þykir að langtímameðferð sjúklinga muni falla utan ramma tilskipunarinnar. Ráðherraráðið mun næst fjalla um tillöguna á fundi sínum 8.- 9. júní 2009.

Sjá: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2008:0414:FIN:EN:PDF>

Grænbók um heilbrigðisstarfsfólk

Framkvæmdastjórn ESB stóð fyrir ráðstefnu sem haldin var í Brussel 10. desember sl. í tengslum við samþykkt og útgáfu Grænbókar um heilbrigðisstarfsfólk. Ráðstefnan markaði jafnframt upphaf samráðs um þetta málefni og er um leið hluti af herferðinni „Evrópa fyrir sjúklinga“, sem ýtt var úr vör á haustdögum. Skipuleggjendur ráðstefnunnar lögðu áherslu á að heilbrigðiskerfi í Evrópu standi nú frammi fyrir mörgum krefjandi og örgrandi viðfangsefnum. Fólk lifir lengur en áður, ný tækni býður upp á viðtækari og oft dýrari meðhöndlun. Ný heilsufarsvandamál koma til sögunar og önnur birtast á ný og kröfur um aðgengi að bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu fara vaxandi.

Tilgangurinn með Grænbókinni er að gera málefni heilbrigðisstarfsfólks sýnilegri, vekja áhuga stjórnenda og sérfræðinga á viðfangsefnum heilbrigðisþjónustunnar og hvetja alla hlutaðeigandi til umræðu um þessi mál. Þannig að þeir sem eru í forsvari fyrir heilbrigðismál á hinum ýmsu stigum í Evrópu allri verði hæfari og betur undir það búnir að fást við erfið og krefjandi vandamál í framtíðinni.

Sjá: http://ec.europa.eu/health/ph_systems/workforce_en.htm

Fjarlækningar (Telemedicine)

Framfarir í fjarskiptatækni sem bjóða upp á rafrænar gagnasendingar, hafa leitt til hagnýtingar fjarlækninga eða fjarlækniþjónustu innan heilbrigðisþjónustunnar. Markmið fjarlækninga er að auka bæði aðgengi heilbrigðisstarfsfólks og sjúklinga að sérhæfðri þjónustu. Annars vegar með ráðgjöf sérfræðinga til lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks byggða á gögnum um sjúkling, og hins vegar er hægt að veita sjúklingum viðtöl og stundum meðferð gegnum gagnvirk fjarsamskipta.

Í byrjun nóvember sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér orðsendingu um fjarlækningar. Þar er vakin athygli á því að fjarlækningar geti komið sér vel fyrir sjúklinga jafnt sem heilbrigðisstarfsmenn. Eldri borgurum fjölgar og þeir verða hlutfallslega fleiri á komandi áratugum. Jafnframt býr vaxandi hluti eldri íbúa álfunnar við langvinna sjúkdóma. Fjarlækningar geta því komið að góðum notum fyrir þennan þjóðfélagshóp, sérstaklega fyrir þá sem búa í dreifbýli þar sem aðgengi að sérfræðipjónustu er ekki hið sama og í borgunum.

Markmið orðsendingarinnar er að styrkja og hvetja aðildarríki ESB til þess að flétta fjarlækningar markvisst inn í heilbrigðisstarfsemina þar sem við á og gera þær að sjálfsögðum og viðurkenndum hluta heilbrigðisþjónustunnar. Áherslan er lögð á að fá fólk til þess að viðurkenna og samþykkja fjarlækningar, setja þeim skýran lagaramma og leysa ýmis tæknileg vandamál, þannig að fjarlækningar geti nýst sem best fyrir íbúa Evrópu.

Sjá:

http://ec.europa.eu/information_society/activities/health/docs/policy/telemedicine/commn_tel_emedicine_en.pdf

Gagnkvæm viðurkenning menntunar

Einn þáttur í framkvæmd EES-samningsins snýr að gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum fagfólks, m.a. í heilbrigðisþjónustunni. Sú starfsemi á sér stoð í 30. gr. EES-samningsins og Viðauka VII við samninginn, sem gengur undir heitinu „Recognition of Professional Qualifications”. Tilgangurinn er að tryggja frjálsa för fólks, rétt til þess að velja sér búsetu og frelsi til að starfa hvar sem fólk vill innan EES-svæðisins. Sérstakur sérfræðingahópur starfar á vegum EFTA til þess að tryggja réttindi EES-borgara á þessu sviði og hafa verkefni hans vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum. Helstu verkefni síðustu ár hafa snúið að innleiðingu nýlegrar tilskipunar um viðurkenningu prófskírteina (tilskipun 2005/36/EC). Fulltrúar ráðuneyta heilbrigðis- og menntamála taka virkan þátt í þessu samstarfi og náið samráð er milli ráðuneytanna um innleiðingu og framkvæmd þessa þáttar.

Á fundi vinnuhópsins 8. október 2008 var undirstrikað að mikilvægt væri að tilskipun 2005/36/EC verði innleidd sem fyrst í löggjöf EES/EFTA-landanna. Af Íslands hálfu var þess getið að þegar lægi fyrir frumvarp til laga um viðurkenningu menntunar og prófskírteina og væri búist við því að það yrði afgreitt á yfirstandandi þingi. Sömuleiðis var mælt til þess að löndin tækju sig á í að senda upplýsingar vegna uppfærslu á gagnagrunnum er varða tilskipun 2005/36/EC og þátttöku sérfræðinga í nefndum og vinnuhópum. Spurt var um þátttöku og stöðu Íslands í sambandi við innleiðingu á samskiptakerfinu IMI (Internal Market Information System) og kom fram að gerð verður grein fyrir því á næsta fundi. Loks var í lok nóvember 2008 haldið námskeið í Brussel fyrir aðila sem meta menntun og prófskírteini innan EES-svæðisins.

LYFJAMÁL

Áherslur heilbrigðisráðherra

Umbætur á sviði lyfjamála voru meðal forgangsverkefna Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra. Í lok ágúst 2007 heimsótti ráðherrann höfuðstöðvar Evrópusambandsins í Brussel og ræddi lyfjamál við Günter Verheugen, framkvæmdastjóra ESB á sviði lyfjamála (Enterprise and Industry), og Markos Kyprianou, þáverandi framkvæmdastjóra ESB á sviði heilbrigðismála. Ráðherrann lýsti áhyggjum sínum af stöðu lyfjamála á Íslandi og færði rök

fyrir því að samkeppnisaðstaða og lyfjaframboð væri nú sennilega verri en fyrir aðild Íslands að evrópska efnahagssvæðinu. Það væru einfaldlega fleiri hindranir í vegi frjálsrar verslunar með lyf milli Evrópulanda en í viðskiptum með aðrar vörur og ætti þetta sérstaklega við smærri markaðssvæði í Evrópu. Þessum sjónarmiðum hefur síðan ítrekað verið komið á framfæri við forsvarsmenn og sérfræðinga framkvæmdastjórnar ESB.

Lyfjavettvangur ESB

Evrópusambandið starfrækti um þriggja ára skeið, eða á tímabilinu 2005-2008, umræðuvettvang um lyfjamál (Pharmaceutical Forum). Þar komu saman fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna, EFTA, lyfjaframleiðenda og annarra hagsmunaaðila. Meginmarkmiðið var að stuðla að bættu almennu heilsufari og framþróun á sviði lyfjamála. Ísland tók virkan þátt í starfsemi vinnuhópa sem störfuðu á vegum Lyfjavettvangsins og kom jafnframt sínum sjónarmiðum á framfæri gegnum EFTA, en framkvæmdastjóri EFTA Kåre Bryn sótti fundi vettvangsins.

Af Íslands hálfu var sérstaklega vakin athygli á þeim vanda sem minni markaðssvæði á Evrópska efnahagssvæðinu eiga við að glíma varðandi verð og framboð á lyfjum. Hugmyndir voru uppi um að framlengja starfsemi Lyfjavettvangsins en rétt þótti að bíða með að taka afstöðu til þess fram yfir kosningarnar til Evrópuþingsins og myndun nýrrar framkvæmdastjórnar á næsta ári. Á lokafundi vettvangsins í Brussel í byrjun október voru þess í stað samþykktar ítarlegar tillögur í lyfjamálum sem aðildarríkjunum og öðrum þátttakendum í starfi lyfjavettvangsins er ætlað að hafa að leiðarljósi næstu misserin. Sjá: http://ec.europa.eu/pharmaforum/index_en.htm

EES-lyfjapakinn

Frá árinu 2000 hefur staðið yfir umfangsmikil endurskoðun á lyfjareglum ESB. Tvær nýjar tilskipanir voru settar árið 2001, nr. 2001/82/ESB og nr. 2001/83/ESB, sem var ætlað að bæta ferli við markaðssetningu lyfja og auka um leið samkeppnishæfni evrópska lyfjaiðnaðarins á heimsvísu. Árið 2004 samþykkti Evrópusambandið tvær tilskipanir og eina reglugerð sem var ætlað að ná fram enn frekari framþróun lyfjamála á innri markaði ESB (sjá tilskipanir 2004/27/ESB og 2004/28/ESB). Breytingarnar hafa gengið undir nafninu **Lyfjapakinn**.

EFTA-skrifstofan hefur staðið fyrir mikilli vinnu, í samstarfi við sérfræðinga landanna, við að meta upptöku tilskipananna í EES-samninginn og var tillaga þess efnis send til framkvæmdastjórnarinnar 18. nóvember sl. Er þess vænst að hægt verði að leggja málið fyrir sameiginlegu EES-nefndina á fyrri hluta ársins 2009 þannig að fljótlega verði unnt að hefjast handa við að innleiða lyfjapakinn í löggjöf EFTA-landanna.

Nýr lyfjapakki

Þann 11. desember sl. samþykkti framkvæmdastjórn ESB eina orðsendingu og þrjár lagatillögur í lyfjamálum sem nú fara til umfjöllunar á Evrópuþinginu og í ráðherraráðinu. Saman mynda umræddar tillögur nýjan lyfjapakka sem gera má ráð fyrir að verði tekinn upp í EES-samninginn, og þar með íslenska lyfjalöggjöf, þegar niðurstaða ESB liggur fyrir. Tillögurnar miða líkt og fyrri lyfjapakkar ESB að því að tryggja að evrópskir borgarar geti notið góðs af samkeppnishæfum lyfjamarkaði sem sjái þeim fyrir öruggum, áhrifaríkum og aðgengilegum lyfjum.

Í orðsendingunni er fjallað um nýlega skýrslu yfirmanna lyfjastofnana í Evrópu og lyfjavettvangs ESB um skort á framboði lyfja á vissum svæðum álfunnar. Þetta á sérstaklega við þar sem heimamarkaðurinn er lítill og lyfjafyrirtækin telja að arðsemi fjárfestinga sé

takmörkuð. Þessar aðstæður geta haft áhrif á almennt heilsufar í einstökum ríkjum og við síðustu endurskoðun á lyfjalöggjöf ESB voru stigin ákveðin skref í því skyni að jafna aðstöðumun í löndunum. Frekari breytingar á regluverkinu eru samt sem áður taldar mikilvægar til þess að bæta ástandið, en að mati framkvæmdastjórnarinnar krefjast þær ítarlegri undirbúnings.

Sjá :http://ec.europa.eu/enterprise/pharmaceuticals/pharmacos/pharmpack_en.htm

Gagnsæi í lyfjamálum

Um árábil hefur verið í gildi tilskipun ESB nr. 89/105/EEC þar sem tilgreind eru ákvæði sem eiga að tryggja gagnsæi aðgerða, sem samþykktar eru af viðkomandi lyfjafyrirvöldum í aðildarríkjunum, í þeim tilgangi að hafa stjórn á lyfjaverðlagningu og niðurgreiðslu lyfja. Þessi tilskipun er venjulega nefnd „Gagnsæistilskipunin” eða „Transparency Directive”. Á vegum framkvæmdarstjórnar ESB og á grundvelli umræddrar tilskipunar starfar sérstök nefnd (Transparency Committee) og vinnuhópur (INFOPRICE Working Group) og koma þessir aðilar saman a.m.k. tvisvar á ári. EFTA-löndunum býðst að taka virkan þátt í þessu starfi og hafa Norðmenn nýtt sér það til fullnustu en íslenskir sérfræðingar hafa sótt einstaka fundi. Mat sérfróðra aðila er að mikilvægt sé að öll EFTA-ríkin nýti þá möguleika sem þátttaka í þessu samstarfi býður upp á.

Sjá: http://ec.europa.eu/enterprise/phabiocom/comp_pip_gar_tp.htm

IÐNAÐAR- OG ORKUMÁL

ORKUMÁL

Tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkulindum

Í janúar 2008 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkulindum. Tilskipuninni er ætlað að leysa af hólmi tvær fyrri tilskipanir, annars vegar tilskipun 2003/30/EB um að auka framleiðslu á lífrænu eldsneyti, sem er ekki hluti af EES samningnum, og hins vegar tilskipun 2001/77/EB um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði, sem þegar hefur verið tekin upp í EES samninginn og innleidd hér á landi.

Evrópuþingið samþykkti breytingar á tillögunni í fyrstu umræðu þann 17. desember og byggjast þær breytingar á samkomulagi við ráðherraráð ESB. Því er gert ráð fyrir að ráðherraráðið samþykki þessar breytingarnar formlega innan skamms. Textann sem Evrópuþingið samþykkti þann 17. desember má finna á:

<http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?type=TA&reference=20081217&secondRef=TOC&language=EN>

Í tilskipuninni eru sett fram bindandi markmið fyrir einstök aðildarríki um aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa og er þeim ætlað að stuðla að því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun sambandsins verði 20% árið 2020 sem og því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum verði 10% af heildarorkugjafa í samgöngum árið 2020. Sérstakt ákvæði er um hvernig reikna skuli út þessi hlutföll og sérviðmið gilda varðandi flugsamgöngur, en þar er miðað við að hlutfall orkunotkunar í flugsamgöngum skuli ekki

verið meira en 6,18% af heildarorkunotkun hvers ríkis og 4,12% fyrir Möltu og Kýpur vegna einangrunar og fjarlægðar frá öðrum ríkjum.

Þá er hverju aðildarríki skylt að gera sérstaka aðgerðaáætlun fyrir endurnýjanlega orku í samræmi við fyrirmynd sem framkvæmdastjórnin mun gefa út á næstunni, en aðgerðaáætlanirnar þarf að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 30. júní 2010, auk þess sem ákveðnar upplýsingar þurfa að vera fyrirbyggjandi hálfu ári áður. Jafnframt þarf hvert aðildarríki frá og með desember 2011 að skila inn sérstakri framvinduskýrslu á tveggja ára fresti.

Meðal þeirra breytinga sem Evrópuþingið og ráðherraráðið samþykktu eru ný ákvæði um tölfraðilegar færslur á orku milli aðildarríkja (statistical transfers), sameiginleg verkefni (joint projects) milli aðildarríkja og við þriðju ríki, og sameiginlegar stuðningsáætlanir aðildarríkja (joint support schemes).

Þessu til viðbótar hefur tilskipunin að geyma ákvæði er varða ýmsa stjórnsýslulega þætti, upplýsingagjöf og upplýsingaöflun stjórnvalda hvað varðar þau svið sem tilskipunin kveður á um. Jafnframt eru ákvæði um að bjóða eigi upp á kennslu, próf og faggildingu fyrir þá iðnaðar- og tæknimenn sem koma að uppsetningu og viðhaldi á hvers kyns búnaði til vinnslu og notkunar á endurnýjanlegri orku.

Í tilskipuninni er einnig að finna sérstök ákvæði um upprunaábyrgð á hitun, kælingu og raforkuframléiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum, þar á meðal heimildir til að gefa út slíkar ábyrgðir, heimildir til að framselja þær, eftirlit o.fl. Nokkrar breytingar hafa orðið á þessum ákvæðum í meðförum Evrópuþingsins og ráðherraráðsins.

Þá er að finna ákvæði um starfsemi flutningskerfa og aðgerðir til að auka aðgengi raforku sem framléidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum að flutningskerfum. Þar er m.a. kveðið á um að aðildarríki skuli tryggja að slík raforka skuli annað hvort hafa forgang (priority access) eða öruggan aðgang (guaranteed access) um flutningskerfi á hinum innri raforkumarkaði bandalagsins.

Einnig er í tilskipuninni að finna fjölmörg ákvæði varðandi lífrænt eldsneyti (biofuels) og aðra lífræna vökva (bioliquids), m.a. um skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til að það teljist vera sjálfbært (sustainability criteria). Lífrænt eldsneyti og lífrænir vökvar sem ekki uppfylla þau skilyrði teljast ekki með í útreikningum fyrir notkun endurnýjanlegrar orku.

Tilskipunin hefur verið til umfjöllunar í vinnuhópi EFTA um orkumál og hélt vinnuhópurinn sérstakan fund með framkvæmdastjórninni um málið í lok janúar 2009, en ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort tilskipunin falli undir EES-samninginn. Iðnaðarráðuneytið hefur látið greina upphaflegu tillöguna og hugsanleg áhrif hennar á innlenda hagsmuni, og verið er að skoða breytingarnar sem Evrópuþingið og ráðherraráðið hafa samþykkt.

Tillögur til að auka samkeppni á orkumarkaði (þriðji orkupakkinn)

Í september 2007 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur sem ætlað er að auka enn frekar samkeppni á orkumarkaði. Tillögurnar, sem hafa verið nefndar þriðji orkupakkinn, fela í sér ítarlegri útfærslu á núgildandi löggjöf í orkumálum, með breytingu á tilskipun um sameiginlegar reglur fyrir innri raforkumarkað, tillögu um að sett verði upp sérstök stofnun fyrir samstarf eftirlitsaðila, tillögu varðandi raforkuviðskipti milli landa og tvær tillögur varðandi gasmarkaðinn.

Á fundi orkumálaráðherra ESB þann 10. október náðist pólitískt samkomulag um helstu efnisatriði þriðja orkupakkans. Helsta deiluefnið snerist um aðskilnað á eignarhaldi flutningskerfa frá samkeppnisstarfsemi, en þar var samþykkt að leggja til nýjan valkost, sjálfstæða flutningsaðila (independent transmission operators). Á grunni samkomulagsins var síðan sameiginleg afstaða (common position) ráðherraráðsins samþykkt formlega 12. janúar 2009 og gert er ráð fyrir að önnur umræða um málið í Evrópuþinginu fari fram í mars eða apríl 2009. Náist samkomulag milli þingsins og ráðherraráðsins um endanlegan texta, m.a. varðandi sjálfstæða flutningsaðila, ætti orkupakkinn að verða endanlega samþykktur á fyrri hluta ársins 2009. Tengla á textana sem ráðherraráðið samþykkti má finna á vefslóðinni: <http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=PRES/09/5&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

Endurskoðun orkustefnunnar

Þann 13. október lagði framkvæmdastjórn ESB fram viðamiklar tillögur um nýja stefnumótun á sviði orkumála (second strategic energy review), sem ætlað er að auka orkuöryggi í Evrópu og styðja við markmið ESB í loftslagsmálum. Markmiðið er að byggja upp samstöðu í orkumálum (energy solidarity) meðal aðildarríkjanna og marka nýja stefnu um dreifi- og flutningskerfi (energy network”) til að hvetja til fjárfestinga í skilvirkari og umhverfisvænni kerfum.

Fyrsta forgangsmálið sem tilgreint er í stefnumótuninni er að samþykkja og framkvæma hratt aðgerðir til að ná markmiðunum sem leiðtogarráð ESB samþykkti árið 2007, um 20% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og 20% hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í endanlegri orkunotkun fyrir 2020. Lofslagspakinn sem ráðherraráðið og Evrópuþingið samþykktu í desember 2008 mun gegna mikilvægu hlutverki í því sambandi og stuðla að stöðugra og gagnsærra umhverfi fyrir nýjar fjárfestingar á sviði orkumála.

Annað forgangsmálið er að stuðla að auknu orkuöryggi í Evrópu, með hliðsjón af því hversu mikið ríki ESB eru háð innflutningi á orku. Sett er fram ný aðgerðaáætlun um orkuöryggi og samstöðu þar sem tilgreind eru fimm svið þar sem frekari aðgerða er þörf til að tryggja öruggt, sjálfbært orkuframboð, auk þess sem framkvæmdastjórnin skoðar helstu áskoranir sem Evrópa mun standa frammi fyrir milli 2020 og 2050. Jafnframt er lagður fram pakki með tillögum um orkunýtni sem ætlað er að stuðla að orkusparnaði á mikilvægum sviðum. Þá hyggst framkvæmdastjórnin árið 2009 framkvæma ítarlegt mat á aðgerðaáætlun fyrir orkunýtni sem sett var fram árið 2006.

Aukna áherslu á að leggja á orkumál í alþjóðlegum samskiptum sambandsins, sem og á aukið samráð aðildarríkjanna varðandi samskipti við þriðju ríki á sviði orkumála. Einnig er lögð mikil áhersla á auknar fjárfestingar í flutnings- og dreifikerfum til að auka orkuöryggi og fjallað ítarlega um þau mál í sérstakri grænbók (Green Paper on energy networks). Samráðsferli vegna grænbókarinnar stendur nú yfir og hægt er að senda athugasemdir varðandi efni hennar til framkvæmdastjórnarinnar til 31. mars.

Lögð eru fram yfir 30 bakgrunnsskjöl og tillögur til að styðja við framangreindar aðgerðir, þar á meðal tillögur sem eiga að stuðla að aukinni orkunýtni á ýmsum sviðum og styrkja gildandi löggjöf um orkunýtni bygginga og vörur sem nýta orku. Loks er í tillögunum fjallað sérstaklega um olíubirgðahald, kjarnorku og vindorku.

Nánari upplýsingar:

http://ec.europa.eu/energy/strategies/2008/2008_11_ser2_en.htm

LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARÚTVEGSMÁL

LANDBÚNAÐUR

Hin almenna landbúnaðarstefna ESB

Hin almenna landbúnaðarstefna Evrópusambandsins á sér enn sem fyrr meginstoð það samkomulag sem náð var árið 2003. Samkomulagið (Reform 2003) var byggt á tillögum framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á Agenda 2000 er markaði stefnu ESB í landbúnaðarmálum.

Aðalmarkmið framkvæmdastjórnarinnar þá var að hverfa frá framleiðslutengdum styrkjum í landbúnaði og greiða þá almennt án markaðstruflandi áhrifa s.s. með hliðsjón af umhverfisþáttum, dýravernd og heilbrigði dýra og afurða. Samkomulagið sem náðist var enn fremur byggt á fyrri ákvörðunum ESB um ramma fyrir fjárhagslegan stuðning til landbúnaðarins, sem nær fram til 2013 og var settur fram samhliða og með hliðsjón af samningum við ríki sem öðluðust aðild að Evrópusambandinu árið 2004 og árið 2007.

Einnar-greiðslu kerfi (SPS)

Megineinkenni þessa kerfis frá 2003 er svokallað einnar-greiðslu kerfi (SPS - Single Payment Scheme). Greiðslur til bænda fara fram að mestu leyti sem árleg eingreiðsla og í henni eru sameinaðar hinar ýmsu stuðningsgreiðslur sem bóndinn fékk áður eftir mismunandi styrkjakerfum fyrir hverja búgrein eða afurð. Hið nýja kerfi skal tryggja bændum sveifluminni afkomu með því að rjúfa tengsl opinberra framlaga við framleiðsluna. Framleiðsluávarðanir hvers bónda í þessu kerfi hafa ekki lengur áhrif á hlut hans í framlögum þess opinbera, sem verða því eingöngu teknar með hliðsjón af markaðsþörf fyrir afurðina og því markaðsverði sem hún skilar bóndanum.

Markmið breytinganna árið 2003 voru í meginatriðum þessi:

- Framleiðsluval bænda ráðist af markaði án opinberrar íhlutunar.
- Hvetja til að búskapur verði sjálfbær umhverfislega og efnahagslega.
- Gera landbúnaðarstefnuna einfaldari fyrir bændur og framkvæmdaraðila hennar.
- Styrkja stöðu ESB í samningum um WTO.

Aðildarríkjunum var gefinn allt að 2ja ára frestur til janúar 2007 til að innleiða þær breytingar, sem hófust 1. janúar 2005. Þá eru ákvæði í samningnum um mat og endurskoðun sem á að fara fram eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá því að öll eldri ríki ESB (15) hafa innleitt samninginn, sem er þá í síðasta lagi 2009.

Í október 2006 var samþykkt starfsáætlun um einföldun CAP „Simplification of the Common Agricultural Policy” sem er unnið eftir í dag. Þann 20. nóvember sama ár staðfesti framkvæmdastjórnin ramma um svokallaða “heilbrigðisúttekt” (Health Check) landbúnaðarstefnunnar, sem skal endurmóta hana frá og með árinu 2009 til loka samningsins án þess þó að víkja frá grunni hennar. Innan verkefna rammans falla atriði svo sem loftslagsbreytingar, vatn sem takmörkuð auðlind og lífrænir orkugjafar frá landbúnaði.

Niðurstöður af „Health Check”

Þann 20. nóvember náðu landbúnaðarráðherrar ESB samkomulagi um 'Health Check' pakkann. Helstu atriði sem náðist samkomulag um eru eftirfarandi:

- Mjólkurkvótar

Um þetta var deilt og er niðurstaðan sú að auka mjólkurkvótann árlega næstu fimm árin um 1% frá og með apríl 2009 þar til kvótinn verður afnuminn í apríl 2015 eins og áður hefur verið ákveðið. Ennfremur var samþykkt að hækka viðurlög við umframframleiðslu þannig að fari hún yfir 6% innan ríkis á viðkomandi ári skal álagið vera 50 % hærra en hið almenna álag.

- Nýmótun – „Modulation”

Reform 2003 kveður á um að tiltekinn hluti greiðsla innan landbúnaðarstefnunar verði færður frá Stoð I, sem felur í sér stuðning til bænda til framleiðslu (SPS mfl.), yfir á Stoð II sem felur í sér verkefni sem falla undir svokallaðar áherslubreytingar. Hlutfallið verður hækkað verulega eða í 10% árið 2012 í eftirfarandi skrefum: 7% 2009, 8% 2010, og 9% 2011. Upphaflegar tillögur gerðu ráð fyrir að skerðingin yrði misjöfn eftir styrkþrepum en það fékkst ekki samþykkt þannig að þessi hækking á skerðingu tekur einungis til bænda með landbúnaðarstyrki á bilinu 5,000 til 299,999€ Skerðing til bænda með umfram það í styrk verður 4 %-stigum hærri.

Fjármunum sem losna á þennan hátt skal veitt til nýrra verkefna s.s. vegna loftslagsbreytinga, lífrænna orkugjafa, lífræns fjölbreytileika og vatnsbúskapar. Nýtt er að fjármuninum megi einnig ráðstafa til aðstoðar mjólkurframleiðslugeiranum.

ESB veitir mótframlag til nýmótunar skv. áður sögðu er nemur 75% en 90% á aðlögunar svæðum (convergence regions).

- Afnám framleiðslutengingar – „Decoupling”

Núverandi tengingar milli framleiðslu jarðargróða (arable crops) og framlaga sem standa eftir skv. *Reform 2003* verða afnumdar frá árinu 2010. Þó með þeirri undantekningu að fyrir hnetur, prótein nytjajurtir, hör og hamp gerist það í einu lagi árið 2012.

- Markaðsíhlutun

Mjólkurafurðir: Uppkaupakerfinu er haldið óbreyttu frá ákvörðunum í Reform 2003.

Korn: Uppkaup á brauðhveiti á fullu uppkaupsverði (101,31€) á allt að 3 milljón tonnum árlega skulu fara fram, sem er nýtt. Hætt er markaðsafskiptum af byggi en haldið áfram óbreyttum á durum hveiti og hrísgrjónum.

- “Grein 68”

Hverju ríki er heimilað að ráðstafa allt að 10% af fjármunum þess til eingreiðsna – SFP –. Stuðningnum má ráðstafa með hliðsjón af fyrri ákvæðum sem er að finna í gr. 69 -nú gr. 68. Ráðstafa má 3,5%-stigum framleiðslutengdum. Viðbótargreiðslur skv. gr. 68 má nota þvert á búgreinar en var áður bundið við að fjármunir skiluðu sér til sömu búgreinar. Leyft verður að styðja mjólkurframleiðslu, nautakjötsframleiðslu, kindakjötsframleiðslu og framleiðslu á hrísgrjónum sem efnahagslega viðkvæmar framleiðslugreinar og eins framleiðslugreinar sem eru umhverfislega viðkvæmar.

Nýju aðildarríkin 12 öðlast ekki rétt til áður nefndrar ráðstöfunar fyrr þau fá rétt til SFP útreiknaðan árið 2013. Hinsvegar fá þau til skiptanna 90 milljónir € til verkefna skv. gr. 68

sem verða til ráðstöfunar við að afnema framlög sem til þessa hafa farið til framleiðslu á lífrænum jarðargróða.

- Þróun dreifbýlis

Sérstök framlög eru tekin upp sem tekjustuðningur árin 2011 – 2013 (€4.500 á fyrsta ári og €3.000 og €1.500 þau seinni) fyrir landbúnaðarbyli sem þurfa að fara í aðlögun vegna hinna nýju reglna gegn því að umþóttunaráætlun liggi fyrir. Einkum er þessi stuðningur ætlaður tóbaksframleiðendum sem tapa opinberum stuðningi árið 2010. Enn fremur eru gerðar breytingar vegna áætlana um þróun dreifbýlis sem leyfa fjárfestingarstyrki til mjólkurgeirans til viðbótar víðtækum möguleikum til stuðnings mjólkurframleiðenda við aðlögun að breytingum á mjólkurkvótum og möguleikum hvikulleika í mjólkurverðum við afnám kvótans.

- Einföldun á framkvæmd CAP

SFP greiðslur skulu takmarkaðar við að lágmarki €250 árlega og 1,0 ha lands á styrkþega. Frá því eru leyfð frávík t.d. vegna Grikklands sem má setja 0.3 hektara þröskuld til að koma í veg fyrir að allt of margir smábændur verði án möguleika á stuðningi en á sama hátt mega mörkin vera hærri sbr. Danmörk sem mun miða við 4 ha.

Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir - endurskoðun

Nýr samningur um framkvæmd 19. gr. EES samningsins um endurskoðun viðskiptaávilnana með óunnar landbúnaðarafurðir kom til framkvæmda á fyrri hluta árs 2007. Hann fól í sér í aðalatriðum gagnkvæmar niðurfellingar á tollum afskorinna blóma og plantna, ótímabundnar heimildir til tollfrjáls innflutnings til Íslands á agúrkum, tómötum, papriku og káli fyrir Evrópusambandslöndin. Niðurfellingu tolla af öllum útflutningi Íslands á hestum til Evrópusambandslandanna og aukin kvóta við útflutning lambakjöts og auk þess nýjan kvóta á smjöri, skyri og pylsum fyrir Ísland. Á móti fékk ESB ámóta magn í kvótum af nautgripakjöti, svínakjöti, kjúklingakjöti, rjúpum, pylsum, sérupprunamerktum afurðum, ostum og kartöflum. Samkvæmt ákvæðum EES samningsins er gert ráð fyrir að endurskoðun viðskiptaávilnana með óunnar landbúnaðarafurðir gerist reglulega, sem var undirstrikað í þessu samkomulagi. Óformlegar umræður hófust á fyrri hluta ársins 2008 um framkvæmd samningsins og um möguleika á endurskoðun hans. Biðstaða er í þessu máli um sinn einkum vegna efnahagsörðugleika á seinni hluta ársins.

Bókun 3 – endurskoðun

Á grundvelli óska framkvæmdastjórnarinnar í lok árs 2006 um endurskoðun á viðskiptaávilnunum skv. bókun 3, hafa farið fram samningaviðræður milli ESB og Íslands um endurskoðun bókunarinnar. Norskum stjórnvöldum var kynnt á fyrri hluta árs 2008 staða samningsumleitana Íslands og ESB og kannað hvort þau vildu koma að samningaferlinu, sem þau höfnuðu á sömu forsendum og þau gerðu við upphaf samningaferilsins. Norðmenn telja að samningurinn á því formi og með því efnisinnihaldi sem er, þjóni vel hagsmunum allra aðila og þurfti ekki endurskoðunar við að svo komnu máli. Ísland og ESB hafa kynnt hvort öðru gagnkvæmar óskir og tilboð sem hefur dregist að taka afstöðu til vegna efnahagsörðugleika á seinni hluta ársins.

Lífrænn landbúnaður

Í júní árið 2007 var birt reglugerð ráðherraráðsins (EC) No 834/2007 um lífræna framleiðslu, og merkingar lífrænna afurða, sem felldi úr gildi reglugerð 2092/1991 um sama efni. Reglugerð 834/2007 var unnin af ráðherraráðinu og enginn aðgangur fyrir Ísland og Noreg að koma að vinnslu hennar á fundum á vegum þess. Kynningarfundur var haldinn á vegum

EFTA þann 28. nóvember 2006 með fulltrúum frá framkvæmdastjórninni, sem kynntu drög sem lágu fyrir á þeim tíma. Meðal atriða voru ákvæði sem bönnuðu notkun á grindum í búpeningshúsum við lífræna framleiðslu, sem Ísland gerði athugasemd við á þeim tíma. Í framhaldi af þessari lagasetningu hefur framkvæmdastjórnin unnið að tillögum að nýrri reglugerð um reglur við innleiðingu reglugerðar 834/2007 með tilliti til lífrænnar framleiðslu, merkinga og eftirlits. Í júní 2008 voru tillögur að þessum reglum afgreiddar og samþykktar af fastanefnd framkvæmdastjórnarinnar um lífrænan búskap. Í reglunum eins og þær voru samþykktar er m.a. að finna útfærsla á áður nefndu atriði um búpeningshús í grein 11 sem segir að „*livestock housing shall have smooth, but not slippery floors. At least half of the indoor surface area as specified in Annex III shall be solid, that is, not of slatted or of grid construction*” Einnig er í þeim að finna í viðauka V lista yfir fódurefni sem má nota við lífræna framleiðslu og um takmarkanir á notkun fódurefnanna, sem geta átt við skv. ákvæði í 22. gr. reglugerðarinnar. Þannig er notkun á fiskafurðum sem fóður við lífræna framleiðslu einungis leyfð séu þær fengnar með sjálfbærum veiðum. Þá er enn fremur sett sú takmörkun á notkun þeirra sem fóður að einungis er heimilt að fódra önnur dýr en grasbíta á fiskimjöli eigi afurðirnar að teljast lífrænt ræktaðar. Þessar reglur eru því þrengri en „TSE reglugerðin” 999/2001 hvað þetta varðar, sem bannar notkun á fiskimjöli í fóðri jörturdýra annarra en ungra dýra. Hér er því gengið vísitandi lengra af SCOF⁹ en SCFAH¹⁰ gerir. Leitað verður staðfestingar ráðherraráðsins í framhaldi af þessari samþykkt fastanefndarinnar en stefnt er að því að reglugerðin taki gildi í byrjun árs 2009.

Lífræn framleiðsla lagardýra og gróðurs.

Framkvæmdastjórnin hefur unnið að því að fella búskap með vatnadýr og vatnagróður undir reglur um lífræna framleiðslu. Reglurnar skulu ná til framleiðslu í fiskeldi, eldi lindýra og öflun á þangi og þara. Þær fjalli um m.a. aðbúnað, ræktun, fóður, lyfjanotkun og flutning á lifandi fiski og þéttleika í kerjum við framleiðslu. Tæknilegar lýsingar verður að finna í viðaukum. Rík áhersla verður lögð á sjálfbærni framleiðslu s.s. við uppskeru á þara og þangi og öflun fódurs til lífrænnar framleiðslu.

Gerðar verða breytingar á reglugerð 889/2008 um lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit mfl. og lífræn framleiðsla lagardýra og á þangi (seaweed) tekin inn. Gert er ráð fyrir að tillögurnar verði afgreiddar á fyrri hluta ársins 2009.

Súnósur

Í matvælaöggjöf, reglugerð 178/2002, er lögð áhersla á að takmarka eftir föngum að sjúkdómar berist frá dýrum í fólk, svonefndar súnósur. Um er að ræða sjúkdóma svo sem BSE/TSE (*bovine/transmissible spongiform encephalopatier*), salmonella, campýlóbakter og MRSA (*Methicillin-resistant Staphylococcus aureus*). Gerðar hafa verið og eru í gangi kannanir á mengun af salmonellu í afurðum alifugla og svína, sem upphaf á mögulegri setningu reglna um takmarkanir á sölu þessara afurða sé mengun af salmonellu möguleg.

BSE/TSE

Frá því að ESB hóf lagasetningu til varnar riðuveiki um mitt ár 1989, hefur verulegur árangur í vörnum og fækkun sjúkdómstilfella náðst. Varnaraðgerðir náðu hámarki árið 2001 með setningu reglugerðar 999/2001, sem m.a. leiddi til þess að bann var sett við notkun á dýramjöli í fóður þ.e. kjöt- og beinamjöli og fiskimjöli. Megintilgangur lagasetningarinnar hefur verið að fækka sjúkdómstilfellum í dýrum og koma í veg fyrir möguleika á að smit bærst í fólk, sem m.a. hefur verið fólgið í að tiltekni áhættuvefir við slátrun jörturdýra eru

⁹ Standing Committee on Organic Farming

¹⁰ Standing Committee on the Food Chain and Animal Health

fjarlægðir og þeim eytt. Um mitt ár 2005 samþykkti framkvæmdastjórnin sk. vegvísir vegna riðumála (TSE Roadmap), sem unnið er eftir. Það hefur leitt m.a. til að leyft er á ný að nota fiskimjöl í fóður annarra dýra en fullorðinna jörturdýra (ung jörturdýr undanskilin) en notkun á kjöt- og beinamjöli af landdýrum er bönnuð áfram. Eitt skref til að rýmka þessi ákvæði hefur verið stigið til viðbótar við að leyft er að nota fóður fyrir jörturdýr, sem í finnst dýraleifar í mjög litlu magni. Hinsvegar er engin hreyfing í þá átt að heimila notkun á fiskimjöli í fódri jörturdýra umfram það sem áður er nefnt.

Salmonella, kampýlóbakter og MRSA

Með tilskipun 2003/99/EC er ákveðið að Matvælastofnun Evrópu (EFSA) hafi eftirlit með og gefi út árlegt yfirlit um dýrasjúkdóma er kunna að berast í fólk (súnósur) þ.á.m. um tíðni og útbreiðslu þeirra. Framkvæmd og form þessa eftirlits þ.m.t. til hvaða sjúkdóma athuganirnar taka, fer eftir ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar hverju sinni. Þetta fyrirkomulag hefur verið í gildi frá árinu 2005. Kannanir á þessum grunni hafa þegar farið fram um tíðni salmonellu í varphænsnabúum og í framhaldi af því settar reglur sem fela í sér að draga skuli úr tíðni salmonellu við framleiðslu eggja. Þá er enn fremur að finna ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/407, sem kveður á um að tíðni súnósumengunar við alifuglaframleiðslu og svínarækt verði vöktuð á samræmdan hátt innan landa ESB.

Á grundvelli þeirrar ákvörðunar (2007/407) hafa verið teknar ákvarðanir um skimun eftir salmonellu og kampýlóbakter á kjúklingabúum og í nýslátruðum kjúklingum (2007/516/EC) og ákvörðun um athugun á tíðni salmonellu og MRSA („Methicillin-resistant Staphylococcus aureus”) í alisvínahjörðum (2008/55/EC). Athuganirnar skulu fara fram í hverju aðildarlandi ESB fyrir sig árið 2009. Framkvæmdastjórnin endurgreiðir meginhluta þess kostnaðar sem löndin verða fyrir.

Á s.l. ári var samþykkt ákvörðun 2007/594/EC sem fól í sér takmarkanir á sölu eggja og á alifuglum innan ESB og ákvörðun 2007/843/EC um takmarkanir við innflutning þessara afurða frá þriðju löndum. Með þeim er bannað að selja fersk egg til neytenda nema að þau komi sannanlega frá búum sem skv. athugunum eru laus við salmonellumengun. Þessi egg skulu auðkennd sem flokkur A. Undir öðrum kringumstæðum skal sérmerkja eggin sem flokk B og þau aðeins seld neytendum að salmonellutegundum, sem eru skaðlegar heilsu manna, hafi verið eytt.

Í 8. gr. reglugerðar 843/2004 um heilbrigði dýraafurða, eru ákvæði sem leyfa að sérstakar tryggingar gegn mengun af salmonellu í alifugla og svínaafurðum og kjöthakki, sem voru samþykktar fyrir Finnland og Svíþjóð við aðild að ESB, megi veita á tilteknum landsvæðum eða í löndum, sem uppfylla sömu skilyrði og áður nefndum löndum er gert. Í júní 2008 var þetta mál til umræðu í fastanefnd framkvæmdastjórnarinnar um öryggi matvæla og heilbrigði dýra (SCFCAH). Framkvæmdastjórnin lagði fram drög að leiðbeiningum um efnislegt innihald og kröfur sem eftirlitsáætlanir sem þessar þurfa að uppfylla. Leiðbeiningarnar sem slíkar eru ekki bindandi að lögum en setja umgjörð um þetta verkefni. Leiðbeiningarnar hafa hlotið efnislega stuðning allra ríkja að undanteknu einu þeirra, sem vildi að sett yrðu sólarlagsákvæði um þetta fyrirkomulag innan ákveðinna tímamarka.

Danmörk ákvað að sækja um áður nefnd réttindi á sl. ári, sem var upphaflega gert ráð fyrir að tækju til eggja og kjúklinga. Vegna neikvæðrar þróunar var horfið frá því að sækja um hvort tveggja en aðeins beðið um sérstaka tryggingu vegna eggja. Vegna andstöðu tiltekinna ríkja í fastanefnd ESB um matvæli og heilbrigðismál dýra hefur tryggingin ekki enn verið veitt og bíður ákvörðunar.

MATVÆLAMÁL

Breytingar á Viðauka I og II við EES samninginn

Þann 26. október 2007 var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með stjórnskipulegum fyrirvara, löggjöf Evrópusambandsins um meginreglur á sviði matvælaöryggis eins og lengi hefur verið stefnt að. Meginstoð matvælastefnunnar er að finna í reglugerð EB nr. 178/2002, um almennar meginreglur og kröfur um matvæli og um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Reglugerðin fjallar einnig um hollustuhætti í matvælaiðnaði og eftirlit með fódri og matvælum og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla auk annarra atriða.

Markmið matvælastefnunnar er víðtæk heilsuvernd. Lagður er grunnur að því að tryggja heilbrigði matvæla og veita hagsmunum neytenda víðtæka vernd með tilliti til matvæla og taka mið af fjölbreyttu framboði matvæla. Með reglugerðum er verið að samræma reglur um matvæli í aðildarríkjunum og tryggja frjálsan flutning öruggra og heilnæmra matvæla. Löggjöfin nær til allra stiga við framleiðslu matvæla; frá framleiðslu matvæla og fódurs til sölu og afhendingar matvæla til neytanda (frá haga til maga) því sérhver hlekkur getur haft áhrif á öryggi matvæla.

Uptaka framangreindrar löggjafar ESB kallaði á endurskoðun á undanþágu Íslands varðandi þá kafla EES samningsins sem varðar dýraafurðir þ.e.a.s. Viðauka I og II. Eru því samhliða teknar inn í samninginn fjölmargar gerðir ESB hvað það varðar. Undanþágur sem Ísland hafði skv. þessum viðaukum skulu þó gilda áfram um löggjöf er varðar lifandi dýr önnur en lifandi fisk, nema í nokkrum tilfellum þar sem innleiddar verða gerðir er varða lifandi dýr, sem hafa fyrst og fremst möguleg áhrif á dýraafurðir og öryggi þeirra. Enn fremur var samið um tilteknar undanþágur frá þeim gerðum sem verða yfirteknar. Þannig mun Ísland áfram viðhalda banni á innflutningi á kjöt- og beinamjöli, áfram verður leyfilegt að fódra jörturdýr með íslensku fiskimjöli og reglur ESB um sauðfjárriðu eru aðeins að litlu leyti teknar yfir.

Samið var um að Ísland hefði átján mánuði að afléttum stjórnskipulegum fyrirvara (samþykki Alþingis er forsenda þess) til að innleiða löggjöfina sem varðar landbúnaðarafurðir og aðlaga matvælaframleiðsluna að henni. Á þeim tíma mun Ísland útfæra sérstaka aðgerðaráætlun vegna salmonella í nautakjöti, svínakjöti, alifuglakjöti og eggjum til að viðhalda heimild til að rannsaka ofangreind matvæli m.t.t. salmonellamengunar við innflutning til Íslands og eiga möguleika á að stöðva hann standist hann ekki skoðun.

Löggjöfin sem er verið að innleiða, byggir á þeim grunni að gera lagaumhverfið samræmdara, gegnsærra og heillegra með virku eftirliti í öllu ferlinu ásamt því að efla vísindalegar leiðbeiningar við ákvarðanatöku stjórnvalda og setningu laga. Megin reglugerðir um framkvæmd matvælastefnunnar sem koma til innleiðingar við þessar breytingar eru:

- Reglugerð EB nr. 178/2002 um “almenn ákvæði og reglur í matvælaöryggisstofnun Evrópu og reglur varðandi öryggi matvæla”.
- Reglugerð EB nr. 852/2004 um hollustuhætti í matvælaiðnaði.
- Reglugerð EB nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.
- Reglugerð EB nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.

- Reglugerð EB nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar.
- Reglugerð EB nr. 1774/2002 um „heilbrigðisreglur varðandi úrgang frá framleiðslu dýraafurða, sem ekki er til neyslu”.
- Reglugerð EB nr. 999/2001 um “reglur til að fyrirbyggja, hafa eftirlit með og útrýma vissum riðusjúkdómum (BSE/TSE - bovine/transmissible spongiform encephalopatier) er enn fremur hluti af öryggisreglum um framleiðslu matvæla sem spratt upp úr því fári sem kúariða olli á kjötmörkuðum ESB og víðar.

Frá 1. janúar 2008 hafa þeir málaflokkar sem varða matvæli verið sameinaðir og falla nú undir verksvið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og sá þáttur matvælamála sem tilheyrði umhverfisráðuneytinu hefur færst þangað yfir. Ljóst er að innleiðing áður nefndra reglugerða felur í sér viðamiklar lagabreytingar á Íslandi. Innleiðing löggjafarinnar bíður staðfestingar Alþingis á frv. það varðandi.

HELSTU STEFNUMÁL ESB Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS ÁRIÐ 2008

Almennt um sjávarútvegsstefnu ESB

Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB er tæki til að stjórna fiskveiðum og fiskeldi og tekur hún til verndar, stjórnunar og nýtingar lifandi auðlinda sjávar, fiskeldis og vinnslu og markaðssetningar fisk- og fiskeldisafurða.¹¹ Einn af hornsteinum sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar er jafn aðgangur að miðum aðildarríkjanna og eru markmið hennar þau sömu og markmið landbúnaðarstefnunnar, þ.e. að auka framleiðni, tryggja sjómönnum sanngjörn lífskjör, stuðla að jafnvægi á mörkuðum, tryggja stöðugt framboð á vörum og að tryggja neytendum sanngjarnt verð.

Það var árið 1970 sem EB tók að setja reglur um sjávarútveg og varð sjávarútvegsstefnan ítarlegri í framhaldi af útfærslu landhelgi aðildarríkjanna árið 1977. Árið 1983 tók hún á sig þá mynd sem hún hefur í raun enn í dag, en þá sömdu aðildarríkin meðal annars um að skipta heildarkvóta helstu fiskistofna á milli sín samkvæmt svokölluðum hlutfallslegum stöðuleika (relative stability). Í því felst að fyrst og fremst er miðað við veiðireynslu sem skip aðildarríkjanna höfðu á árunum 1973-1978 þegar veiðiheimildum er úthlutað, en jafnframt tekið tillit til þarfa svæða sem eru sérstaklega háð fiskveiðum og þeirrar skerðingar á veiðitækifærum sem aðildarríkin urðu fyrir vegna útfærslu lögsögu ríkja utan EB í 200 mílur. Árið 1992 var sjávarútvegsstefnan endurskoðuð og hún mótuð 10 ár fram í tíman eða til ársins 2002 þegar hún var endurskoðuð á ný. Þá náðist ekki samstaða meðal aðildarríkjanna um að hrófla við ákvæðinu um hlutfallslegan stöðugleika en í raun er engin trygging fyrir því að það verði ekki gert síðar. Stefnt er að því að næstu endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni verði lokið fyrir lok árs 2012.

Endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB 2012

Þeir þættir sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar sem varða verndun nytjastofna og stjórnun fiskiskipafлотans eru bundnir endurskoðun fyrir lok árs 2012. Þetta eru einnig þeir tveir þættir sem hafa verið mest gagnrýndir í sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni.

¹¹ Reglugerð ESB nr. 2371/2002, OJ L 358, 31.12.2002

Markmið sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar er að tryggja nýtingu lifandi auðlinda sjávar á þann hátt að tryggð séu sjálfbær, umhverfis og félagsleg skilyrði. Sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni hefur mistekist að ná þessum markmiðum sínum og nú er svo komið að 30% nytjastofna ESB eru nýttir umfram líffræðileg öryggismörk og 80 % nytjastofna ESB eru veiddir umfram hámarks veiðipól (maximum sustainable yield).¹² Fiskiskipaflotinn er ennþá of stór og tækniframfarir hafa aukið afkastagetu skipanna um 2-4% á ári, en þeim ekki fækkað að sama skapi. Þá hefur framboð á hráefni inn á evrópskan markað minnkað.

Framkvæmdastjórnin telur að það sem leitt hafi til þessarar stöðu séu einkum óhóflegir ríkisstyrkir, ónægt eftirlit, tækniframfarir og skortur á pólitískum vilja til að taka á vandamálinu. Eins og Endurskoðunarrétturinn¹³ (Court of Auditors) hefur bent á er eftirlit með fiskveiðum ófullnægjandi og því ekki tekið á of mikilli afkastagetu fiskiskipa ESB.

Ákvarðanir ráðsins um heildaraflamark hafa í mörg ár einkennst af skammtíma, efnahagslegum sjónarmiðum. Nú hefur grafið svo undan langtímasjálfbærni nytjastofnanna að efnahagsleg afkoma evrópskra útgerða er í hættu.

Ákvarðanataka um sjávarútvegs mál er nú óþarflega flókin. Ráðherraráðið tekur bæði ákvarðanir um aðalatriðin og tæknilegar útfærslur á reglum. Markmið stefnunnar eru óljós. Ljóst er að færa þarf ábyrgð til greinarinnar, útgerða og sjómanna. Reglan um hlutfallslegan stöðugleika hefur orðið til þess að ráðherrar aðildarríkjanna reyna að halda í sinn hlut í stað þess að leita alhliða langtímalausna. Loks er það ljóst að uppbyggingasjóðir ESB (Structural funds) hafa ekki verið notaðir á réttan hátt.

Framkvæmdastjórnin telur að þar til endurskoðun stefnunnar verði lokið sé nauðsynlegt að grípa til aðgerða innan ramma núverandi regluverks. Fyrri endurskoðun leiddi til trúverðugri vísindaráðgjafar, aukins samráðs við hagsmunaaðila og viðurkenningar á nauðsyn langtímalausna. Nú hafa verið settar reglur sem eiga að taka á ólöglegum fiskveiðum (IUU), unnið er að nýrri stefnu um brottkast og unnið er að heildarendurskoðun eftirlitskerfisins. Innan núverandi regluverks er því ákveðið svigrúm til að gera betur.

Við núverandi endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar telur framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að stefnan hafi skýr markmið sem raðað verði í forgangsröð, þar sem langtíma vistfræðileg sjálfbærni fiskveiða verði æðsta markmiðið.

Ákvarðanatakan verður að hvetja til þess að leitað sé lausna í samræmi við langtímamarkmið. Hér verður að vera mjög skýrt hvert valdakerfi við ákvarðanatökuna er, þ.e. grundvallaratriði – framkvæmdaatriði – tækniatriði. Ein leið til að koma á slíkum aðskilnaði við ákvarðanatökuna er að færa ákveðið vald til aðildarríkjanna, í samræmi við rammareglur sem ESB myndi setja.

Allir þættir sjávarútvegsstefnunnar verða teknir til skoðunar þ.m.t. reglan um hlutfallslegan stöðugleika. Ljóst er að stuðningur aðildarríkjanna við breytingu á þeirri grundvallarreglu er hverfandi og því engar líkur á því að henni verði hnikað.

Framkvæmdastjórnin telur að atvinnugreinin verði nú sjálf að axla ábyrgð á sjálfbærri nýtingu auðlinda í almannaeigu. Því er nauðsynlegt að finna hvata fyrir greinina til að umgangast

¹² Skv. upplýsingum frá FAO eru um 25% nytjastofna á heimsvísu veiddir umfram MSY.

¹³ Sérstök skýrsla Endurskoðunarréttisins nr. 7/2007, (OJ 2007/C 317/01).

auðlindina á ábyrgan hátt og snúa núverandi ástandi við. Þetta væri hægt með því að tengja hvata eins og langtíma rétt til aðgangs að auðlindinni.

Samtenging réttinda og ábyrgðar vekur einnig upp spurningar um kostnað. Í núverandi kerfi hefur greinin frjálsan aðgang að auðlind í almanna eigu, en kostnaður við stjórn auðlindarinnar er að mestu á herðum skattgreiðenda, ólíkt öðrum atvinnugreinum.

Loks telur framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að taka tillit til svæðisbundinna þátta, t.d. strandsvæða sem byggja afkomu sína að mestu leyti á fiskveiðum, frístundaveiða, frumbyggjaveiða og hlutatvinnuveiða. Með sjálfbærni strandsvæða sem meginmarkmið getur stefna ESB í Málefnum hafsins (Maritime Policy) hjálpað til við að draga úr neikvæðum félagslegum áhrifum af endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar.

Framkvæmdastjórnin stefnir að því grænbók um endurskoðunina verði kynnt í apríl 2009, þar sem vandinn er greindur og tillögur gerðar að úrbótum. Þá fer í gang samráðsferli þar sem hagsmunaaðilar hafa tækifæri til að koma sínum athugasemdum á framfæri. Formlegra tillagna er síðan að vænta árið 2010, þegar ný framkvæmdastjórn hefur tekið við völdum og lagasetningarferlið fer svo í gang árið 2011. Endurskoðuninni á að vera lokið fyrir árslok 2012.

Ólöglegar fiskveiðar (IUU fisheries = Illegal, Unregulated or Unreported fisheries)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði í október 2007 fram tillögu að reglugerð¹⁴ og gaf út orðsendingu¹⁵ um aðgerðir sambandsins gegn ólöglegum fiskveiðum. Byggja hugmyndirnar á þeim aðgerðum sem þegar hafa verið samþykktar á ýmsum svæðisbundnum vettvangi og miða að því að nýta á breiðari grundvelli þau tæki sem þegar hafa skilað árangri sem sértækar aðgerðir. Þannig stendur m.a. til að beita víðar viðskiptaaðgerðum sem undanfarin ár hefur verið beint að ríkjum sem ekki hafa uppfyllt skyldur sínar sem fánaríki í túnfiskveiðum. Áhersla er lögð á að hindra að afurðir ólöglegra veiða komist á markaði innan ESB, án þess að hafa neikvæð áhrif á verslun með löglegar afurðir.

Umtalsverður árangur hefur náðst í Norður-Atlantshafi. Samstarf þjóðanna þar, bæði sín á milli og við fjarlægari þjóðir, hefur m.a. orðið til þess að í ár hafa engin ólögleg skip stundað karfaveiðar á Reykjaneshrygg. Er það í fyrsta skipti í fjölda ára sem engin slík skip taka þátt í karfaveiðunum. Innan Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) hefur verið unnið mikið starf, sérstaklega varðandi samstarf um eftirlit á hafi, bann við því að skip sem staðfest er að hafi stundað eða stutt við ólöglegar veiðar komi til hafna í aðildarríkjunum og aukið eftirlit með löndun frystra afurða úr erlendum skipum. Á fundi ráðsins þann 24. júní 2008 var reglugerðin samþykkt og tekur hún gildi 1. janúar 2010.

Framkvæmdastjórn ESB vinnur nú að framkvæmdareglugerð með sérfræðingum aðildarríkjanna, til að undirbúa tæknilega framkvæmd reglugerðarinnar. Miðað er við að reglugerðin verði samþykkt um mitt árið 2009. Jafnframt verða gefnar út leiðbeiningar um hvernig beita eigi reglugerðinni, þar á meðal um veiðivottorð (Catch certification scheme) og aðferðir sem þriðju ríki þurfa að fylgja er þau landa afla sínum í ESB ríkjum.

Reglugerðin mun hafa áhrif á þriðju ríki sem eiga viðskipti við ESB með sjávarafurðir. Í október 2008 var fundur með fulltrúum þriðju ríkja. Tvíhliða viðræður eru nú í gangi við ESB

¹⁴ COM (2007) 602, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0602en01.pdf

¹⁵ COM (2007) 601, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0601en01.pdf

við að setja upp kerfi sem auðveldi viðskipti með íslenskar sjávarafurðir í löndum ESB. Nýja reglugerðin mun taka gildi í ársbyrjun 2010.

Endurheimt þorsstofna ESB (Cod recovery plan)

Á nóvemberfundi ráðherraráðsins var samþykkt breyting á áætlun um endurheimt þorsstofna, sem hefur verið í gildi frá 2005. Nýleg ráðgjöf frá ICES gefur til kynna að fyrri áætlunin hafi ekki dregið nóg úr veiðiprýstingi á þorsstofninn, þannig að hann hefði tækifæri til að endurnýjast. Af þeim fjórum þorsstofnum sem um ræðir, er það aðeins þorsstofninn í Norðursjó sem hefur sýnt einhver batamerki. Með endurskoðaðri áætlun eru sett ný markmið um að draga úr því magni sem veitt er, í stað þess að setja markið á ákveðið magn af viðkomandi þorsstofni. Einnig er gert ráð fyrir sérstökum reglum sem eiga að draga úr brottkasti og hvetja til þess að menn sneiði hjá þorski við veiðar.

Endurskoðun Fiskveiðieftirlits ESB

Framkvæmdastjórnin gaf út orðsendingu¹⁶ þann 14. nóvember 2008 um endurskoðun fiskveiðieftirlits innan ESB. Jafnframt kynnti framkvæmdastjórnin drög að reglugerð¹⁷ sama efnis. Með reglugerðinni eru sjónarmið um einföldun, gagnsæi, jafnrétti og samræmingu höfð að leiðarljósi. Þetta er rammareglugerð sem leggur niður grundvallarreglur um alla þætti fiskveiðieftirlits. Tæknilegri útfærslur verða gerðar í framkvæmdareglugerðum.

Reglugerðin mun hafa í för með sér róttækar breytingar á stjórnun, eftirlit og vöktun „frá neti til neyslu”, þ.e. í gegnum allan ferilinn frá veiðum og þar til fiskurinn er kominn til neytenda. Þannig nær reglugerðin ekki einungis til fiskveiða, heldur einnig til vinnslu, markaðssetningar og dreifingar. Reglugerðin gerir ráð fyrir að aðildarríki verði skylduð til að framkvæma skoðanir á hverju stigi ferilsins, með sérstakri áherslu á löndun, vinnslu, flutning og markaðssetningu.

Við stjórnun og eftirlit munu VMS (Vessel Monitoring Systems) kerfi verða notuð, rafrænar afladagbækur og rafræn sending aflaskýrslna. Þá er gert ráð fyrir að gögn verði borin sjálfkrafa saman og þannig verði hægt að draga úr kostnaði við eftirlitið. Þá er ætlunin að tryggja rekjanleika fisks í gegnum allan ferilinn.

Loks er ætlunin að auka vald framkvæmdastjórnarinnar og Fiskveiðieftirlitsstofnunar ESB (EFCA), en hingað til hafa aðildarríkin sjálf borið alla ábyrgð á fiskveiðieftirliti.

MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Almennt

Fjárhagsáætlun EES/EFTA 2009

Fjárhagsáætlun EFTA fyrir 2009 er hefðbundin og engar ófyrirséðar breytingar. Framkvæmdastjórn ESB óskaði eftir hækkun á framlagi vegna stjórnunarkostnaðar við Erasmus Mundus vegna þess að fjárhagslegt umfang áætlunarinnar tvöfaldast með tilkomu

¹⁶ COM (2008) 718, <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2008:0718:FIN:EN:PDF>

¹⁷ COM (2008) 721, <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2008:0721:FIN:EN:PDF>

nýrrar áætlunar (EM II). Ekki er ljóst hvort af þátttöku EES/EFTA ríkjanna verður nema í tveimur af þremur hlutum áætlunarinnar og ef svo fer þá er ekki hægt að verða við óskum um aukið framlag. Framlög EES/EFTA ríkjanna lækka lítilllega til nokkurra málaflokka, sem skýrist af uppgjöri vegna ársins 2007, sem kemur til frádráttar.

Executive Agencies¹⁸

Á árinu lokaði framkvæmdastjórn ESB fyrir möguleika fólks frá EES/EFTA ríkjunum að fá störf í Executive Agencies, þrátt fyrir að starfsemi þessara skrifstofa væri einnig fjármögnuð af EES/EFTA ríkjunum og fram að þessu verið ráðið fólk frá öllum ríkjum EES. Í lok árs virtist sem hreyfing væri að komast á málið aftur og að ESB falli frá ákvörðun sinni.

Sameiginleg þingmannanefnd Evrópuþingsins og EFTA ríkjanna samþykkti ályktun um menntamál og rannsóknir. Einnig samþykkti hún ályktun þar sem m.a. mótmælt er tilburðum framkvæmdastjórnarinnar að útiloka fólk frá EES/EFTA ríkjum frá störfum á hennar vegum.

Tilmæli frá ráðherraráði og Evrópuþingi

- EQF

Ákveðið var að tilmæli um *European Qualification Framework (EQF)* verði færð í EES-samninginn. Í tilmælunum er því beint til aðildarríkja að hrinda í framkvæmd sameiginlegu mati á raunfærni fólks, samkvæmt átta stiga kerfi, sem þróað hefur verið.

- ECVET og EQUARF

Á fundi ráðs menntamálaráðherra 20. nóvember 2008 voru samþykkt tilmæli ráðs og þings til aðildarríkjanna um *European Credit System for Vocational Education and Training (ECVET)* og um *European Quality Assurance Reference Framework for Vocational Education and Training (EQUARF)*. Fyrri tilmælin eru um innleiðingu og þróun einingakerfis (sambærilegt við ECTS) fyrir starfsnám. Hin fjallar um gæðaviðmið í starfsnámi. Gert er ráð fyrir að tilmælin verði felld í EES-samninginn árið 2009.

- *Mobility of young volunteers across Europe* eru fyrstu tilmæli ESB á sviði æskulýðsmála. Helstu atriði þeirra eru að aðildarríkin auki samstarf um sjálfbodaliðastarf þvert á landamæri.

Samstarfsáætlanir

- Almennt

Árangur íslenskra umsækjenda um styrki í áætlunum ESB, á sviði menntamála, menningarmála, fjölmiðla og æskulýðsmála, var viðundandi miðað við fyrri ár. Aðeins örfá verkefni undir íslenskri stjórn hlutu brautargengi en íslenskir aðilar taka þátt í fjölmörgum verkefnum sem samstarfsaðilar, þ.e. að verkefnið eru á ábyrgð erlendra aðila en Íslendingar eru meðskipuleggjendur.

- Erasmus Mundus II

Erasmus Mundus áætlunin rann sitt skeið á enda árið 2008 og ný áætlun, Erasmus Mundus II (EM II), tekur við af henni og var hún lögfest í árslok 2008. Nýja áætlunin sker sig frá hinni eldri einkum að því leyti að annað fyrirkomulag verður á samstarfi við aðila í ríkjum utan EES-svæðisins. Þessu samstarfi hefur verið slegið saman í einn þátt (Action 2) og fjármagnað með framlögum frá fimm stofnunum, sem heyra undir ESB og vinna að þróunarstarfi. Framlagið er auk þess mun meira en í gömlu áætluninni og verður nánast það sama og veitt er

¹⁸ Þessar skrifstofur sjá um allt sem snýr að auglýsingum eftir umsóknum, skoðun og mat á þeim og tillögugerð til framkvæmdastjórnarinnar og stjórná áætlanna um styrkveitingar.

til hinna tveggja þátta áætlunarinnar. Þeir eru Action 1, sem tekur til hefðbundins EM starfs, þ.e. evrópsks masters- og doktorsnáms og tengdra mála og Action 3, sem m.a. styrkir markaðssetningu evrópskra háskóla utan álfunnar.

EES/EFTA ríkin eiga enga aðild að þeim stofnunum, sem fjármagna Action 2 og af þeim sökum er ákvæði í ákvörðun ráðsins um áætlunina um að aðrar tiltekna reglur gildi um Action 2 en hina þættina. Af þessu leiðir að trúlega munu EES/EFTA ríkin ekki geta tekið þátt í Action 2. Þess ber að geta að í gömlu áætluninni var allt þetta samstarf við aðrar heimsálfur opið fyrir EES/EFTA ríkjum, nema við Afríku, enda var það sérstaklega fjármagnað af Prúnarsjóði ESB.

Norðmenn eru ósáttir við að vera útilokaðir frá þátttöku í Action 2 og munu óska eftir að framangreind ákvörðun ráðsins um EM II yrði felld í EES-samninginn með breytingum, sem fælust í því að aðilar í EES/EFTA ríkjum gætu tekið þátt í einstökum verkefnum, í samvinnu við ESB ríki og greitt fyrir þátttöku í hverju verkefni fyrir sig. Í lok árs 2008 var staðan sú að EES/EFTA ríkin höfðu verið beðin um staðfestingu á þátttöku.

- Media Mundus (Media International)

Undir lok árs 2008 var ákveðið að hleypa af stokkunum nýrri áætlun, Media Mundus og er markmið hennar að auka samstarf kvikmyndagerðarfólks í Evrópu við kollega sína annars staðar í heiminum. Reynsluverkefnið Media International er talið hafa sannað þörfina fyrir samstarf af þessum toga. Þess má geta að sérstök samstarfsverkefni við Afríku, ríki í Karabíska hafinu og Kyrrahafinu auk ríkja við Miðjarðarhafið, hafa staðið yfir í nokkur ár án þátttöku EES/EFTA ríkjanna en nú er öllum þessum verkefnum slegið saman í nýju áætlunina og útlit fyrir að EES/EFTA ríkin geti tekið þátt í henni að fullu.

- Comenius Regio Partnerships

„Comenius Regio Partnerships” er nýtt verkefni undir Comenius-hluta menntaáætlunar ESB. Því er ætlað að styrkja samstarf skóla milli héraða og borgarsamfélaga í Evrópu með það að markmiði að miðla reynslu og taka á málefnum að eigin vali. Verkefnið eiga að miða að því að aðstoða sveitastjórnir og svæðisskrifstofur við að bæta möguleika til menntunar fyrir nemendur á skólaaldri. Skólayfirvöld, svæðisskrifstofur og aðrir sem koma að skólamáli er boðið að setja af stað evrópsk samvinnuverkefni með sameiginleg markmið og áhugasvið í huga.

- Amicus – reynslu- / undirbúningsáætlun fyrir ungt fólk

Markmið áætlunarinnar er að styrkja samtök, sem standa fyrir sjálfboðaliðsstarfi og starfsmannaskiptum meðal ungs fólks þvert á landamæri. Þetta er liður í markmiðum ESB um að auka möguleika fólks á námi og starfi hvar sem er innan sambandsins og jafnframt hefur það menningarlega markmið að auka skilning og samstöðu Evrópubúa. Enn sem komið er hafa aðeins aðildarríki ESB rétt til þátttöku.

Orðsendingar o.fl.

Stefnumótun í evrópsku samstarfi um menntamál 2010-2020

„An updated strategic framework for European cooperation in education and training (COM (2008) 865 final)”. Þetta er lykilskjál hvað varðar samstarf ESB/EES ríkja um menntamál á komandi árum og í því eru tillögur framkvæmdastjórnarinnar um helstu stefnu og markmið fram til 2020. Því er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir nánari stefnumótun og samstarf innan

verkáætlunarinnar Menntun og þjálfun 2010/2020. Stefnumótandi áherslur eða leiðarljós eru fjögur: Símenntun/framhaldsfæðsla og hreyfanleiki námsmanna verði að veruleika, auka gæði og skilvirkni í skólastarfi, hvetja til jafnræðis og virkrar þjóðfélagsþátttöku, og hvetja til aukinnar nýsköpunar og sköpunarhæfni, þar með talið frumkvöðlastarf á öllum skólastigum.

Skólastarf og gæði fræðslu

„*Improving Competences for the 21st Century: An Agenda for European Cooperation on Schools*, (COM(2008) 425 final)” fjallar um aukna áherslu framkvæmdastjórnar ESB á skólastarfið og gæði fræðslunnar enda þykir einsýnt að tóm mál sé að tala fyrir framförum í menntamálum nema að teknu tilliti til þessa.

Breyttar hæfniskröfur

„*New Skills for New Jobs. Anticipating and matching labour market and skills needs* (COM(2008) 868 final)”. Heiti orðsendingar segir um innihaldið. Það snertir beint Lissabon-markmiðin með því að hvetja til þess að þörfum atvinnulífsins fyrir nám á nýjum sviðum verði fullnægt og að nýjungar í menntamálum standi ekki framþróun í atvinnulífinu fyrir þrifum.

Grænbók um „Migration and mobility”

Skýrslan fjallar einkum um hugsanlegar aðgerðir til að sporna gegn mismunun og aðgreiningu nemenda eftir uppruna. Eftir samráð, sem er opið öllum, verður trúlega gerð orðsending eða tilmæli til aðildarríkjanna. Gert er ráð fyrir að hafið verði opið samráðsferli undir merkjum Education & Training 2010/2020.

Bordeaux yfirlýsingin 2008 um starfsmenntun

Menntamálaráðherrar ESB-ríkjanna o.fl. samþykktu nýja yfirlýsingu um starfsmenntamál og kemur hún í kjölfar Helsingfors yfirlýsingarinnar fyrir tveimur árum. Meðal nýmæla í nýju yfirlýsingunni er áhersla á betri tengsl atvinnulífs og menntastofnana og styður þannig við orðsendinguna um nýja hæfni fyrir ný störf (sjá hér að ofan).

Nýjar viðmiðunarreglur um ríkisstyrkta fjölmiðla

Framkvæmdastjórn sendi frá sér orðsendingu um ríkisstuðning við fjölmiðla og er hún m.a. afrakstur umfangmikils samráðs við hagsmunaaðila. Um þessa styrki gilda ákvæði í Evrópusáttmálanum og sérstakri bókun við hann (Amsterdam protocol) og er langflestum aðildarríkjum annað um að sem allra minstar breytingar verði gerðar á þeim viðmiðunarreglum um túlkun á framangreindum ákvæðum og bókun, sem nú gilda. Sendiráðið og menntamálaráðuneytið hafa komið að gerð athugasemda í nafni EES/EFTA ríkjanna um orðsendinguna.

Viðmiðunarreglur um ríkisstyrki til kvikmyndagerðar

Með orðsendingu árið 1991 gaf framkvæmdastjórn ESB út viðmiðunarreglur um ríkisstyrki til kvikmyndagerðar og hefur þeim aðeins lítillega verið breytt síðan. Mörgum sinnum hefur verið skoðað hvort ástæður séu til breytinga en áform þar að lútandi hafa alltaf strandað á harðri andstöðu nokkurra ríkja, einkum Frakklands. Nú eru áform um að framlengja gildistíma reglnanna til ársins 2012 og gafst færi á að gera athugasemdir um þau fram til loka nóvember 2008.

Höfundarréttarmál

Tillögur um breytingar á tilskipun um höfundarréttarmál (Dir. 2006/116/EC)

Framkvæmdastjórnin lagði fram tillögur sem miða að því að tónlistarflytjendur fái höfundarréttargreiðslur í 95 ár í stað 50 ára og að höfundaréttarreglur um samsett verk tveggja (eða fleiri) höfunda (samhöfunda), t.d. sönglög eða söngleikir, verði sambærilegar við reglur, sem gilda um verk einstakra höfunda. Málið er enn til meðferðar og ekki hefur verið gert formlegt EES/EFTA álit.

Grænbók um höfundarrétt í þekkingarhagkerfi (knowledge economy)

Með grænbókinni ætlar framkvæmdastjórnin sér að efna til almenns samráðs og umræðu um hvernig mæta eigi kröfum um betri nýtingu höfundarréttarvarins efnis jafnframt því að vernda betur höfundarrétt. Málið spannar nánast öll svið, þótt áhersla sé á vísindi og menntun. Þegar hefur talsvert verið unnið á þessu sviði á vettvangi ESB, t.d. verið gerður grunnur að samkomulagi um höfundarréttarmál efnis, sem enginn höfundar finnst að (orphan works).

Annað

Af öðrum málum er varða höfundarrétt má nefna að mikill styr hefur staðið um tillögur þess efnis að loka megi fyrir aðgang fólks að netinu ef það hefur orðið uppvíst að ólöglegu niðurbrot höfundarréttarvarins efnis. Evrópuþingið hefur tekið einarða afstöðu gegn tillögunni og er nú leitað málamiðlana. Þá hefur framkvæmdastjórnin úrskurðað að höfundarréttarsamtökum sé óheimilt að koma í veg fyrir að handhafar höfundaréttar geti valið hvaða höfundarréttarsamtök, þ.e. í hvaða ríki, fari með þeirra mál.

Ýmislegt

Opið samráð um menningarmál

Fyrsta menningarstefna ESB var samþykkt árið 2007 og á grunni hennar hófst opið samráðsferli í þessum málaflokki. Í ljós kom að einungis aðildarríkjum ESB var boðin þátttaka í samráðinu. Fastanefndir Íslands og Noregs, með fulltingi EFTA skrifstofunnar unnu að því á árinu að fá aðild að því og voru formleg erindi þess efnis send fastanefnd og menningarráðherra Tékkka. Það mun væntanlega koma í ljós snemma árs 2009 hver niðurstaðan verður. Af hálfu Íslands var óskað eftir þátttöku í samráði um aukinn „hreyfanleika“ listamanna.

Europeana – rafrænt menningarsafn

Heimasíða *Europeana* var opnuð í nóvember 2008 en lokað skömmu síðar sökum of mikillar ásóknar. Hefur síðan verið opnuð á ný. *Europeana* er samstarfsverkefni margra Evrópuríkja, þ. á m. Íslands um að gera menningarefni aðgengilegt á vefnum. Gerð hefur verið fjöltyngd leitarvél, sem á að gera fólki kleift að finna efni þvert á tungumál. Mest er um bókmenntir enn sem komið er en ætlunin er að menningarsögulegt efni, kvikmyndir, tónlist o.fl. verði aðgengilegt síðar. Landsbókasafn/Háskólabókasafn hafa tekið þátt í verkefninu frá upphafi.

Evrópska menningarminjamerkið

European Heritage Label er sambærilegt við heimsminjaskrá UNESCO að mörgu leyti og deilir helstu markmiðum með henni. Ráðherraráðið ákvað í lok árs 2008 að styðja tillögur um að ESB taki málið á sína arma, hrindi því í framkvæmd og afli því fylgis í aðildarríkjunum auk þeirra ríkja, sem eiga aðild að menningaráætlun ESB, þ.m.t. Íslandi.

Handbók um EES-samstarfið

Lokið var við gerð handbókar um EES-samstarfið á sviðum er falla undir menntamálaráðuneytið og bíður hún birtingar á vef ráðuneytisins. Í henni á að vera hægt að finna upplýsingar um nefndir, reglur og stefnumál fyrir nær alla málaflökka og nefndaskrá á sviði rannsókna og vísinda.

Tékkneska formennskan fyrri hluta árs 2009

Menntamál

Meginverkefnið er að leiða til lykta hverjar verði helstu áherslur í næstu kynslóð vinnuáætlunarinnar Menntun og þjálfun 2010. Vinnan tengist einnig undirbúningi að lykilskilaboðum ráðherraráðsins um menntamál til leiðtogafundarins komandi vor. Byggt verður á orðsendingunni „*An updated strategic framework for European cooperation in education and training*”, sem greint er frá hér að ofan.

Meðal þess sem Tékkar leggja áherslu á í menntamálum er aukið samstarf milli aðila á sviði menntamála, starfsmenntamála, rannsókna og þróunar annars vegar, atvinnuveganna og svæðisstjórna hins vegar. Tékkar telja að forsenda velheppnaðs samstarfs þessara aðila sé opið og sveigjanlegt skólakerfi, sem taki mið af þörfum einstaklingsins, atvinnurekenda, nærumhverfisins auk hinna heildrænu þarfa. Evrópusamstarf um viðurkenningu á raunfærni og þróun sameiginlegra gæðaviðmiða og námsmats er liður í því.

Annað áhersluatriði er þróun æðri menntunar í Evrópu og Bologna ferlið og Tékkar munu koma að undirbúningi ráðherraráðstefnunnar í Leuven í lok apríl 2009. Á ráðstefnunni verður lagt mat á þróun mála frá 1999 auk þess að hugmyndir um markmið samstarfsins eftir 2010 verða kynntar og ræddar. Tékkar munu leggja höfuðáherslu á að áfram verði unnið að því að ryðja úr vegi öllum hindrunum fyrir því að fólk geti stundað nám hvar sem er í álfunni, hvers eðlis sem þær kunna að vera.

Æskulýðsmál

Á árinu verður samstarf á sviði æskulýðsmála á síðustu árum metið og lagður grunnur að markmiðum samstarfsins á næsta áratug aldarinnar. Samstarfið felst m.a. í opnu samráði um tiltekin málefni og skipulegrar samræðu við samtök ungs fólks í Evrópu. Tékkar munu leiða stefnumótunarvinnuna og tekið verður m.a. mið af öðrum þáttum er snerta ungt fólk, svo sem um félagslega stöðu, heilbrigðismál og fleira. Þá munu þeir leggja áherslu á að fylgja eftir tilmælum um sjálfboðaliðastarf ungs fólks (sjá hér að ofan) og „hreyfanleika”.

Menningarmál

Tékkar byggja á stefnu, sem þeir ásamt forvera í forsæti og næsta formennskuríki hafa mótað. Þar eru aðaláherslurnar annars vegar að bæta aðstæður listamanna og menningarfólks til að starfa hvar sem er innan sambandsins og hins vegar að bæta aðgengi fólks að listum og menningu. Í því efni er t.d. tiltekið að auka stuðning við verndun og kynningu á menningarminjum, samvinnu um listmenntun og auðveldari flutning á sýningum milli landa. Þá verður áhersla lögð á stafvæðingu (digitisation) menningararfsins, samkvæmt tilmælum þar að lútandi frá árinu 2007. Tékkar vilja auka þátt rafrænnar listar og miðlunar með því að efna til umræðna um hvernig dreifingu verður best háttáð, einnig með höfundarréttarlega hagsmuni höfunda að leiðarljósi.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013

Tvö ár eru liðin frá því að Sjöunda rammaáætlun ESB hóf göngu sína þann 1. janúar 2007. Í árslok 2008 var búið að undirrita og/eða gefa vilyrði fyrir 55 samningum um verkefni með íslenskri þátttöku. Heildarstyrkir til þessara verkefna nema um €146.000.000 og er hlutur íslenskra aðila a.m.k. €4.000.000 en því til viðbótar munu bætast við styrkir til íslenskra aðila úr mannauðsáætluninni. Árangurshlutfall íslenskra umsókna er 26% sem er yfir meðaltali.

Ef miðað er við fjölda verkefna og upphæðir styrkja er árangur íslenskra aðila í sjöundu rammaáætluninni lang bestur á sviði heilbrigðisrannsókna þar sem ellefu verkefni skila íslenskum þátttakendum rúmum 8 milljónum evra í styrki. Þar á eftir koma verkefni á sviði umhverfisrannsókna sem styrktar eru um 1,5 milljónir evra, upplýsingatæknirannsókna sem styrkar eru um 800 þúsund evrur, matvælarannsókna sem styrktar eru um 700 þúsund evrur og félags-, hag- og hugvísindarannsókna um 600 þúsund evrur.

Evrópska rannsóknasvæðið - Ljubljana ferlið

Í yfirlýsingu hins óformlega fundar rannsóknaráðherra Evrópu í Slóveníu 15. apríl sl. ítrekuðu ráðherrarnir mikilvægi Evrópska rannsóknasvæðisins sem forsendu þess að Evrópusambandið næði þeim markmiðum sem samþykkt voru í Lissabon árið 2000. Ráðherrarnir sammæltust um að ná samkomulagi um sameiginlega framtíðarsýn fyrir Evrópska rannsóknasvæðið 2020, að þróa vegvísi fyrir aðgerðir til að undirbyggja samstarfið og að koma á virkari stýringu og eftirliti af hálfu ráðherranna. Þessi áform um aukna stýringu og eftirlit ráðherra, kallar á landfræðilega skilgreiningu evrópska rannsóknasvæðisins og mun þar verða horft til stöðu allra þeirra landa sem nú eru aðilar að rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun og ekki síður til væntanlegra samstarfslanda eins og Rússlands.

Sjá yfirlýsingu ráðherrafundarins:

http://www.eu2008.si/en/News_and_Documents/download_docs/April/0414_COMPET/070S_ummary_Research.pdf

Ný framtíðarsýn fyrir evrópska rannsóknasvæðið var samþykkt 2. desember 2008, sjá. http://ec.europa.eu/research/era/pdf/era_vision_2020_en.pdf

Einnig var samþykkt að hrinda af stað samstarfi á fimm sviðum sem undirbyggja eiga evrópska rannsóknasvæðið. Það er samstarf um: *meðferð hugverkaréttinda opinberra rannsóknastofnana, aukinn hreyfanleika rannsóknafólks innan Evrópu, mótun nýrra sameiginlegra rannsókna- og þróunaráætlana, uppbyggingu samevrópskra rannsóknainnviða og samstarf um eflingu alþjóðlegs rannsóknasamstarfs*. Þrátt fyrir að yfirlýsing ráðherrafundar ESB og EES/EFTA-ríkjanna hafi tekið til EES/EFTA-ríkjanna, er aðkoma þeirra að þessari vinnu enn óljós.

- **Aukinn hreyfanleiki og bætt starfsævi rannsóknafólks**

Ráðherraráð Evrópusambandsins hefur samþykkt „*Council conclusions on better careers and more mobility: a European partnership for researchers*” - sjá:

<http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/08/st13/st13671.en08.pdf>

Samþykktin felur starfandi nefnd - „*Steering Group on Researchers Mobility*”, að koma með tillögur til úrbóta. Nefndin, sem sett var á fót árið 2005, er skipuð fulltrúum frá

EES/EFTA-ríkjunum.

- **Uppbygging samevrópskra rannsóknainnviða**
Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram drög að reglugerð um samevrópska rannsóknainnviði „*Proposal for a COUNCIL REGULATION on the Community legal framework for a European Research Infrastructure (ERI)*” - sjá: http://ec.europa.eu/research/press/2008/pdf/com_2008_467_en.pdf
Samkvæmt drögnum geta samevrópskir rannsóknainnviðir verið settir upp í EES/EFTA-ríki en nefnd Evrópuþingsins sem haft hefur drögin til umsagnar hefur lagt til að reglugerðinni verði breytt á þann veg að einungis aðildarlönd Evrópusambandsins geti verið gistiland evrópskra rannsóknainnviða.
- **Nýjar sameiginlegar rannsóknáætlanir**
Ráðherraráð Evrópusambandsins hefur samþykkt „*Council conclusions concerning joint programming of research in Europe in response to major societal challenges*”. Sjá: http://ec.europa.eu/research/era/pdf/programming_st16775_en.pdf. Samkvæmt samþykktinni er ESB-ríkjunum boðið að tilnefna fulltrúa í „*High Level Group on Joint Programming*” og skal vinna nefndarinnar vera opin EES/EFTA-ríkjunum „*eftir því sem við á*.” Nefndinni, sem hittist í fyrsta sinn 13. febrúar 2009, er falið að taka afstöðu til aðkomu EES/EFTA-ríkjana að vinnu nefndarinnar.
- **Samstarf um eflingu alþjóðlegs rannsóknasamstarfs**
Ráðherraráðið hefur samþykkt „*Council Conclusions concerning a European Partnership for International Scientific and Technological cooperation*.” Sjá: http://ec.europa.eu/research/era/pdf/partnership_st16763_en.pdf. Samkvæmt samþykktinni er ESB-ríkjunum boðið að tilnefna fulltrúa í „*Strategic Forum for International S&T Cooperation*” og skal vinna nefndarinnar vera opin EES/EFTA-ríkjunum „*eftir því sem við á*” Nefndinni, sem hittist í fyrsta sinn 18. febrúar 2009, er falið að taka afstöðu til aðkomu EES/EFTA-ríkjana að vinnu nefndarinnar.
- **Meðferð hugverkaréttinda opinberra rannsóknastofnana**
Ráðherraráð Evrópusambandsins hefur sent frá sér ályktun „*Council Resolution on the management of intellectual property in knowledge transfer activities and on a Code of Practice for universities and other public research organisations*”. Sjá: <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/08/st10/st10323.en08.pdf>
Í ályktuninni er ekki minnst á aðkomu EES/EFTA-ríkjana og er enn óljóst hvort þeim verði boðið að koma að þessari vinnu þegar hún fer af stað í byrjun árs 2009.

„The Committee for Scientific and Technical Research” (CREST)

Ísland á áheyrnaraðild að „*The Committee for Scientific and Technical Research*” (CREST), sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráðið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um málefni rannsókna og tækniþróunar. Undir CREST starfa nokkrir vinnuhópar samkvæmt vinnulagi opins samráðs (*Open Method of Coordination – OMC*) þar sem þátttökulöndin vinna að sameiginlegum stefnumótandi tillögum til aðildarlandanna annars vegar og framkvæmdastjórnarinnar hins vegar.

Á árinu 2008 fylgdist CREST með og fjallaði um undirbúning þeirrar vinnu sem hófst undir formerkjum Ljubljana-ferlisins og munu ofangreindar fimm nefndir gefa CREST skýrslu reglulega.

„European Research Council Executive Agency” (ERC) og „Research Executive Agency” (REA).

Umfang rammáætlunar Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun hefur aukist mjög á undanförunum árum meðan fjöldi starfsmanna framkvæmdastjórnarinnar sem fer með þennan málaflokk er óbreyttur. Til að bregðast við auknu vinnuálagi voru settar á fót í byrjun árs tvær stofnanir, svokallaðar „executive agencies” til að sjá um framkvæmd áætlunarinnar að hluta. Starfsmenn þessara framkvæmdastofnana, þ.e. „European Research Council Executive Agency” (ERC) og „Research Executive Agency” (REA) eru starfsmenn þessara stofnana en ekki starfsmenn framkvæmdastjórnarinnar. Rekstur stofnananna er greiddur af rekstrarframlagi 7. RÁ sem EFTA ríkin greiða til. EFTA fór fram á að ráðningar í stöður þessara stofnana væru opnar þegnum EFTA landanna og var það samþykkt 4. júní sl. og var auglýst í fyrsta sinn í stöður ERC og REA. Í lok júní var auglýsingin afturkölluð og er málið nú í endurskoðun hjá DG Research, m.a. réttur þegna EFTA landanna til þessara starfa. Sjá nánar: http://europa.eu/epso/non_permanent_posts/temp-staff_ercea_en.htm

Sérfræðingar hjá framkvæmdastjórn ESB – „Seconded National Experts” (SNEs)

Evrópuþingið hefur gert athugasemdir við að framkvæmdastjórnin samþykki sérfræðinga frá einkafyrirtækjum í stöður svokallaðra „Seconded National Experts (SNEs)”. Í kjölfarið gaf DG Admin út leiðbeiningar til framkvæmdastjórnarinnar um að ekki megi manna þessara stöður með sérfræðingum sem koma frá fyrirtækjum eða stofnunum sem eiga hagsmuna að gæta í rannsóknáætlun ESB um rannsóknir og þróun eða eru í samstarfi við einkafyrirtæki. Þessa þrönga skilgreining DG Admin útilokar nær alla sérfræðinga frá opinberum rannsóknastofnunum og háskólum og hefur nú þegar haft áhrif á samninga margra þeirra 65 sérfræðinga frá EFTA löndunum sem nú starfa hjá framkvæmdastjórninni.

SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL

Frakkar gegndu formennsku í ráðherraráði ESB síðari hluta ársins 2008. Þeir höfðu í forgangi að vinna að umhverfismálum og öryggi í samgöngum. Ekki náðist að klára öll þau mál sem þeir höfðu hug á en á fundi sínum 9.-10. október náðu þeir pólitísku samkomulagi um tvær síðustu gerðir siglingapakkans sem fór í framhaldi af því til annarrar umræðu þingsins. Fundurinn samþykkti einnig formlega ákvörðun (resolution) um að ráðast í þróunaráfanga (development phase) Galileo kerfisins. Á fundi ráðherrana 8.-9. desember náðu þeir niðurstöðum um tiltekin atriði umhverfispakkans í samgöngum auk þess sem þeir samþykktu formlega uppbyggingu Evrópsku siglingamálastofnunarinnar á gagnagrunni fyrir fjarvöktunarkerfi (LRIT) fyrir skip á evrópskum skipaskrá. Ráðherrafundirnir samþykktu að fela framkvæmdastjórninni að hefja viðræður um loftferðasamninga á milli sambandsins og Alsír, Túnis og Líbanon.

Ráðherrar fjarskiptamála komu saman 27. nóvember. Á fundinum náðu þeir pólitísku samkomulagi um fjarskiptapakann auk þess sem þeir náðu almennu samkomulagi um tillögu að breytingu á reglugerð um reiki þ.m.t. að gildissvið hennar verði aukið svo hún nái einnig til gagnaflutninga og SMS skeyta. Loks ályktuðu þeir um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um fjarskiptanet framtíðarinnar og veraldarvefinn.

Eftirfarandi er slóð á fréttatilkynningar vegna funda ráðsins á tímabilinu:

http://www.consilium.europa.eu/cms3_applications/Applications/newsRoom/loadBook.asp?target=2008&bid=87&lang=1&cmsId=354

Hér á eftir er fjallað nánar um málefnið sem voru efst á baugi síðari hluta ársins 2008. Í mörgum tilfellum er um framhaldsumfjöllun að ræða og má í þeim tilfellum finna frekari upplýsingar í yfirlitsskýrslu sendiráðsins fyrri hluta árs 2008 og eldri skýrslum.

FLUGMÁL

Almennt

Flugmál voru enn og aftur ofarlega á baugi á tímabilinu og var fjallað um þau víða innan stofnana ESB. Birtar voru nýjar reglugerðir yfir flugfélög á bannlista sem er óheimilt að fljúga til flugvalla sambandsins. Unnið var að loftferðasamningum við ýmis þriðju ríki og mikil vinna var lögð í meðferð SES II pakkann sem sagt var frá í síðustu skýrslu.

Loftferðasamningar

Framkvæmdastjórnin lauk gerð loftferðasamnings við Kanada í desember og kemur hann í stað 17 tvíhliða saminga aðildarríkjanna auk þess sem enginn samningur var í gildi milli 8 aðildarríkjanna og Kanada. Samningurinn opnar mjög fyrir flug frá því er áður var heimilt á milli Kanada og Evrópu og eru fjöldi fluga né áfangastaðir ekki lengur háð takmörkunum. Auk þess heimilar hann gagnkvæmt eignarhald í flugfélögum ríkjanna. Væntingar eru um að hægt verði að árita samninginn á leiðtogafundi ESB og Kanada í maí n.k.

Ráðherraráðið samþykkti á fundum sínum á tímabilinu samningsumboð til framkvæmdastjórnarinnar um að ganga til samninga fyrir hönd aðildarríkjanna að nýjum loftferðasamningum við Alsír, Túnis og Líbanon. Þegar á framkvæmdastjórnin í viðræðum við Ísrael, Ástralíu, Nýja Sjáland og fleiri ríki um loftferðasaminga.

Miðað er við að ákvæði samninganna kveði á um frekari opnun flugmarkaða ríkjanna auk samstillingu regluverks samningsaðila er varðar flugöryggi, flugvernd, samkeppni, ríkisstyrki, umhverfismál, neytendavernd og flugumsjón.

Ísland hefur eins og sagði frá í síðustu skýrslu, áheyrnaraðild að fundum stýrinesfndar „Open Skies” samningsins á milli Bandaríkjanna og ESB. Fundur var haldinn í Washington í september og var þar einnig rætt hvornig best væri að standa að því að yfirfæra samninginn til Íslands og Noregs. Unnið er að því að stilla upp texta í samræmi við útfærslu þess og eru viðræður um samningstexta langt komnar. Þá hefur Ísland áheyrnaraðild að viðræðum um annan áfanga „Open Skies” samningsins en lítið hefur miðað áfram í þeim viðræðum einkum vegna væntanlegra stjórnarskipta í Bandaríkjunum. Vísað er til síðustu skýrslu til nánari upplýsinga um innihald þeirra.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að loftferðasamningum:

http://ec.europa.eu/transport/air/international_aviation/country_index/country_index_en.htm

Sameiginlegt Evrópskt loftrými – „Single European Sky”

Í síðustu skýrslu var sagt frá öðrum tillögupakka framkvæmdastjórnarinnar í málefnum sameiginlegs evrópsks loftrýmis eða s.k. SES II pakka. Pakkinn hefur verið til umfjöllunar í samgöngu- og ferðamálanefnd Evrópuþingsins. Fá ágreiningsmál er í tillögunum. Helst hefur verið tekist á um tillögu um að fela Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) hlutverk á sviði

flugvalla og flugleiðsögu og ákvæði um gildissvið þ.e. skilgreining þeirra flugvalla sem falla undir gerðina. Þingið áætlað að ljúka umfjöllun sinni og greiða atkvæði um tillögur sínar í janúar 2009. Tillögurnar koma svo til umfjöllunar hjá ráðherrunum í framhaldi af því.

Vísað er til umfjöllunar í síðustu skýrslu um SEL (Sameiginlegt Evrópskt Loftrými, á ensku SES - Single European Sky) til frekari upplýsingar.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að sameiginlegu evrópsku loftrými:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/traffic_management/index_en.htm

Framkvæmdastjórnin vinnur að því að hrinda í framkvæmd áformum um sameiginlegt evrópskt loftrými. Samvinnufélagið SESAR JU skrifaði undir viljayfirlýsingu með nokkrum fyrirtækjasamsteypum um aðild að uppbyggingu SESAR flugstjórnarkerfisins og eru Flugstöðir ohf þátttakandi í einum hópnunum. Flugstöðir í samstarfi við Icelandair sendu einnig inn tilboð í verkefni á vegum framkvæmdastjórnarinnar sem SESAR JU hefur umsjón með. Verkefnið snýr að rannsóknum á hagkvæmstu flugleið m.t.t. eldsneytisnotkunar. Í stuttu máli þá var tilboði Flugstöða ohf tekið og mun fyrirtækið hefja vinnu við það í vetur.

Endurskoðun þriðja pakkans í flugi

Í september var þriðji pakinn í flugi birtur sem reglugerð (EB) nr. 1008/2008 og tók reglugerðin gildi 1. nóvember sl. Við það hófst vinna EFTA ríkjanna við innleiðingu hans. Ákvæði reglugerðarinnar gilda fyrir útgáfu flugleyfa, eftirlit með rekstri flugfélaga og aðgang að mörkuðum EES ríkjanna. M.a. gerir hún kröfur um aukið gagnsæi verðlagningar og að flugfarþeginn sjái strax hvað miðinn kosti en ekki síðar í pöntunarferlinu. Auk þess verður flugfélag að gefa kaupanda að flugmiða á vefnum kost á að velja aukabjónustu s.s. tryggingar með því að haka við hana sérstaklega. Þá er óheimilt að gefa upp mismunandi verð fyrir sama flugsæti eftir heimilisfestu kaupanda.

Hér að neðan er slóð á málið:

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2008:293:0003:0020:EN:PDF>

Flugvallapakinn

Í síðustu skýrslu var sagt frá sk. flugvallapakka sem samanstendur af tillögu að tilskipun um gjaldtöku á flugvöllum, tilkynningu um afkastagetu flugvalla í Evrópu og skýrslu um framkvæmd reglugerðar um flugafgreiðslu. Evrópuþingið tók til annarrar umræðu tillögu að tilskipun og afgreiðslu ráðherraráðsins á henni. Afgreiðsla ráðsins var samþykkt með nokkrum minniháttar breytingum að höfðu samráði við ráðherraráðið. Beðið er lokaafgreiðslu ráðherraráðsins en ekki er neitt talið standa í vegi fyrir henni. Tillagan kemur til með að gilda fyrir alla flugvelli sem um fara 5 milljón farþega eða fleiri. Að auki gildir hún um stærsta flugvöll í hverju aðildarríki um sig. Skv. þessu fellur Keflavíkurflugvöllur undir hana.

FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL

Flugöryggisnefnd framkvæmdastjórnarinnar kom saman í byrjun nóvember sl. og fjallaði um tillögur að nýjum bannlista yfir flugfélög sem er óheimilt að fljúga til ríkja sambandsins. M.a. er nú til viðbótar flugfélögum á fyrri lista, öll flugfélög frá Angóla sem er óheimilt að fljúga til flugvalla ríkja ESB.

Samþykktur var nýr listi sem má finna á eftirfarandi slóð:

http://ec.europa.eu/transport/air-ban/list_en.htm

Eftirfarandi er slóð á vefsíðu ESB um flugöryggi:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/safety/index_en.htm

Unnið er á vegum EFTA og EES-EFTA ríkjanna að innleiðingu eftirfarandi gerða ESB:

- [Reglugerð 1321/2007 um gagnagrunn yfir flugatvik.](#)
- [Reglugerð 1330/2007 um miðlun upplýsinga um flugatvik](#)
- [Reglugerð 216/2008 um flugöryggisreglur og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu](#)
- [Reglugerð 820/2008 um innleiðingu flugverndarreglna](#)

Slóðir fyrir vefsíður framkvæmdastjórnarinnar um flugöryggismál og flugverndarmál:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/security/index_en.htm

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM

Vísað er til umfjöllunar í síðustu skýrslu og fyrri skýrslna varðandi þetta efni. Evrópuþingið samþykkti 8. júlí samkomulag sem tókst milli ráðsins og þingsins í 2. umræðu þess. Í lok október samþykkti svo ráðið samkomulagið. Tilskipunin birtist í byrjun janúar 2009. Samkvæmt henni skal framkvæmdastjórnin birta samtölu fyrir losunarkvóta til úthlutunar innan 6 mánaða frá birtingu. Unnið er að því að taka þessar tölur saman. Einnig er undirbúningur á Íslandi hafinn. Um leið og ESB hefur birt tilskipunina kemur hún til umfjöllunar hjá EFTA ríkjunum vegna upptöku í EES samninginn. Ljóst er að mikil vinna er framundan við að útfæra leiðbeiningar og reglur um framkvæmd reglugerðarinnar. Vísað er til síðustu skýrslu til nánari upplýsinga um efnisinnihald tilskipunarinnar.

Svokallaður orku- og loftlagspakki hefur verið til meðferðar hjá þinginu og ráðinu sem ætlað er að taka gildi 2013 eftir að Kyoto tímabilinu lýkur. Í honum eru m.a. ýmsar tillögur að breytingum á viðskiptakerfi með gróðurhúsalofttegundir. Í upphaflegu tillögunum var lagt til að sífellt stærri hluti losunarkvóta flugs færi á uppboð þar til að 100% losunarkvótans færi á uppboð frá og með 2020. Í málamiðlun á milli þingsins og ráðsins sem náðist eftir miðjan desember var samþykkt að einungis 15% losunarkvóta fyrir flug færi á markað út tímabilið til 2020.

Vefslóðir fyrir umhverfismál flugsamgangna:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/environment/index_en.htm
http://ec.europa.eu/environment/climat/aviation_en.htm
<http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/07/st16/st16855.en07.pdf>

SIGLINGAMÁL

Stefna ESB í málefnum hafsins – „Maritime Policy”

Á seinni hluta ársins voru haldir fundir í sérfræðinganefnd „Maritime Policy” auk tengiliðanefndar háttsettra embættismanna. Á fundum sérfræðinganefndarinnar var kynnt vinna ýmissa ríkja við að skipuleggja verndun og nýtingu sjávar. Aðildarríkin vinna mörg hver að því að koma þessu í farveg en þau ganga mis langt í að binda ákvarðanirnar. Á meðan stjórnvöld eða þing sumra ríkja gefa út ákvarðanir eða ályktanir eru önnur að huga að því að lögbinda skipulag sjávar, svipað og gildir fyrir skipulag á landi. Framkvæmdastjórnin hefur gefið út orðsendingu um málið og eru a.m.k. 3 ráðstefnur fyrirhugaðar á vegum ESB 2009.

Á tengiliðafundi háttsettra embættismanna var meðal annars fjallað um vöktunarkerfi og stjórnunarhætti hafsins. Nokkur ríki kynntu fyrirkomulag vöktunar hjá sér auk þess sem framkvæmdastjórnin kynnti drög að samantekt um samræmingu og samhæfingu á sviði vöktunar. Einnig tilkynnti framkvæmdastjórnin að hún myndi styrkja 2-3 frumherjaverkefni tveggja aðildarríkja eða fleiri á sviði vöktunarkerfa. Fyrsti styrkurinn yrði auglýstur á árinu fyrir verkefni á Miðjarðarhafi. Í framhaldi af því yrðu styrkir auglýstir fyrir önnur hafsvæði.

Framkvæmdastjórninni var boðin kynning á upplýsingakerfi Siglingastofnunar Íslands um veður og sjólag sem hún þáði með þökkum. Miðað er við að kerfið verði kynnt síðar í vetur á sérfræðingafundi ESB um vöktunarkerfi.

Vefslóð fyrir skipulagningu á verndun og nýtingu hafsins:

<http://ec.europa.eu/maritimeaffairs>

Þriðji siglingapakinn

Frakkar náðu pólitísku samkomulagi um tvær síðustu gerðir þriðja siglingapakans þ.e. tillögur að tilskipunum um kröfur til fánarríkja og tillögu að tilskipun um fjártryggingar og ábyrgð útgerða. Í stuttu máli þá er lagt til að eftirlit aðildarríkjanna verði tekið út á sjö ára fresti í samræmi við IMO reglur. Í tillögu að tilskipun um fjártryggingar og ábyrgð er nú lagt til að útgerðir kaupi tryggingu gagnvart mögulegum skaðabótakröfum. Kostnaði aðildarríkjanna er einnig með þessu haldið í lámarki. Gerðirnar tvær fara til annarrar umræðu þingsins eftir að ríkin hafa samþykkt útfærðan texta samkomulagsins.

Aðrar gerðir pakkans fóru til annarrar umræðu þingsins og afgreiddi sameinað þing þær frá sér 24. september sl. Beðið er niðurstöðu ráðsins en væntanlega fer pakkinn í heild sinni í sáttarferil á milli ráðsins og þingsins.

FLUTNINGAMÁL

Flutningapakinn og flutningamál (Freight transport logistics)

Sk. flutningapakki hefur á tímabilinu verið til umfjöllunar hjá þinginu og ráðinu. Pakkinn samanstendur af tillögum að þremur reglugerðum; reglum um starfsemi flutningaaðila, reglum um aðgang að markaði fyrir áætlunar- og hópferðir og loks reglum um aðgang að milliríkjaflutningum. Evrópuþingið kláraði fyrstu umræðu í maí og á júnífundum sínum komst ráðið að pólitísku samkomulagi um pakkann. Markmiðið með pakkanum er að skýra og bæta núverandi reglur um fólks- og vöruflutninga í aðildarríkjunum. Ágreiningur ríkir um hversu langt pakkinn eigi að ganga í frjálsræðisátt varðandi heimildir flutningafyrirtækja frá einu ESB ríki til flutninga í öðru ESB ríki. Aðildarríkin skiptast í tvo hópa eftir því hversu langt þau vilja ganga í þessu efni. Ekkert miðaði í málinu á tímabilinu en þess er vænst að Tékkar muni taka það upp á fyrri hluta ársins 2009.

Ekkert nýtt gerðist varðandi flutningaverkefni ESB en ráðstefna er fyrirhuguð á næsta ári.

Slóð á forsíðu verkefnisins:

http://ec.europa.eu/transport/logistics/index_en.htm

VEGA- OG UMFERÐARMÁL

Grænbók um samgöngur í borgum

Framkvæmdastjórnin vinnur að aðgerðaráætlun fyrir borgarsamgöngur en ekki liggur fyrir hvenær hún verður birt.

Sjá:

http://ec.europa.eu/transport/clean/green_paper_urban_transport/preparation_en.htm

Önnur umferðar- og vegamál

Framkvæmdastjórnin birti sl. sumar svokallaðan **grænan samgöngupakka** sem gildir fyrir bifreiðar yfir 3,5 tonn að þyngd. Hann samanstendur af tillögu að tilskipun að breytingu á „Eurovignette” tilskipuninni um gjaldtöku á vegum og áhrifagreiningu tillögunnar. Lagt er til að heimilt verði að taka gjald fyrir ytri kostnað þ.e. tafatíma, hávaða og mengun og gjaldið verði mismunandi eftir álagstíma en valkvætt fyrst um sinn. Samgöngunefnd þingsins hefur pakkann til meðferðar í fyrstu umræðu.

Sjá:

http://ec.europa.eu/transport/greening/doc/road/2008_07_greening_transport_road_proposal_en.pdf

Framkvæmdastjórnin birti í október **tillögu að breytingu á tilskipun 2002/15 sem fjallar um vinnu og hvíldartíma aðstoðarmanna bílstjóra**. Fallið er frá ákvæðum gildandi tilskipunar um að hún komi innan tiltekins tíma til með að taka til einyrkja. Tillagan bíður fyrstu umræðu þingsins.

Eftirfarandi er slóð á tillöguna:

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=197502

Tillaga að tilskipun um vegrýni var afgreidd frá þinginu á tímabilinu. Ráðherraráðið samþykkti svo afgreiðslu þingsins 14. október. Tilskipunin bíður birtingar í stjórnartíðinum ESB. Með gildistöku tilskipunarinnar verður aðildarríkjunum skylt að innleiða tiltekið skipulag til þess að fara yfir (rýna) hönnun, frágang og rekstur vega með hliðsjón af öryggi þeirra.

Eftirfarandi er slóð á viðkomandi mál:

http://ec.europa.eu/transport/roadsafety/infrastructure/introduction_en.htm

Tillaga að tilskipun um eftirfylgni yfir landamæri hefur verið til umfjöllunar hjá ráðinu. Hún leggur til að setja á laggirnar kerfi sem miðlar upplýsingum um eigendur bifreiða sem nást vegna hraðakstursbrota, skorts á notkun bílbelta og vegna ölvunaraksturs. Ríkin eru sammála um markmið tilskipunarinnar en ekki fyllilega um hvort hún eigi heima undir samgöngumálum. Ekki liggur fyrir afstaða EES-EFTA ríkjanna varðandi þetta efni.

Sjá: http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=196862

FJARSKIPTAMÁL

Endurskoðun fjarskiptapakans

Mikil umfjöllun var um fjarskiptapakka framkvæmdastjórnarinnar á síðari hluta ársins. Einkum var tekist á um tillögu framkvæmdastjórnarinnar um að stofna fjarskiptaeftirlitsstofnun á vegum framkvæmdastjórnarinnar, rétt framkvæmdastjórnarinnar til

þess að hafna markaðskvöðum, jafnvægi höfundarréttarmála samanborið við rétt til aðgangs að veraldarvefnum, frjálsræði við úthlutun tíðna og loks aðgerðir til þess að hvetja til fjárfestinga í breiðbandslögnum.

Ráðherraráðið tók málið fyrir á fundi sínum 27. nóvember og náði pólitísku samkomulagi um það en Bretland, Svíþjóð og Holland sátu hjá við afgreiðsluna. Ljóst er að sjónarmið ráðherraráðsins eru mun nærri sjónarmiðum þingsins en þeim sem kom fram í upphaflegum tillögum fjarskiptapakka framkvæmdastjórnarinnar. Í afgreiðslu ráðsins var ekki miðað við að framkvæmdastjórnin fengi vald til þess að hafna tillögum að kvöðum á markaðsráðandi fyrirtæki. Einnig er ljóst að bæði ráðið og þingið vilja mun minni og takmarkaðri fjarskiptastofnun en framkvæmdastjórnin lagði upphaflega til. Þá var ekki gengið eins langt í frjálsræðisátt við úthlutun tíðna eins og framkvæmdastjórnin lagði til þrátt fyrir að það væri stutt af nokkrum ríkjum á fundinum. Einnig var sett inn í afgreiðslu ráðsins ákvæði um skiptingu áhættu á milli gömlu símafyrirtækjanna eða fjárfesta og þeirra sem fá aðgang að netinu. Með því er komið til móts við Þýskaland sem hefur lengi barist fyrir ákvæði sem styður við fjárfestingar í ljósleiðurum. Loks var samþykkt yfirlýsing ráðherrana um að ekki yrði gengið á rétt almennings til aðgangs að efni á netinu án undangengins dóms.

EFTA ríkin fjölluðu um málið á vinnunefndarfundi sínum og samþykktu að senda umsögn til þingsins sem tekur það nú til annarrar umræðu. Umsögnin fjallar einungis um afstöðu EFTA ríkjanna til fjarskiptastofnunar ESB og hvernig þau sjái aðkomu sína að henni.

Eftirfarandi eru slóðir á pakkann:

- [Texti með breytingum þingsins](#)
- [Endurskoðaðar tillögur framkvæmdastjórnarinnar \(COM\(2008\) 723\)](#)
- [Texti ráðherraráðsins frá 27 nóvember 2008](#)
- [Tillaga ráðsins að breytingu á tilskipun 2002/58/EC \(Privacy Directive\)](#)
- [Tillaga ráðsins að breytingu á tilskipun 2002/22/EC \(Universal Services Directive\)](#)
- [Endurskoðuð tillaga framkvæmdastjórnarinnar um fjarskiptastofnun ESB COM\(2008\) 720](#)
- [Texti ráðherraráðsins on 27 November](#)

Eftirfarandi er slóð á upphaflegu tillögur framkvæmdastjórnarinnar og fylgiskjöl:

http://ec.europa.eu/information_society/newsroom/cf/itemdetail.cfm?item_id=3701

Vísað er til síðustu skýrslna til nánari upplýsingar um fjarskiptapakann.

Gjaldtaka fyrir lok símtala

Í síðustu skýrslu var vikið að samráðsvinnu framkvæmdastjórnarinnar varðandi lúkningargjöld. Framkvæmdastjórnin vinnur að því að fara yfir athugasemdir sem bárust við umræðuskjal lúkningargjalda og vikið var að í síðustu skýrslu. Ekki liggur fyrir niðurstaða í málinu.

Slóð:

http://ec.europa.eu/information_society/policy/ecom/library/public_consult/termination_rate_s/index_en.htm

Tillaga að breytingu á reglugerð um alþjóðlegt reiki

Ráðherraráðið náði pólitísku samkomulagi um tillögu að reglugerð um reiki á fundi sínum 27. nóvember sl. Í því er í öllum aðalatriðum fallist á tillögu framkvæmdastjórnarinnar um að hún taki til smásöluverðs SMS skeyta, heildsöluverðs gagnaflutninga auk þess sem smásöluverð á

reiki talsambanda haldi áfram að lækka þau 3 ár sem reglugerðin kemur til með að gilda í framhaldi af núgildandi reglugerð. Þá er miðað við að upphafsgjald í reiki skuli miðað við fyrstu 30 sekúndurnar en svo verði gjaldtökuskrefið mælt í sekúndum að því loknu. Loks eru ákvæði í reglugerðinni sem ætlað er að vernda neytendur fyrir reikningsskellum þ.e. óhóflega háum reikningum fyrir gagnaflutningsþjónustu í farsíma. Málið er í fyrstu umræðu þingsins sem áætlað er að ljúki á næstu vikum. Miðað er við að klára umfjöllun þingsins og ráðsins um tillöguna svo hún geti tekið gildi í sumar.

Slóð:

http://ec.europa.eu/information_society/activities/roaming/roaming_regulation/consultation_may08/index_en.htm

Samráð varðandi mögulega aðgangsskyldu að næstu kynslóðarnetum

Framkvæmdastjórnin birti samráðsskjal varðandi hugmyndir og leiðir til þess að setja kvaðir í reglugerð um aðgang samkeppnisaðila að næstu kynslóðar netum þ.e. ljósleiðurum. Frestur til þess að skila umsögnum var til 14. nóvember. Niðurstöður samráðsins hafa ekki verið birtar. Slóð:http://ec.europa.eu/information_society/policy/ecom/library/public_consult/nga/index_en.htm

Endurskoðun reglna um alþjónustu

Framkvæmdastjórnin birti 25. september orðsendingu um alþjónustu í samræmi við 15. grein tilskipunar 2002/22 um reglulega endurskoðun á forsendum kvaða um alþjónustu. Niðurstaða orðsendingarinnar er að engin ný þjónusta, þ.m.t. breiðbandsþjónusta né farsímaþjónusta uppfylli skilyrði tilskipunarinnar fyrir flokkun sem alþjónusta. Því sé ekki ástæða til breytinga að sinni. Ráðherraráðið ræddi orðsendinguna á fundi sínum 27. nóvember einkum með hliðsjón af breiðbandsþjónustu. Þeir voru sammála um mikilvægi breiðbands fyrir upplýsingasamfélagið. Gæta þyrfti samkeppnisjónarmiða og einnig að nýta tíðni til þess að ná markmiðum um útbreiðslu. Skoða þyrfti vel hvort ástæða væri til að flokka hana einnig sem alþjónustu.

Fjarskiptanet framtíðarinnar og veraldarvefurinn

Framkvæmdastjórnin birti 29. september orðsendingu um fjarskiptanet framtíðarinnar og internetið. Fundur fjarskiptaráðherra ræddi þessa orðsendingu á fundi sínum 27. nóvember auk orðsendingu um samskiptastaðal veraldarvefsins frá 27. maí og orðsendingu frá 25. október um endurskoðun alþjónustu. Samþykkt var ályktun fundarins varðandi þessar orðsendingar sem má finna hér:

http://www.consilium.europa.eu/ueDocs/cms_Data/docs/pressData/en/trans/104387.pdf

Slóð á orðsendinguna:

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=197441

PÓSTMÁL

Vísað er til umfjöllunar í síðustu skýrslum um nýja tilskipun um frjálsræði í póstburðarmálum. Samkvæmt henni opnast markaðir fyrir póstburð frá og með 2011 utan nokkurra ríkja sem hafa heimild til þess að fresta gildisstökunni til 2013. Framkvæmdastjórnin vinnur að því með aðildarríkjunum að útfæra ákvæði tilskipunarinnar og greiða fyrir innleiðingu hennar í lög aðildarríkjanna.

Slóð fyrir póstmál: http://ec.europa.eu/internal_market/post/index_en.htm

ALMENN SAMGÖNGUMÁL

Galileo

Í síðustu skýrslum var greint ítarlega frá Galileo verkefninu sem er forgangsverkefni ESB og líklega stærsta verkefni sem sambandið hefur ráðist í. Ráðherraráðið samþykkti formlega fyrir sitt leyti að hefja vinnu við þróunaráfanga verkefnisins. Á árinu tók ríkisstjórnin ákvörðun um að ganga ásamt Norðmönnum til samningaviðræðna við ESB um þátttöku í Galileo verkefninu. Þessar viðræður standa nú yfir.

Slóð fyrir Galileo verkefnið:

http://ec.europa.eu/dgs/energy_transport/galileo/index_en.htm

SVEITARSTJÓRNARMÁL

EFTA ríkin unnu að því að stofna vettvang sveitarstjórnar innan EFTA sem samsvarar héraðanefnd ESB. Haldnir voru nokkrir fundir um málið auk þess sem rætt var við fulltrúa héraðanefndar ESB. Málið er ekki útkljáð en m.a. þurfa fulltrúar Sviss að fara yfir hvaða reglur gilda heimafyrir um þátttöku og ákvarðanir í alþjóðsamstarfi af þessu tagi.

UMHVERFISMÁL

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þróun í umfjöllun Evrópusambandsins um svokallaðan Orku- og loftslagspákka (Energy and Climate Change Package) frá því hann var lagður fram af hálfu framkvæmdastjórnar ESB 23. janúar 2008 og þar til hann var samþykktur óformlega af ráðherraráðinu og Evrópuþinginu þann 17. desember 2008. Viðfangsefnin sem falla undir Orku- og loftslagspakkann snerta fleiri ráðuneyti en umhverfisráðuneytið og má þá sérstaklega nefna iðnaðarráðuneytið í tengslum við endurnýjanlega orkugjafa.

1. Orku- og loftslagspakkinn (Energy and Climate Change Package)

1.1 FORSAGA.

Stefna ESB í loftslagsmálum var mörkuð í júní 2000 með staðfestingu "European Climate Change Programme" (ECCP), sem er aðgerðaráætlun m.a. til að undirbúa mat á áhrifum loftslagsbreytinga og marka stefnuna á því sviði í framhaldi af Kyotobókuninni 1997. Settar voru á fót nokkrar vinnunefndir, sem skipaðar voru fulltrúum stjórnvalda, atvinnulífsins (iðnaðarins), frjálsra félagasamtaka (NGOs) og háskólasamfélagsins. Í framhaldinu (2003) var samþykkt framkvæmdaáætlun (Action Plan) þar sem útfærðar voru 42 mögulegar aðgerðir sem komu út úr starfi vinnunefndanna.

Hinn 10. janúar 2007 samþykkti framkvæmdastjórn ESB orku- og loftslagspakkann (energy and climate change package) og lagði til við ráðherraráðið og Evrópuþingið að staðfest yrði: 20% samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda árið 2020 miðað við árið 1990 (30% ef um það næðist alþjóðlegt samkomulag). 20% skyldubundið hlutfall endurnýjanlegrar orku

(renewables) af heildarnotkun árið 2020 miðað við 1990 þar sem hlutur „biofuel“ yrði a.m.k. 10% af heildarnotkun.

Ráðið og þingið staðfestu þessa stefnu í mars 2007 og fólu framkvæmdastjórninni að setja fram nákvæmar tillögur um hvernig markinu skyldi náð og byrðinni skipt (effort sharing) milli aðildarríkjanna.

Orku- og loftslagspakkinn, sem lagður var fram á þinginu 23. janúar 2008, var svar framkvæmdastjórnarinnar við þeirri ákvörðun, þar sem fram koma lyklatríði varðandi framkvæmd stefnunnar. Þar er gerð tillaga um endurskoðun tilskipunar 2003/87 um viðskipti með gróðurhúsalofttegundir „Emission Trading Scheme“ (ETS) og tillaga um skiptingu byrðarinnar vegna þátta sem eru utan ETS s.s. á sviði samgangna, bygginga, þjónustu, smærri iðnfyrirtækja, landbúnaðar og úrgangs. Til að ná settu marki, sbr. ofangreint, er einnig lagt til að samþykkt verði tilskipun um notkun endurnýjanlegrar orku (renewables) og rammi utan um föngun og geymslu karbondíoxíðs í jarðlögum (CO₂ capture and storage) auk nýrra reglna um opinbera aðstoð (state aid).

- Tillögur framkvæmdastjórnarinnar og tengslin við EES samninginn.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar eru í fimm þáttum sem hér segir:

- Amending Dir. 2003/87/EC - ETS endurskoðun - (COM(2008)16 final).
- Decision on the effort of Member States to reduce their greenhouse gas emissions to meet the Community's greenhouse gas emission reduction commitments up to 2020 – (COM(2008)17 final).
- Directive on the geological storage of carbon dioxide and amending directive and regulation – (COM(2008)18 final).
- Directive on the promotion of the use of energy from renewable sources – (COM(2008)19 final).
- Community guidelines on state aid for environmental protection.

Eftir yfirferð yfir tillögur framkvæmdastjórnarinnar og eftir fund og viðræður við sérfræðing Umhverfisskrifstofu ESB (DG Environment), sem heldur utan um loftslagsmálin á vegum framkvæmdastjórnarinnar, virðist ljóst að af þessum fimm tillögum geti a.m.k. tvær varðað EES-samninginn, þ.e.a.s. breytingin á Dir. 2003/87/EC (ETS), sbr. COM(2008)16 final, og reglur sambandsins um opinbera aðstoð. Athugunarefni er hins vegar hvort ákvörðunin um skiptingu byrðarinnar, sbr. t.l. 2 hér að ofan þegar í hlut eiga þættir utan ETS falli undir EES samninginn sem og tilskipunin um endurnýjanlega orku og tilskipunin um geymslu CO₂ í jarðlögum. Tilskipunin um geymslu er ekki skyldubundin (mandatory) þ.e.a.s. leggur ekki skyldur á herðar ESB ríkjanna um neinar slíkar aðgerðir heldur setur hún ramma utan um undirbúning og framkvæmd ef ætlunin er að ráðast í slíkar aðgerðir. Hún tekur ekki yfir rannsóknir í þessu skyni.

Hér á eftir verður fjallað almennt um tillögurnar og sérstaklega um þær sem lúta að breytingu á Dir. 2003/87/EC um ETS, sbr. COM(2008)16 final. Einnig verður reynt að rýna í þær breytingar á tilskipuninni sem sérstaklega snerta Ísland en allar tillögurnar eru taldar EES tækar af hálfu ESB.

- Almennt um tillögur framkvæmdastjórnarinnar.

Tillagan um breytingar á ETS tekur mið af því að þær nái fram að ganga frá og með 2013 eða eftir að Kyotobókunin hefur runnið sitt skeið en er annars ótengd henni að öðru leyti en því að

hún nær til sömu lofttegunda og Kyotobókunin. Tillagan tengist þannig beint framhaldi Kyotobókunarinnar eftir 2012 (post Kyoto) og er stefnt að því að hún verði framlag ESB til áframhaldandi samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda en sambandið hyggst taka afgerandi forystu í þeim efnum á heimsvísu og freista þess að alþjóðlegt samkomulag um að minnka slíkan útblástur um 30% náist fyrir 2020, Að öðrum kosti verði miðað við 20% innan ESB landanna hvort sem eitthvað framhald verður eftir 2012 eftir að Kyotobókunin rennur sitt skeið. Tillagan byggist á því að baráttan og viðbrögðin við áhrifum loftslagsbreytinga sé meginviðfangsefni 21stu aldarinnar. Reiknað er með að aðgerðirnar komi í veg fyrir að hitastig hækki meira en 2° á C á yfirstandandi öld. Auk þess að draga úr losun er meginverkefnið að bregðast við með aðgerðum vegna óhjákvæmilegra breytinga sem verða hvað sem gert verður og skilur þar á milli tillagnanna og Kyotóbókunarinnar.

ETS tekur þegar yfir 11.500 fyrirtæki (energy installations) sem losa um helming CO₂ innan ESB landanna. Um er að ræða orkuveitur, olíuhreinsunarstöðvar, stáliðjuver og sementsverksmiðjur. Ætlunin er að hverfa frá landsáætlunum (NAP) sem gilda um losun á tímabilinu 2008-2012 og að hver þjóð úthluti ekki losunarkvótum, heldur verði í skrefum losun færð út á uppboðsmarkað og því verði að fullu fylgt eftir 2020.

Frá og með 2013 verði öll rafmagnsframleiðsla, önnur en með vistvænum aðferðum (vindorka, sólarorka og jarðorka til húsa hitunar), að fullu á uppboðsmarkaði. Aðrir þættir og flugið (aviation) færast yfir á uppboðsmarkað í skrefum frá og með 2013 til og með 2020. Frá og með 2013 verði 1/5 hl. losunarheimilda á uppboðsmarkaði og við bætast 10% stig á ári þau átta ár sem áætlunin nær til þannig að 100% markinu verði náð 2020. Tekjur af sölu losunarheimilda á uppboðsmarkaði renni til aðildarríkjanna. Rétt er að vekja athygli á að Barroso framkvæmdastjóri ESB svaraði því aðspurður þegar hann kynnti tillögurnar í þinginu 23. jan. sl. að ef nauðsyn bæri til, t.d. ef alþjóðasamkomulag næðist ekki, yrði að vera hægt að halda áfram úthlutun með sama hætti og gert er í dag því ekki mætti raska samkeppnishæfni og -umhverfi evrópskra fyrirtækja, s.s. álvera. Sagði hann að þetta yrði sérstaklega athugað 2010 og lagðar til breytingar ef þörf væri á.

Starfsemi, sem ekki fellur undir ETS (samgöngur, byggingar, úrgangur o.fl.) eiga einnig að leggja fram sinn skerf og lagt er til að skipting byrðarinnar í því tilviki taki mið af GDP eða vergri þjóðarframleiðslu á mann í aðildarríkunum, sem þýðir að sum lönd fá að auka losun, allt upp í 20%, s.s. Rúmenía og Búlgaría, en önnur verða að minnka losun allt upp í 20% s.s. Lúxemborg.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar um 20% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda þýða í raun 14% samdrátt í losun þeirra fyrir 2020 og 11.5% aukingu endurnýjanlegrar orku, hvort tveggja miðað við tölur frá 2005 sem segir að nokkur árangur náðist í minnkun losunar og aukningu endurnýjanlegrar orku frá 1990 til 2005.

Ætlunin er að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum verði 10% af heildarorkugjafa í samgöngum árið 2020. Í upphaflegum hugmyndum framkvæmdastjórnarinnar var miðað við að nota skyldi lífrænt eldsneyti til að ná þessu markmiði, en hætt var við það í kjölfar mikillar gagnrýni þar sem bent var á að þessi krafa gæti aukið á vandann vegna þess lands sem undir slíka eldsneytisframleiðslu yrði tekið á kostnað landbúnaðar. Við þessu er reynt að bregðast með því að skilgreina í „renewables“ tilskipuninni hvað teljist ósjálfbært „biofuel“ en þar er tekið mið af svæðum 1. jan. 2008 og það „biofuel“ telst ósjálfbært, og þar með ekki viðurkennt sem slíkt, sem framleitt er á svæðum þar sem skógur er ósnortinn af umtalsverðum

umhverfisáhrifum, svæðið nýtur verndar, er t.d. á náttúruminjaskrá, eða ef land er mjög ríkt af fjölbreyttum tegundum og er þar að auki óræktað.

Tillagan um opinbera aðstoð (guidelines on state aid) gengur út á það að heimila auknar skattaávilnanir til fyrirtækja til að auðvelda þeim að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Tillagan um geymslu á CO₂ (CCS), sem ekki verður þó skylda að framkvæma er stuðningsaðgerð en talið er að nauðsynlegt sé að þróa geymsluaðferðir og setja þeim ramma til að auka öryggi og lækka kostnað. Framkvæmdastjórnin ætlar að eyrnamerka 600 þús. evrur á ári í þessu skyni en CCS er þegar viðurkennt innan „EU Strategic Energy Technology Plan (SET-Plan)“ en tæknin sem slíkt þarfnast frekari rannsókna og þróunar áður en hún verður sett á markað. Til þessa hafa verið í gangi tilraunir s.s. í Grikklandi, Noregi og Íslandi (Orkuveita Reykjavíkur. - Hellisheiðarvirkjun). Einnig er ætlunin að slíkar rannsóknir og þróun falli undir sjöundu rammaáætlunina um rannsóknir og þróun (R&D Framework Programme). Opinber aðstoð (state aid) kemur einnig til greina í formi skattaávilnana og styrkja. Settar eru fram í tilskipuninni kröfur um viðurkenningar s.s. á landsvæðum og hvar geymsla skal óheimil, mat á áhrifum, leka, vöktun, eftirlit o.s.frv. Einnig um umhverfisábyrgð t.d. vegna skemmda á landi eða loftslagi og að það tengist tilskipuninni um umhverfisábyrgð 2004/35/EC.

Reiknað er með að orkuverð muni hækka um 10-15% fram til 2020 skv. áhrifamati framkvæmdastjórnarinnar, sem fylgir með tillögnum. Reiknað er með að nái tillögurnar fram muni kostnaður af framkvæmd þeirra vera 150-160 evrur á hvert mannsbarn innan ESB á ári að meðaltali.

Sem kunnugt er er engin orka hagkvæmari með hliðsjón af losun CO₂ en kjarnorka. Henni er hins vegar fullkomlega úthýst sem endurnýjanlegri orku og er ekki á dagskrá framkvæmdastjórnarinnar sem slík. Andris Piebalgs, orkustjóri ESB, hefur skýrlega tjáð sig í því máli og segir kjarnorku ekki vera endurnýjanlega orku.

ESB er þeirrar skoðunar að framkvæmd ETS, sem nú er á fjórða ári, hafi tekist vel og sé áhrifaríkt tæki til að markaðstengja lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (Green House Gases - GHG). Árangri verði ekki náð nema með lögbundnum aðgerðum sem skylda aðildarríkin til þátttöku og aðgerða.

- Áhrifin á Íslandi og vinnan framundan

Umhverfisráðherra og sendiherra Íslands í Brussel hafa ásamt aðstoðarfólki rætt málið við Stavros Dimas, umhverfisstjóra ESB, m.a. út frá hugsanlegum áhrifum á Íslandi sérstaklega í tengslum við áliðnaðinn út frá þeirri staðreynd að um viðkvæma starfsemi sé að ræða og ef ekki næst alþjóðleg samstaða um aðgerðir eftir 2012 um hvernig á þeim málum verður tekið geti það leitt til gjörbreyttrar samkeppnisaðstöðu og flutnings slíkra fyrirtækja frá Evrópska Efnahagssvæðinu til landa sem ekki gera sömu kröfur til minnkunar útblásturs.

Ljóst virðist að breytingar á 2003/87/EC (ETS) og leiðbeiningar um framkvæmd opinberrar aðstoðar (state aid) séu hluti af EES samningnum. Álitamál er hins vegar hvort tilskipunin um "renewables" og tilskipunin um geymslu CO₂ falli undir EES samninginn og ákvörðunin um skiptingu byrðarinnar þegar í hlut eiga atriði utan ETS falla þar ekki undir.

Eins og ráða má af breytingum sem lagðar eru til á ETS er það fyrst og fremst álframleiðslan, járnblendisframleiðslan, sementsframleiðslan og steinullarframleiðslan sem koma til

skoðunar. Þessir þættir eru til skoðunar út frá því hvort þeir falli undir breytta tilskipun sem og plastbátasmíði sem gæti fallið hér undir og einnig er verið að kanna hvort einhver efnaiðnaður er á Íslandi sem fellur hér undir.

Starfshópur á vegum umhverfisráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins, og iðnaðarráðuneytisins fjallar sem stendur um málið og metur út frá EES samningnum sem og þau áhrif sem þetta hefur á starfsemi á Íslandi og áður er nefnd.

1.2 FUNDUR Í UMHVERFISNEFND EVRÓPUÞINGSINS (ENVI) 23. JÚNÍ 2008 UM CCS OG „RENEWABLES”

Þann 23. júní var fjallað um ofangreind mál í ENVI. Annars vegar gerði Chris Davies, þingmaður á EP, „rapporteur” umhverfisnefndar þingsins grein fyrir drögum að breytingum á tillögu framkvæmdastjórnarinnar, sbr. tilskipun. um CCS, COM(2008)18, og hins vegar gerði Anders Wijkman, þingmaður á EP, „draftsman” Umhverfisnefndarinnar grein fyrir drögum að breytingum á tillögu framkvæmdastjórnarinnar, sbr. tilskipun um „renewables”, COM (2008) 19, en bæði þessi mál voru kynnt í þinginu af hálfu framkvæmdastjórnarinnar 23. jan. sl. ásamt tillögum að tilskipun um breytingar á ETS 2003/87/EC, sbr. COM (2008)16, og ákvörðun um "effort sharing", sbr. COM (2008) 17.

- CO2 Capture and Storage (CCS)

Chris Davies fór nokkrum orðum um ástand mála sérstaklega í tengslum við kolaverin. Sagði hann að fyrirhugað væri að byggja 150 kolaver á næstu árum í USA, Kína og Indlandi sem væri gríðarleg aukning eða um 70% miðað við afkastagetu kolavera á þriðja áratug síðustu aldar. Um 30% kolavera í heiminum væru úrelt og enginn virtist bera ábyrgð á leka frá þeim. Sérfræðiþekking á CCS væri lítil og einstök lönd varla í stakk búin til að takast á við verkefnið. Engin fjárhagslegur grunnur væri heldur fyrir hendi t.d. engir sjóðir hjá ESB. Ekki væri vitað um burði ESB landanna til að takast á við verkefnið og spurningin væri hvort ekki ætti að skyldubinda hlutaðeigandi fyrirtæki til að nota CCS í stað þess að skylda þau til að fara eftir settum reglum ef þau hygðust nota CCS. Hans skoðun var sú að hyggilegast væri að skyldubinda CCS en til þess að svo mætti vera þyrfti að vinna málið betur og vanda sérlega til verksins. Hann taldi vel geta komið til greina að skyldubinda notkun CCS hjá iðnaðinum 2015 og í annarri starfsemi sem losar CO2 frá og með 2025.

Chris Davies sagði það engum vafa undirorpið að með nýtingu CCS væri stigið stórt skref fram á við og það hlyti að verða keppikefli hlutaðeigandi að taka upp þá tækni og selja losunarkvóta sína þegar verðið væri komið í 30 evrur tonnið og bankar í Evrópu farnir að gera út á kvótakaup og sölu.

Helstu breytingar sem Chris Davies leggur til snúast um notkun hugtaka þannig að ekki fari milli mála hvað átt sé við með einstökum orðum og orðasamböndum. Orðið „significant” er nánast „manifestó” eða gegnumgangandi í tillögu framkvæmdastjórnarinnar án nokkurrar skilgreiningar. Sem dæmi má nefna hvað þýðir: „Significant leakage”? Einnig leggur hann til að settir verði raunhæfir frestir og einnig að fyrirtækjum verði veitt forskot séu þau í stakk búin til að byrja.

Góður rómur var gerður að breytingartillögum Chris Davies. Helsta gagnrýnin kom frá ítölskum þingmanni Proti, sem hélt því fram að CCS væri eingöngu friðþæging til þess að hægt væri að halda áfram á sömu braut og verið hefur. CCS væri ekkert annað en losun og því engin lausn. Hjá framkvæmdastjórninni kom fram að 20% markmiðinu 2020 yrði ekki

náð nema með CCS. Tæknin sé hins vegar ekki það langt komin að hægt sé að gera þetta að skyldu (mandatory) auk þess sem setja þurfi strangar reglur um það hvernig brugðist skuli við leka, s.s. með leyfissviptingum og umhverfisábyrgð (Directive on environmental liability).

Frestur til að setja fram aths. við drögin var til hádegis þann 8. júlí. Reiknað var með að fyrri yfirferð í þinginu um málið lyki 21. september en stefnt var að afgreiðslu málsins eins og alls orku- og loftslagspakkans fyrir áramót og eigi síðar en fyrstu vikur næsta árs.

Umhverfisráðuneytið sendi inn athugasemd við CCS og minnti á að tilskipunin yrði líka að taka mið af því að verið væri að koma gróðurhúsalofttegundum fyrir endanlega en ekki aðeins til geymslu. Var í því tilviki bent á tilraunaverkefni Orkuveitu Reykjavíkur við Hellisheiðavirkjun en tilraunin gengur út á það að dæla gróðurhúsalofttegundum djúpt í jörðu þar sem þær mundu síðan umbreytast í berg (basalt). Svar hefur borist frá Chris Davies þar sem fram kemur að slíkt fyrirkomulag muni rúmast innan tilskipunarinnar.

- Endurnýjanleg orka (renewables).

Í máli Anders Wijkman kom fram að menn litu loftslagsmálin miklu alvarlegri augum í dag en þegar framkvæmdastjórnin lagði fram tillögur sínar fyrir tæpu hálfu ári. Margt hefði komið fram á síðustu mánuðum sem sýndi að grípa þyrfti til aðgerða strax ef ekki ætti illa að fara. Þess vegna skipti endurnýjanleg orka höfuðmáli við að ná árangri í því að ráðast gegn loftslagsvandannum. Í þessu tilviki væri ákveðið vandamál bundið við það hvar ætti að staðsetja „renewables“. Á það að vera undir umhverfismálum eða orkumálum innan ESB. Fram kom í máli hans að „biofuels“ væri nánast út úr myndinni sem gerði málið erfiðara og að 10% „binding target“ næðist ekki. Hann leggur því til 8%. Einbeita þurfi kröftum ESB meira að því að nota sellulósa, sólarorku og sjávarfallaorku. Aukning á framleiðslu „biofuels“ auki losun GHG bæði vegna reksturs og landnotkunar og brennslan á því, t.d. á vélum valdi gróðurhúsalofttegundum.

Í stuttu máli má segja að umræðan hafi fyrst og síðast snúist um „biofuels“ en að öðru leyti ríkti nokkuð góð sátt um málið og almennt virtist sú skoðun ríkjandi að „biofuelmálið“ ætti ekki að granda málinu enda hlutdeild þess það lítil eða samtals 3% af heildinni.

Þar sem tillögur Anders Wijkman voru fyrst lagðar fram á fundinum og þátttakendur því ekki haft tóm til að kynna sér þær varð engin umræða um fresti til að skila athugasemdum en stefnt var að því að klára málið í þinginu með öðrum þáttum „orku- og loftslagspakkans“, sbr. það sem áður segir.

Drög að tilskipun um endurnýjanlega orku eru til skoðunar hjá iðnaðarráðuneytinu. Hvort gerðin er EES tæk er til athugunar hjá hlutaðeigandi ráðuneytum. Þessi tilskipun hefur litla þýðingu fyrir Ísland að öðru leyti en því að það þarf að vera alveg klárt að jarðhiti falli hér undir. Umhverfisráðuneytið hefur bent á þennan þátt sérstaklega og fengið skýr svör um að svo sé.

Sjá jafnframt umfjöllun um orkumál annars í kafla iðnaðarráðuneytisins í þessari skýrslu.

1. 3. TILLÖGUR „RAPPORTEUR“ AVRIL DOYLE UM BREYTINGAR Á TILLÖGUM FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB UM ENDURSKOÐUN ETS

Avril Doyle þingkona á Evrópuþinginu og „rapporteur“ Umhverfisnefndar þingsins vegna tillagna framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á ETS 2003/87/EC, kynnti í ENVI 25. júní

sl. drög að breytingum við tillögurnar sbr. COM(2008)16. Drög að breytingum voru í 38 liðum.

Helstu atriði og breytingar sem koma fram hjá Avril Doyle voru:

- Stuðst er við tillögur framkvæmdastjórnarinnar í megindráttum og tillagan um 20% samdrátt fyrir 2020 talin eina færa leiðin til þess að ná alþjóðlegu samkomulagi um málið. Ef auka ætti kröfurnar upp í 30% gætu ESB löndin staðið frammi fyrir því að ekkert samkomulag næðist um post-Kyoto á Kaupmannahafnarfundinum í des. 2009. Ná þyrfti „pólítísku“samkomulagi á heimsvísu og pólitík er list hins mögulega, komst Doyle að orði.
- Doyle vísar frá öllum hugmyndum um að ákveðin starfsemi eins og kolaverin fái ókeypis úthlutun utan uppboðs og leggur til að öll hlutaðeigandi starfsemi sitji við sama borð. Fram kom í máli hennar að tækist að „hreinsa“ kolaverin um 1% þá gæfi það meira af sér til loftslagsverndar en öll endurnýjanleg orka sem notuð er í ESB í dag en hún er um 4% af heildarnotkuninni. Hún vísar einnig á bug þeirri tillögu framkvæmdastjórnarinnar að settur verði fram listi yfir starfsemi sem telst viðkvæm af samkeppnisástæðum, t.d. vegna hugsanlegs flutnings til annarra landa þar sem kröfur eru minni, þar sem það gæti verið skaðlegt í viðræðunum um post -Kyoto og að taka verði á málinu á heimsvísu.
- Doyle leggur mikla áherslu á að aðildarríkin samþykki að minnst 50% af uppboðstekjum vegna losunarheimilda fari í sérstakan ESB sjóð eða alþjóðlegan sjóð, sem verði varið til loftslagsbætandi aðgerða, uppgræðslu skóga, tækniframfara og aðlögunar. Rétt er að benda á að tillögu framkvæmdastjórnarinnar um 20% hefur þegar verið vísað frá af hálfu margra landa ESB. Mikilvægt sé að nota fjármunina til þess að aðstoða þjóðir sem ekki hafa átt þátt í því að skapa loftslagsvandann.
- Doyle leggur til að ETS nái einnig yfir „maritime“ og siglingar komi inn 2015 en fram að því verði farið með losun frá siglingum skv. NON-ETS reglum sem eiga að gilda um samgöngur á landi, landbúnað o.fl. Einnig leggur hún til að skógareyðing falli hér undir með hliðsjón af því að gera skógrækt sjálfbæra.
- Varðandi CCS leggur Doyle til að losun 60 milljón tonna af CO2 fari ókeypis til þeirra 12 fyrirtækja sem hefja starfsemi og verslun með CCS fyrir 2015 en ætlun ESB er að 15 fyrirtæki taki þátt í þessu verkefni og hafa þegar tvö norsk fyrirtæki verið viðurkennd í þeim hópi af þeim 8 sem þegar hafa verið valin. Þessi „bónus“ standi einnig til boða hverju landi sem staðfestir nýjan alþjóðlegan loftslagssamning sem taki við að Kyoto. Fyrirtækin geti síðan selt þessar heimildir þar sem þau losi ekki CO2 út í andrúmsloftið.
- Doyle vill auka magn þess losunarkvóta sem fyrirtæki geta keypt vegna JI (Joint Implementation)/CDM (Clean Development Mechanism) en eingöngu í þeim tilvikum þar sem uppfylltar séu strangar kröfur sem sýni fram á árangur (goal standard type). Mörg verkefni séu í gangi og lítið sem ekkert sé vitað um árangur og í sumum tilvikum liggi fyrir að hann sé enginn.

Í umræðunni sem fylgdi á eftir kom aðallega fram gagnrýni á að ekki skyldi miða við 30% samdrátt 2020 þar sem fyrir lægi að draga þyrfti úr losun milli 25-40% fyrir 2020. Því væri

óraunhæft að koma með þau skilaboð til viðkomandi starfsemi að 20% væri nóg í iðnríkjunum.

Efasemdir komu fram við að taka siglingar og skógareyðingu inn á þessu stigi. Betra væri að ná alþjóðlegum samningi um málið.

Gagnrýnt var að gert væri ráð fyrir því að vararafstöðvar s.s. fyrir sjúkrahús og aðra neyðarstarfsemi væri inni enda sáralítið notuð og viktaði ekki neitt.

„Grænir“ gagnrýndu sérstaklega „hreina tækni“ (Clean Development Mechanism - CDM) og að ef auka ætti hlutdeild hennar væru það skilaboð um að ríkin sjálf þyrftu ekki að taka til í eigin garði því þau gætu gert það í annarra gördum.

„Liberals“ bentu á að ef ekki tækist að ná alþjóðlegum samningi eftir Kyoto væri til lítils að ESB gerði nokkuð í málinu þar sem starfsemi innan ESB vægi aðeins 15% af heildinni og því óraunhæft að setja kröfur á þau fyrirtæki sem þar starfa auk þess sem það viktaði lítið af heildinni. Umræða um þennan þátt varð ansi heit m.a. út frá því forystuhlutverki sem ESB hyggst taka í málinu og var m.a. bent á að USA og Japan væru að taka upp svipað kerfi og ETS.

Það liggur ljóst fyrir að í tillögum Avril Doyle er ekki gert ráð fyrir neinum ívilnunum til „viðkvæmra“ fyrirtækja heldur sitji allir við sama borð frá upphafi og kaupir losunarkvóta á uppboði. Þótt kolaverin hafi sérstaklega verið nefnd, enda einn helsti losunarvaldurinn, gildir þetta einnig um álver og stáliðjuver.

Doyle leggur áherslu á aukna hlutdeild í samstarfsverkefnum um hreina tækni (JI/CDM) að uppfylltum ströngum kröfum um árangurssýnileika. Þetta ætti að koma Íslandi til góða sé áhugi á því.

Doyle leggur til að skógrækt verði tekin inn í ETS. Ekki er hins vegar minnst á uppgræðslu lands og jarðvegsvernd. Umhverfísráðuneytið hefur formlega bent Avril Doyle á mikilvægi þess að litið verði til landgræðslu lands og jarðvegsvernd í þessu skyni enda hægt að ná verulegri bindingu á þann hátt. Hér er um áhersluverkefni að ræða hjá Íslandi í baráttunni við loftslagsbreytingar. Umhverfísráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir, hitti Avril Doyle um miðjan september sl, sérstaklega til þess að ræða þessi mál og önnur er varða hagsmuni Íslands og tengjast framkvæmd breyttrar tilskipunar um viðskipti með gróðurhúsalofttegundir (ETS).

1.4. FRAMVINDA MÁLA HJÁ EVRÓPUÞINGINU OG RÁÐHERRARÁÐINU – SAMKOMULAG LEIÐTOGA ESB 12. DES. OG AFGREIÐSLA ÞINGSINS 17. DES 2008

- Ráðherraráðið - afgreiðsla 12. des. 2008.

Leiðtogar ESB (European Council Summit) komust að samkomulagi á fundi sínum í Brussel 12. desember um afgreiðslu "pakkans" og í beinu framhaldi náðist óformleg niðurstaða með "EP's Political Group" og "Committee of permanent representatives" (Coreper) um niðurstöðuna. Þann 17. des. fór fram umræða um málið í þinginu eins og greint verður frá hér síðar.

Helstu atriði samkomulagsins eru:

1. Emission Trading Scheme (ETS):

- Útreikningar losunar.

Útreikningar vegna losunar verða byggðir á árinu 2005 eða meðaltali áráanna 2005 - 2007. Aðildarríkjum verður heimilt að bæta við 5%, jafnvel meira, að fenginni sérstakri heimild Framkvæmdastjórnar ESB, vegna óvenjulegra veðurskilyrða (kuldaköst-fimbulvetur).

- Orkuiðnaðurinn.

Krafa um 100% uppboð 2013. Öll ný fyrirtæki og fyrirtæki í rekstri 2008 falla hér undir og verða að greiða fyrir losunarheimildir (aðalregla). Frá því eru undantekningar til aðildarríkja sem eru sérstaklega háð kolum sem orkugjafa en þau verða að greiða sem nemur 30% fyrir kvóta á markaði árið 2013 sem síðan fer stigvaxandi í 100% í síðasta lagi 2020. Gert er ráð fyrir tímabundinni ókeypiss úthlutun til orkuvera í starfsemi 2008 til að nútímavæða framleiðsluna og verður úthlutunin dregin frá þeim losunarkvóta sem hlutaðeigandi land hefði annars selt á uppboði og bundið 70% af staðfestri meðaltalslosun þessara framleiðenda á árunum 2005 -2007 og minnkar jafnt og þétt þar til hún fellur að fullu niður 2020.

- Iðnaður, sem ekki er talinn viðkvæmur vegna kaupa á orku (non-leakage).

Heimildir verða boðnar út sem nemur 20% árið 2013 og fer í 70% árið 2020 og 100% árið 2025. Þarna er í reynd verið að gefa stóru fyrirtækjunum fimm ára frest ef miðað er við fyrirbyggjandi tillögur.

- Iðnaður, sem er talinn viðkvæmur vegna kaupa á orku (leakage).

Sérstök ástæða til að koma í veg fyrir að slíkur iðnaður flytjist frá ESB löndunum til landa þar sem ekki eru gerðar eins miklar kröfur til umhverfisverndar. Þessi iðnaður fær 100% frían kvóta hafi hann yfir að ráða a.m.k. 10% BAT (the most energy efficient technologies). Iðnaður sem fellur undir þetta (sector/subsector) er; efnaiðnaður, járníðnaður, sementsiðnaður, áliðnaður, gleriðnaður og keramik iðnaður og skal farið að í samræmi við aðgerðir sem þróaðar verða (væntanlega af Framkvæmdastjórninni) þar sem lagt verður út frá viðbótarframleiðslukostnaði og áhrifum innflutnings- og útflutningstekna. Þessi ákvörðun verður tekin til sérstakrar endurskoðunar í ljósi niðurstöðu viðræðna um alþjóðlega samninga (post - Kyoto) og skal Framkvæmdastjórnin gefa skýrslu út um málið 2010 eða 2011 eftir því hvernig alþjóðlegu samkomulagi reiðir af á þessu sviði.

2. Ráðstöfun tekna vegna sölu á losunarheimildum (revenues).

Samstaða náðist um að 88% tekna vegna sölu losunarheimilda verði skipt milli aðildarríkja m.v. 2005 staðfesta losun. Einnig að 10% verði ráðstafað til þeirra landa sem hafa lægstu þjóðartekjur á mann (GDP) og 2% til landa sem náðu 20% minnkun losunar 2005 m.v. 1990 en þau lönd eru; Búlgaría 15%, Tékkland 4%, Eistland 6%, Ungverjaland 5%, Lettland 4%, Litháen 7%, Pólland 27%, Rúmenía 29% og Slóvakía 3%. Þýskaland og Bretland voru andvíg þessu ákvæði (solidarity fund) en féllu frá því til að ná samkomulagi um málið

3. Skipting byrðarinnar (*Burden sharing*) utan ETS.

Undir þetta falla byggingariðnaðurinn, samgöngur að frátöldu fluginu, sem kemur undir ETS 2012, landbúnaður og úrgangur. Ætlunin er að ná um 10% heildarminnkun innan þessara greina árið 2020 m.v. 2005.

4. Clean Development Mechanism/Joint Implementation - (CDM/JI).

Aðildarríkin geta nýtt sér CDM/JI tækni (credits) vegna framkvæmda í þróunarlöndunum og löndum þar sem efnahagmál eru í þróun allt að 3% af staðfestri losun 2005 og upp í 4% með tilteknum skilyrðum ef þau ætla að að minnka losun um allt að 5%. Þau lönd sem hér eiga hlut að máli eru; Austurríki, Finnland, Danmörk, Ítalía, Spánn, Belgía, Luxemborg, Portúgal, Írland, Slóvenía, Kýpur og Svíþjóð eða alls 12 lönd af 27 löndum ESB. Þetta þýðir að 3% eftir atvikum 4% af minnkun losunar sem gerð er krafa um getur farið fram utan sjálfs landsins sem hlut á að máli. Ekkert þessara landa nýtur framlags úr 2% sjóðnum (solidarity fund).

5. Opinber aðstoð (*Staid Aid*).

Aðildarríkin mega nota hluta af tekjum vegna sölu losunarheimilda á árunum frá og með 2013 til og með 2016 til að endurbæta eða byggja ný orkuver. Þetta er sérstaklega talið koma Þýskalandi til góða.

6. Carbon Capture and Storage (CCS).

Lagðar eru til 300 milljónir losunarheimilda á 30 evrur CO₂ tonnið eða sem nemur 9 milljörðum evra sem tekið verður af varaheimildum (reserve) vegna nýrrar starfsemi (new entrants). Upphæðin var hækkuð úr 200 milljónum losunarheimilda eins og Frakkland lagði til en ekkert ákveðið með önnur úrræði en CCS. Ætlunin er að fara í 12 tilraunarverkefni sem hefjast 2015 og reiknað er með að tæknin verði til taks 2025.

7. Endurnýjanlega orka (*renewables*).

Sjá 1.5. hér á eftir.

1.5 SAMKOMULAG RÁÐS OG ÞINGS UM TILSKIPUN UM ENDURNÝJANLEGA ORKU (COM(2008)19 final) 12. des. 2008.

Þann 9. desember sl. náðist samkomulag í samákvörðunarferli (co-decision) ráðherraráðs og þings um efni tilskipunar um aukna notkun endurnýjanlegrar orku. Í tilskipuninni eru sett fram bindandi markmið fyrir einstök aðildarríki um aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa og er þeim ætlað að stuðla að því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun sambandsins verði 20% árið 2020 sem og því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum verði 10% heildarorkugjafa í samgöngum árið 2020.

Í tilskipuninni er m.a. fjallað um lífrænt eldsneyti (biofuels). Kröfurnar sem gerðar verða til þess taka mið af því að losun frá því verði í upphafi 35% minni en þegar venjulegt eldsneyti á í hlut og hækki í 45% 2020. Mikil gagnrýni kom fram hvað þetta varðar, sérstaklega frá NGOs (Greenpeace o.fl.) þar sem bent er á að verið sé að leggja landbúnaðarland undir orkuframleiðslu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir matvælaframleiðslu og -verð. Ekkert tillit hefur verið tekið til þessa hjá ráði og þingi nema hvað varðar áður nefnd viðmið um hvað geti talist lífrænt eldsneyti. Tilskipunin er merkt EES tæk sem í sjálfu sér er ekki ákvarðandi en felur eigi að síður í sér að málið kemur til umfjöllunar EFTA þannig að EES/EFTA löndin verða að bregðast við s.s. með því að fallast á að um EES tæka tilskipun sé að ræða að öllu leyti eða að hluta eða alls ekki og færa fyrir því rök. Ljóst er að ríkari löndin (mælt í GDP)

verða að leggja meira af mörkunum en þau fátækari. Hlutdeild endurnýjanlegrar orku nemur í ESB um 8% í dag þannig að langt er í land. Fari svo að tilskipunin verði talin EES tæk er ljóst að gerðar verða auknar kröfur til Íslands um hlutdeild endurnýjanlegrar orku. Spurningin er hins vegar sú hvort mögulegt sé að fara ofar m.v. núverandi aðstæður svo nokkru nemi. Miðað við skilgreiningu ESB á hugtakinu „endurnýtanleg orka” (reuse) þá er hlutfallið er væntanlega vel yfir 50% (vatnsafl og jarðhiti). Margar spurningar vakna verði niðurstaðan sú að um EES tæka gerð sé að ræða, s.s. hvert verði hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA.

Rétt er að vekja athygli á að tilskipunin fellur ekki undir viðauka XX í EES-samningnum (umhverfismál) eins og ETS og CCS heldur undir orkumál og er því á forræði iðnaðarráðuneytisins. Eigi að síður er málið hluti af "orku- og loftslagspakka" ESB og í ljósi þess að ESB hefur þegar ákveðið að orkumálin verði í framtíðinni tengd loftslagsmálum og öðrum umhverfismálum er brýnt að umhverfisráðuneytið láti málið einnig til sín taka.

1.6 AFGREIÐSLA ORKU- OG LOFTSLAGSPAKKANS Í EVRÓPUÞINGINU 17. DES. 2008.

- a) ETS (Directive).

Þingið afgreiddi "pakkann", þ.e.a.s. fyrri yfirferð þann 17. des. sl., og eru breytingarnar nánast engar frá því sem ráðherraráðið hafði samþykkt, sbr. hér að framan. Hafa ber í huga að samráðsferli fór fram milli þings, ráðs og framkvæmdastjórnarinnar áður þannig að línur höfðu verið dregnar. Afgreiðslan á ókeypis úthlutunarheimildum til iðnaðarins (energy sensitive industries) hefur vakið deilur sem og teygjanleikinn sem sumar þjóðir njóta vegna þess að þær eru háðar framleiðslu orku með kolum. Allir stjórn mála flokkar á Evrópuþinginu styðja þó málið en Grænir þó eingöngu vegna hins ískalda veruleika sem við blasir þ.e.a.s. pakki - enginn pakki. Hvað sem um þetta má þó segja eru menn almennt sammála um að með „THE package” hafi ESB löndin tekið afgerandi forystu í þessum málum sem sé gott veganesti fyrir COP 15 í Khöfn í desember n.k.

Málin fóru þannig að yfirgnæfandi meirihluti eða 610 greiddu atkvæði með ETS, 60 voru á móti og 29 sátu hjá. Það hlýtur að teljast afgerandi niðurstaða. Breytt ETS frá og með 2013 nær því einnig til áliðnaðar, járnblendiiðnaðar, sementsframleiðslu og steinullarframleiðslu svo nefnd sé starfsemi sem starfrækt er á Íslandi og hefur því verulegar breytingar í för með sér. Ætlunin er að draga úr losun skv. breyttu kerfi árið 2020 um 21% m.v. 2005.

Þótt meginreglan sé uppboð á öllum heimildum þegar frá 2013 eru frá því veigamiklar undantekningar, sem sérstaklega koma Austur Evrópuríkunum til góða. Þau lönd sem undir það falla (háð kolum 60% eða meira við orkuframleiðslu) fá 80% frían kvóta fyrir „energy sensitive industries” 2013 sem síðan dregur úr niður í 30% 2020 og mun að fullu komin á uppboðsmarkað 2027 en ekki 2025 eins og leiðtogafundurinn hafði náð samkomulagi um 12. des. sl. Framleiðsla sem er í hættu vegna „leka” til annarra landa (relocation) getur fengið allt að 100% ókeypis úthlutun þar til alþjóðlegir samningar hafa náðst sem tryggja stöðu þeirrar framleiðslu m.v. að notuð sé besta fánlega tækni. Í því tilviki verður miðað við (benchmark) 10% best reknu fyrirtækjanna hvað varðar áhrif á umhverfið. Framkvæmdastjórnin mun skilgreina fyrir 31. des. nk. hvaða „sektorar” falla hér undir en ljóst er að áliðnaður fellur hér undir. Í því skyni væri rétt að líta til í hvaða samkeppnisstöðu íslenskur áliðnaður er m.v. áliðnað í þessum löndum þar sem á Íslandi er eingöngu notuð endurnýjanleg orka við álframleiðslu.

Málamiðlun þings og ráðs felur einnig í sér að 50% a.m.k. af tekjum (takings) vegna sölu á losunarheimildum í stað 20%, eins og framkvæmdastjórnin lagði til, verði varið af aðildarríki til loftslagsbætandi aðgerða, þróunar umhverfisvænnar tækni, baráttu gegn skógareyðingu og aðstoð við þróunarríki á sviði loftslagsmála. Krafa þingsins um að hluti færi til sjóðs undir Kyoto náði ekki fram.

b) Ráðstöfun tekna af sölu losunarheimilda.

Tekjum af sölu losunarheimilda verður skipt milli ESB landanna miðað við verga þjóðartekjur á mann (GDP) auk þess sem 10% verður ráðstafað til þeirra landa sem hafa lægstu þjóðartekjur á mann og 2% til landa sem náðu 20% minnkun losunar 2005 m.v. 1990, sem kemur nfu austur Evrópulöndum til góða.

- c) Skipting byrðarinnar – Effort Sharing (Decision).

Ákvörðunin var samþykkt með 555 atkvæðum, 93 voru á móti og 60 sátu hjá. Fjallar um starfsemi utan ETS (byggingarstarfsemi, flutningar á vegum og á sjó, þjónusta, landbúnaður, úrgangur og smærri iðnaðarstarfsemi). Á að leiða til 10% samdráttar 2020 m.v. 2005 í losun.

Einnig geta aðildarríkin nýtt sér CDM/JI tækni (credits) vegna loftslagsbætandi framkvæmda í þróunarlöndum allt að 50% af heildarheimildum ESB skv. Kyoto vegna ETS og 3% fyrir NON-ETS (Burden sharing) sem í vissum tilvikum getur farið upp í 4% enda yrði um að ræða viðvarandi minnkun losunar sem því næmi.

- d) Endurnýjanleg orka (Directive).

Tilskipunin (renewables) var samþykkt með 635 atkvæðum, 25 voru á móti og 25 sátu hjá. Gerir kröfu um 20% hlutdeild endurnýjanlegrar orku í aðildarríkjunum þar sem gerðar eru mismunandi kröfur til einstakra aðildarríkja. Gerðin fjallar líka um lífrænt eldsneyti (biofuels) og hvað telst lífrænt eldsneyti í skilningi hennar.

- e) Föngun og geymsla CO2 - CCS (Directive).

CCS tilskipunin var samþykkt með 623 atkvæðum, 68 voru á móti og 22 sátu hjá. Samkomulag náðist milli þings og ráðs um fjárframlög 300 milljón losunarheimilda á 30 evrur CO2 tonnið eða sem nemur 9 milljörðum evra af fjárveitingum ESB. Þetta segir að hægt verður að hleypa af stokkunum 9 eða 10 tilraunaverkefnum 2015 en upphaflega var áætlað að þau væru 12. Einnig náðist samkomulag um það að nýjar orkustöðvar með meira en 300MW framleiðslu yrðu að huga að því hvort aðstæða væri til geymslu á CO2, að flutningskerfi væri áreiðanlegt og hvort tækni og efnahagur gerðu það fýsilegt að búa orkustöðvum skilyrði til að fanga og geyma CO2. Ekkert varð úr þeim áformum að gera kröfu á nýjar orkustöðvar, sérstaklega kolavera, um að hafa yfir slíkum búnaði og geymslu að ráða. Hér væri e.t.v. rétt að huga að því verkefni sem Orkuveita Reykjavíkur er að vinna að á Hellsheiði og hvort hægt sé að koma því að sem slíku verkefni.

- f) Gæði eldsneytis (Directive) og takmörkun CO2 frá einkabílum (Regulation).

Einnig náðist samkomulag um ofangreint sem er að eldsneyti losi 10% minna CO2 árið 2020 og að losun CO2 frá nýjum einkabílum verði 130gr. CO2/km 2015 sem skiptist þannig að 65% nýrra bíla nái því marki 2012, 74% 2013, 80% 2014 og 100% 2015. Reglugerðin setur einnig langtíamarkmið sem er 95gr. CO2/km árið 2020 auk viðurlaga ef markmið nást ekki (snýr að bílaframleiðendum).

2. Önnur mál

2.1 Erika III pakkinn (öryggi sjófarenda).

Eftir þriggja ára viðræður virðist land í sjónmáli en stefnt er að afgreiðslu heildarpakkans í mars nk. Um er að ræða tillögur framkvæmdastjórnar ESB um sex tilskipanir þ.e.a.s.:

- eftirlit með skipaumferð (vessel traffic monitoring),
- stjórnun rannsókna á slysum (governing the investigation of accidents)
- hafnaeftirlit (port state control),
- reglur um eftirlit með skipum og eftirlitsstofnanir (rules for ship inspection and survey organisations),
- viðurkenningu á skyldum fánaríkja (respect of flag state obligations),
- ábyrgð skipaeigenda (civil liability and financial guarantees of ship owners)

Auk tilskipana eru tvær reglugerðir. Önnur um ábyrgð í farðþegaflutningum (liability of carriers of passengers in the event of an accident og common rules for ship inspection) og hins vegar almennar reglur um eftirlit með skipum og eftirlitsstofnunum (survey organisations). Þetta mál fellur undir samgönguráðuneytið en varðar einnig umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun vegna laga um „höf og strendur“ og Landmælingar Íslands vegna fjarkönnunar. Því er rétt að umhverfisráðuneytið og þessar stofnanir fylgist vel með nú loksins þegar sér fyrir endann á málinu. Aðal ágreiningsefni hefur verið skylda "fánaríkisins" en upphaflega var lagt til að "fánaríkið" bæri ríkar skyldur til aðgerða en það var útpynnt m.a. vegna þess að nokkur lönd innan ESB s.s. Kýpur og Malta "ljá máls á fánum sínum" (hentifánar).

2.2 Niðurstaða varðandi nýja reglugerð um varnarefni (Pesticides legislation).

Þing og ráð náðu saman um markaðssetningu og sjálfbæra notkun á varnarefnum þann 18. des. sl. Reglugerðin bannar notkun um 20 efna. Settur verður jákvæður listi yfir virk efni (chemical ingredients) og varnarefni verða leyfisskyld á landsvísu í samræmi við þann lista. Sérlega hættuleg efni verða bönnuð, sérstaklega þau sem geta valdið genabreytingum (stökkbreytingum) nema áhrif þeirra séu óveruleg. Efni sem valdið geta tauga- eða ofnæmisviðbrögðum eða hormónabreytingum verða bönnuð sé áhættan umtalsverð. Bannið tekur gildi 2009 með því að ekki verða gefin út endurnýjuð leyfi fyrir þessum efnum. Valdi varnarefni alvarlegri hættu fyrir plöntur, þ.e. heilbrigði þeirra, þarf samþykki fyrir þeim í allt að fimm ár jafnvel þótt þau falli ekki undir ofangreint.

Framleiðslu sem inniheldur hættuleg efni skal hætt innan þriggja ára sé til að dreifa öðrum hættuminni efnum.

Nýja reglugerðin kemur í stað gildandi reglugerðar innan ESB en varnarefni sem eru á markaði samkvæmt gildandi reglugerðum mega vera í notkun þar til leyfi fellur úr gildi. Ekki er reiknað með verulegri innköllun efna vegna þessa.

2.3 Biotechnology (GMOs).

COM (Barroso) leggur mikla áherslu á að í byrjun árs 2009 verði tekið á þessum málum með verulega hertum reglum. Ágreiningur virðist þó vera við DG Environment um málið þar sem Dimas umhverfisstjóri ESB lagðist gegn afgreiðslu málsins fyrir síðustu áramót.

2.4 Öryggi leikfanga.

Unnið er að gerð reglna (directive) um öryggi leikfanga og samþykkti þingið þann 18. des. sl. tillögu COM um strangari reglur heldur en Dir 88/378/EEC kveður á um. Óformlegt samkomulag hefur náðst við ráðið og því að vænta staðfestingar þess bráðlega (co-decision) og að aðeins þurfi eina yfirferð (single reading). Efni í leikföngum sem geta valdið krabbameini, manngerð „genetic makeup“ og þau sem eru hættuleg í endurframleiðslu verða bönnuð í leikföngum fyrir börn. Sérstaklega er litið til smáhluta í leikföngum og þau ákvæði hert. Sérákvæði verða um leikföng sem innihalda fæðu og bannað verður að framleiða leikföng sem innihalda fæðu sem þarf að neyta áður en leikfangið er notað. Merkingar verða að vera greinilegar og á tungumáli sem hlutaðeigandi skilur og varnaðarorð verða að vera áreiðanleg. Aðildarríkin verða að tryggja fullnægjandi eftirlit og hafa heimild til að farga leikföngum sem valda verulegri hættu.

Tilskipunin verður samþykkt á næstunni og birt, væntanlega í febrúar eða mars, og kemur þá fljótlega til EFTA. Frestur að liðnum 20 dögum frá birtingu til að leiða tilskipunina í landslög aðildarríkjanna verður 18 mánuðir.

2.5 Flugíð og ETS kerfið.

Með breytingum sem þingið gerði í samkomulagi við ráðið á fundi sínum í Strasbourg 17. des. sl. um flugið undir ETS kerfinu náðist samkomulag við evrópsk flugfélög. Samkomulagið fellst í því að flugfélögin verða ekki skylduð til að kaupa losunarheimildir að fullu árið 2020 eins og lagt var upp með. Þetta breytir þó í engu upptöku flugsins undir ETS kerfinu frá og með 2012. Samkv. samkomulaginu verða flugfélögin að draga úr losun sem nemur 3% 2012 m.v. 2004-2006 og um 5% árið 2013. 85% losunarheimilda verður úthlutað án gjalds og 15% á uppboðsmarkaði.

2.6 Endurskoðun reglugerðar 2037/2000, um ósoneyðandi efni (Regulation (EC) 2037/2000 on substances that deplete the ozone layer).

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu að endurskoðaðri reglugerð um ósoneyðandi efni. Markmiðið er að einfalda framsetningu og framkvæmd mála, staðfesta ákvarðanir sem teknar hafa verið í tengslum við Montreal bókunina á síðustu misserum og að reyna að ná tókum á þeim þáttum sem ekki hefur tekist að framkvæma að fullu. Ennfremur að setja fram nýjar áherslur (ný efni) eftir 2010.

Montreal bókunin frá 1988 er dæmi um alþjóðlegan samning sem gengið hefur eftir í öllum meginatriðum (the most successful international agreement). Áætlað er að þegar hafi tekist að "fasa út" 99% af ósoneyðandi efnum sem hleypt var út í andrúmsloftið (ODS). Árangurinn er ekki síst að þakka samstilltu átaki stjórnvalda og iðnaðarins í þróðu löndunum. Vandamálið snertir í dag fyrst og fremst þróunarlöndin, ólöglega verslun og flutninga á efnum og að bæta þurfi inn á listann fleiri efnum sem komið hefur í ljós að hafa ósoneyðandi áhrif.

Helstu not fyrir ósoneyðandi efni í dag eru tengd notkun halons í skipum og í hernaði. Einnig er halon notað í slökkvibúnað í flugvélum og verður svo áfram meðan önnur jafngóð staðgönguefni koma ekki á markað.

Nauðsynlegt er að tengja framkvæmd „ósonreglugerðarinnar“ í auknum mæli við framkvæmd reglna um minnkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda (post-Kyotoferlið) og framkvæmd úrgangslöggjafarinnar.

2.7 Koltvísýringur frá nýjum ökutækjum.

Umhverfisnefnd Evrópuþingsins samþykkti við atkvæðagreiðslu 25. sept. sl. að losun frá nýjum ökutækjum verði 95 grömm á ekinn kílómeter (95g/km) frá og með 2020 og 130g/km frá 2012 þar sem 120g/km yrði náð með fullkomnari brennslu bílvéla og 10g/km með öðrum úrræðum s.s. slitminni hjólbörðum. Miklar deildur hafa verið um málið og ágreiningur milli umhverfisnefndarinnar og iðnaðarnefndar þingsins en sú síðari hafði áður samþykkt fyrir sitt leyti að 130g/km tækju gildi frá og með 2015. Ástæðan fyrir hertum reglum á þessu sviði tengist þeirri ákvörðun ESB að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 20% fyrir 2020 en einn þátturinn er að auka nýtingu eldsneytis með það fyrir augum að minnka losun.

2.8 Bann við útflutningi á kvikasilfri.

Ráðherraráðið samþykkti formlega 25. sept. sl. bann við útflutningi á kvikasilfri frá og með 1. mars 2011 og hefur verið gefin út reglugerð á vegum framkvæmdastjórnar ESB þar að lútandi (EC 1102/2008). Þessi ákvörðun tengist þeirri stefnu ESB að draga sem mestu úr notkun á kvikasilfri vegna skaðlegra áhrifa þess á umhverfið.

2.9 Framkvæmdastjórn ESB telur refsiréttarreglur umhverfisverndarlaga falla undir EES samninginn.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lýst þeirri skoðun sinni með hliðsjón af nýlegum dómi Evrópudómstólsins (ECJ) að refsiréttarreglur á sviði umhverfismála og samgöngumála falli undir fyrstu stoðina og sé þar með hluti af EES samningnum. EES/EFTA ríkin (Ísland, Liechtenstein og Noregur) hafa alla tíð haldið því fram að refsiréttarreglur séu ekki hluti EES-samningsins og hafa refsiréttarreglur á sviði ofangreindra málaflokka ekki verið leiddar í íslenskan rétt á grundvelli samningsins þótt efnisreglur hlutaðeigandi gerða ESB hafi á grundvelli samningsins verið leiddar í íslenskan rétt. Málið hefur verið rætt í hlutaðeigandi sérfræðinganefnd á vegum EFTA og er til sérstakrar meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum sem stendur.

2.10 Áherslur Tékklands á sviði umhverfismála á formennskumissemi jan.-júní 2009.

Eitt af meginverkefnum sem Tékkland leggur áherslu á tengist orku- og loftslagspakka ESB sem ætlunin er að ljúka á formennskumisserinu. Það tengist einnig gerð nýs loftslagssamnings frá og með 2013 eftir að gildistíma Kyotobókunarinnar lýkur.

Önnur stór verkefni:

- Verndun heilsu og umhverfis.
- Sjálfbær neysla og framleiðsla.
- Vernd líffræðilegs fjölbreytileika.

Einnig verður lögð áhersla á eftirtalin mál:

- IPPC (losun frá iðnaði) – heildarendurskoðun.
- EMAS (gæðastjórnunarkerfi) – heildarendurskoðun.
- Skráning hættulegra efna – tengist nýrri löggjöf um efni og efnablöndur (REACH).
- Rafeinda- og rafmagnstækjaúrgangur (WEEE) – ný reglugerð tilbúin.
- Sæfiefni (biocides) – reglugerð endurskoðuð.
- National Emission Ceilings (s. k. þaktilskipun).

Ráðherrafundur.

- Ráðherraráðið 2. mars og 25. júní 2009 í Brussel.

- Óformlegur fundur umhverfisráðherra ESB með þátttöku EES/EFTA ríkjanna í Prag 14.-15 apríl 2009.

VIÐSKIPTAMÁL

Undir svið viðskiptaráðuneytis falla m.a. fjármálaþjónusta, neytendaréttur, samkeppnisréttur og félagaréttur. Mikið af málum eru í gangi á þessum sviðum á vettvangi ESB og verður hér á eftir farið helstu málin sem hafa verið til umræðu á síðari hluta ársins.

FJÁRMÁLAPJÓNUSTA

Tillaga að breytingu á tilskipun um innstæðutryggingar

Þann 15. október 2008 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að breytingu á tilskipun 1994/19/EB um innstæðutryggingar (Deposit Guarantee Schemes), en þar er m.a. lagt til að lágmarkstryggingarfjárhæðin sem tryggingarsjóðum innstæðueigenda beri að greiða, ef banki eða annað aðildarfyrirtæki að viðkomandi tryggingarsjóði verður gjaldþrota eða ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu verði hækkuð verulega. Evrópuþingið samþykkti breytingar á tillögunni þann 18. desember og byggjast þær breytingar á málamiðlun við ráðherraráð ESB. Því er gert ráð fyrir að ráðherraráðið samþykki þessar breytingarnar formlega á fyrstu mánuðum ársins 2009.

Helstu breytingarnar eru þær að Evrópuþingið og ráðherraráðið eru sammála um að hækka lágmarksinnstæðutrygginguna úr 20.000 evrum í a.m.k. 50.000 evrum og að sú breyting taki gildi 30. júní 2009 (en ekki afturvirkta frá 15. október 2008 eins og framkvæmdastjórnin lagði til). Einnig er samkomulag um að lágmarkstryggingin skuli hækka úr a.m.k. 50.000 evrum í 100.000 evrum og að sú hækking taki gildi fyrir 31. des. 2010 (í staðinn fyrir 31. des. 2009 eins og framkvæmdastjórnin lagði til). Þetta verður einnig samræmd hámarksupphæð, þ.e. ekki verður leyfilegt fyrir einstök aðildarríki að hafa innstæðutrygginguna hærra en 100.000 evrum, þó með ákveðnum undantekningum. Þá er einnig samkomulag milli þings og ráðherraráðs um að útgreiðslutímabil skuli vera 25-35 dagar (þ.e. 5 dagar fyrir eftirlitsaðila að taka ákvörðun um greiðsluskyldu og 20 dagar til að greiða út, með möguleika á 10 daga framlengingu).

Textann sem þingið samþykkti 18. desember má finna á vefslóðinni:

<http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?pubRef=-//EP//TEXT+TA+P6-TA-2008-0630+0+DOC+XML+V0//EN&language=EN>

Upphaflega tillögu framkvæmdastjórnarinnar, fréttatilkynningu og algengar spurningar má finna á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/internal_market/bank/guarantee/index_en.htm

Breytingar á tilskipunum um eiginfjárkröfu lánastofnana og fjárfestingafélaga

Þann 1. október 2008 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að breytingu á tilskipunum 2006/48 og 2006/49 um eiginfjárkröfu lánastofnana og fjárfestingafélaga (Capital Requirements). Markmiðið með tillögunni er m.a. að takmarka hversu mikla áhættu fyrirtæki geta tekið að því er varðar einn aðila (large exposures), bæta áhættustjórnun og renna styrkari stöðum undir samvinnu eftirlitsaðila yfir landamæri. Stefnt er að því að samkomulag milli

ráðherraráðs og Evrópuþingsins um lokatexta liggi fyrir í apríl 2009. Aðildarríkin þurfa skv. tillögunni að innleiða breytingarnar í landsrétt fyrir 31. janúar 2010 og beita þeim frá 31. mars 2010. Að auki hyggst framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við ráðherraráðið og Evrópuþingið, gera ákveðnar breytingar varðandi tæknileg ákvæði um áhættustjórnun (risk management) sem er að finna í viðaukum við fyrrnefndar tilskipanir, en þær breytingar munu ekki taka gildi fyrir en 2010.

Tillögu framkvæmdastjórnarinnar, fréttatilkynningu, mat á áhrifum og algengar spurningar má finna á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/internal_market/bank/regcapital/index_en.htm

Gjaldþol váttryggingafélaga

Þann 10. júlí 2007 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að tilskipun um gjaldþol váttryggingafélaga (Solvency II) sem koma á í staðinn fyrir 14 núgildandi tilskipanir á váttryggingasviðinu. Tilskipuninni er m.a. ætlað að bæta neytendavernd, nútímavæða eftirlit og auka alþjóðlega samkeppnishæfni evrópskra váttryggjenda. Markmið Evrópureglna um gjaldþol er að tryggja að váttryggingafélög hafi fjárhagslegan styrk og að þau hafi jafnframt styrk til að ganga í gegnum erfiðleika. Þannig eru hagsmunir váttryggingataka varðir og stöðugleiki fjármálakerfisins í heild. Í nýju tillögunum er sú krafa gerð til váttryggjenda að taka tillit til allra áhættuþátta sem standa að rekstrinum og takast á við þær hættur með skilvirkari hætti. Auk þess er lagt til að váttryggingafélög í hópi (e. insurance groups) muni lúta eftirliti hópeftirlitsaðila (e. group supervisor) sem hafi betri möguleika að hafa eftirlit með hópnum í heild, en sú tillaga er umdeild og óvíst hvort hún verði samþykkt. Tillagan er nú til umræðu í ráðherraráðinu og á Evrópuþinginu og er stefnt að því að hún verði samþykkt á fyrri hluta ársins 2009.

Frekari upplýsingar: http://ec.europa.eu/internal_market/insurance/solvency/index_en.htm

Verðbréfasjóðir (UCITS)

Í júlí lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS), en með henni er verið að sameina upphaflegu UCITS tilskipunina (85/611/EEC) og breytingar á henni síðastliðin ár í eina tilskipun. Að auki eru lagðar til nýjar breytingar sem ætlað er að draga úr skrifinnsku og stjórnsýslulegum hindrunum fyrir dreifingu eigna verðbréfasjóða yfir landamæri, búa til umgjörð fyrir samruna milli verðbréfasjóða, skilgreina lykilupplýsingar fyrir fjárfesta (Key Investor Information) sem koma á í staðinn fyrir núverandi ákvæði um einfaldaða lýsingu (Simplified Prospectus) og bæta samvinnu milli eftirlitsaðila í aðildarríkjunum. Búist er við því að Evrópuþingið og ráðherraráðið samþykki tillöguna formlega á fyrri hluta ársins 2009.

Nánari upplýsingar: http://ec.europa.eu/internal_market/investment/legal_texts/index_en.htm

Tilskipanir um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og fjárhagslegar tryggingaráðstafanir

Evrópuþingið samþykkti þann 18. desember breytingar á tillögum að tilskipunum um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum (settlement finality) og fjárhagslegar tryggingaráðstafanir (financial collateral), sem framkvæmdastjórnin lagði fram 24. apríl. Breytingarnar sem þingið samþykkti byggja á málamiðlun við ráðherraráð ESB og gert er ráð fyrir að ráðherraráðið samþykki þessar breytingarnar formlega innan skamms. Ekki er um að ræða verulegar breytingar á þessum tveimur tilskipunum heldur er fyrst og fremst verið að uppfæra þær með tilliti til breytinga á regluverki og mörkuðum síðan þær voru upphaflega samþykktar, m.a. með því að einfalda og skýra tiltekin ákvæði. Helstu breytingarnar snúa að vernd vegna

uppgjörs að næturlagi og tengdum greiðslukerfum, auk þess sem gildissvið beggja tilskipananna er víkkað þannig að það taki einnig til lánakrafna sem eru veðhæfar hjá seðlabönkum. Textann sem Evrópuþingið samþykkti má finna á:

<http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?pubRef=-//EP//TEXT+TA+P6-TA-2008-0629+0+DOC+XML+V0//EN&language=EN#BKMD-32>

Tillaga að reglugerð um matsfyrirtæki

Þann 12. nóvember lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að reglugerð um matsfyrirtæki (Credit Rating Agencies). Með tillögunni er verið að bregðast við gagnrýni sem fram hefur komið á starfsemi matsfyrirtækja og matseinkunnir þeirra varðandi styrk og áhættu einstakra fjármálastofnana, fjármálagerninga (t.d. áhættusamra skuldabréfavafninga) og landa, en matsfyrirtækin þykja hafa vanmetið áhættuna og gefið út of háar matseinkunnir, m.a. vegna hagsmunaárekstra. Í tillögunni er m.a. að finna ákvæði um leyfi, starfshætti og eftirlit með matsfyrirtækjum, sem eiga að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og stuðla að betra mati og meira gagnsæi varðandi matsaðferðir. Nánari upplýsingar má finna á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/internal_market/securities/agencies/index_en.htm

Breytingar á tilskipun um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og eftirlit með þeim

Þann 9. október lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að nýrri tilskipun um rafeyrisfyrirtæki (electronic money institutions) sem ætlað er að koma í staðinn fyrir og víkka gildissvið tilskipunar 2000/46 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og eftirlit með þeim, auk þess sem hún felur í sér breytingar á tveimur öðrum tilskipunum. Helstu breytingar sem lagðar eru til eru hlutlausari og einfaldari skilgreining á rafeyri, ný ákvæði varðandi eftirlit og skýrari ákvæði um beitingu innlausnarákvæða. Tillögu framkvæmdastjórnarinnar, fréttatilkynningu, algengar spurningar og mat á áhrifum má finna á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/internal_market/payments/emoney/index_en.htm

Greiðslur yfir landamæri

Framkvæmdastjórnin lagði þann 10. október fram tillögu að reglugerð um greiðslur yfir landamæri í Evrópusambandinu (Cross border payments in the Community), sem ætlað er að koma í staðinn fyrir og víkka gildissvið reglugerðar 2560/2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum (Cross border payments in euros). Tillagan gerir ráð fyrir að ákvæði þeirrar reglugerðar, um að gjöld vegna greiðslna yfir landamæri í evrum verði hliðstæð því sem gerist innan lands fyrir færslur að fjárhæð allt að 50.000 evrum, skuli nú einnig ná til beingreiðslna (direct debit). Einnig er lagt til að settar verði á stofn sérstakar nefndir fyrir lausn deilumála utan dómstóla (out-of-court redress bodies), en markmiðið með því ákvæði er að styrkja neytendavernd á þessu sviði. Í tillögunni er líkt og í gildandi reglugerð gert ráð fyrir að aðildarríki sem ekki notar evruna geti ákveðið að rýmka beitingu reglugerðarinnar þannig að hún gildi einnig um gjaldmiðil þess. Tillögu framkvæmdastjórnarinnar, fréttatilkynningu, algengar spurningar og mat á áhrifum má finna á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/internal_market/payments/crossborder/index_en.htm

Vogunarsjóðir

Framkvæmdastjórn ESB hefur hafið samráðsferli um vogunarsjóði með það að markmiði að þróa viðeigandi regluverk um starfsemi þeirra. Leitað er eftir viðbrögðum við spurningum er tengjast m.a. eftirliti, áhættustjórnun, gagnsæi gagnvart fjárfestum og fjárfestavernd. Frestur til að skila inn athugasemdum er 31. janúar 2009 og gert er ráð fyrir að farið verði yfir helstu niðurstöðurnar á ráðstefnu í Brussel í lok febrúar. Nánari upplýsingar:

<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/08/2028&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

Endurskoðun eftirlits á fjármálamarkaði og framtíðarskipan fjármálamarkaða

Í febrúar/mars 2009 eru væntanlegar tillögur frá nefnd háttsettra sérfræðinga (Larosière nefndinni) um hvernig styrkja megi eftirlit með fjármálamarkaðnum og efla samvinnu eftirlitsaðila.

Einnig er verið að skoða framtíðarskipan fjármálamarkaða og vænta má tillagna þar að lútandi á árinu 2009 (Financial markets for the future package), m.a. um yfirsýn og gagnsæi varðandi alla þátttakendur á fjármálamarkaði, sem og um vogunarsjóði, afleiður og launakjör stjórnenda. Tilskipanir um lýsingar (prospectus) og um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) verða einnig endurskoðaðar á árinu.

FÉLAGARÉTTUR

Evrópsk einkahlutafélög

Í lok júní lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að reglugerð um evrópsk einkahlutafélög (European Private Company), sem ætlað er að auðvelda stofnun og starfsemi slíkra félaga í Evrópu, m.a. með því að draga úr takmörkunum sem lagðar eru á starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á milli landa, en tillagan gerir m.a. ráð fyrir að hægt verði að setja upp fyrirtækið í sama formi, hvort heldur sem fyrirtækið hyggst starfa í heimaríki eða öðru ríki. Tillagan er hluti af tillögum sem ætlað er að bæta hag lítilla og meðalstórra fyrirtækja, *Small Business Act*, en þær fela í sér 10 leiðbeinandi markmið og tillögur um aðgerðir fyrir framkvæmdastjórnina og aðildarríkin. Stefnt er að því að tillagan um evrópsk einkahlutafélög verði samþykkt á fyrri hluta ársins 2009. Nánari upplýsingar er að finna á:

http://ec.europa.eu/internal_market/company/epc/index_en.htm

Breytingar á tilskipunum um félagarétt

Á árinu 2008 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögur að breytingum á nokkrum tilskipunum um félagarétt sem ætlað er að einfalda lagaumhverfi fyrirtækja. Í apríl komu tillögur um breytingar á tilskipunum 68/151/EBE og 89/666/EBE varðandi birtingu og þýðingarskyldu tiltekinnna félaga, sem og tillögur um breytingar á tilskipunum 78/660/EBE og 83/349/EBE, um tiltekna upplýsingagjöf fyrir meðalstór fyrirtæki og samstæðureikningsskil. Í september lagði framkvæmdastjórnin síðan fram tillögu að tilskipun sem ætlað er að draga úr skriffinnsku og stjórnarsýslubyrði fyrir Evrópsk hlutafélög í tengslum við samruna og skiptingu félaga, en um er að ræða breytingar á tilskipunum 77/91/EBE, 78/855/EBE, 82/891/EBE og 2005/56/EB. Tillagan felur m.a. í sér einfaldari kröfur um upplýsingagjöf, sem og um birtingu samruna- eða skiptingarátvætlunar. Einnig voru lagðar fram á árinu breytingar á tilskipunum um reikningshald og endurskoðun. Nánari upplýsingar:

http://ec.europa.eu/internal_market/company/simplification/index_en.htm

NEYTENDAMÁL

Stefnumótun um hóp málsóknir fyrir neytendur

Þann 27. nóvember 2008 gaf framkvæmdastjórn ESB út grænbók um hóp málsóknir fyrir neytendur (Green Paper on Consumer Collective Redress). Þar er farið yfir helstu álitamálin á þessu sviði og settir fram nokkrir valkostir um aðgerðir. Samráðsferli um þetta mál stendur nú yfir og hægt er að senda inn athugasemdir til 1. mars 2009. Í framhaldinu og að teknu tilliti til

athugasemda sem berast mun framkvæmdastjórnin ákveða næstu skref í þessu máli, m.a. hvort þörf sé á lagasetningu. Nánari upplýsingar:

http://ec.europa.eu/consumers/redress_cons/collective_redress_en.htm

Tillaga að tilskipun um réttindi neytenda

Þann 8. október 2008 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að tilskipun um réttindi neytenda sem ætlað er að auðvelda neytendum að versla bæði í hefðbundnum verslunum og á netinu. Með tillögunni er verið sameina fjórar gildandi tilskipanir um réttindi neytenda í eina, jafnframt því sem settar eru fram nýjar tillögur sem fela í sér aukin og samræmd réttindi neytenda í ríkjum ESB, m.a. með aðlögun gildandi löggjafar að nýrri tækni og söluaðferðum. Markmiðið er að tryggja neytendum, hvar sem þeir versla í ríkjum ESB, skýrar upplýsingar um verð og hvers konar viðbótargjöld eða kostnað áður en þeir skrifa undir samninga. Einnig er að finna ákvæði varðandi afhendingartíma (late delivery/non delivery), umhugsunartíma (cooling off periods), skilafresti, endurgreiðslur, viðgerðir og ábyrgðir, og ósanngjarna samningsskilmála. Tillögu framkvæmdastjórnarinnar, fréttatilkynningu, mat á áhrifum og algengar spurningar má finna á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/consumers/rights/cons_acquis_en.htm

Breytingar á tilskipun um skiptileigu fasteigna (timeshare)

Þann 22. október samþykkti Evrópuþingið breytingar á tilskipun 94/47/EB, um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni. Breytingarnar sem þingið samþykkti byggja á samkomulagi við ráðherraráð ESB og gert er ráð fyrir að ráðherraráðið samþykki þessar breytingarnar formlega innan skamms. Aðildarríkin hafa í framhaldi af því tvö ár til að innleiða breytingarnar. Með breytingunum er gildissvið núgildandi reglna víkkað þannig að undir þær munu nú einnig falla skammtímasamningar, skiptileiga á færanlegum eignum (t.d. hjólhýsum og skemmtiferðaskipum), langtímaferðaafurðir (t.d. langtímaaðgangur að afsláttarklúbbum), auk ákvæða varðandi endursölu og skipti á skiptileiguafurðum (timeshare products). Nánari upplýsingar:

http://ec.europa.eu/consumers/cons_int/safe_shop/timeshare/index_en.htm

Tilskipanir um öryggi leikfanga, mælieiningar, mælitæki og mælifræðilegt eftirlit

Ráðherraráð ESB og Evrópuþingið náðu í desember samkomulagi um breytingar á tilskipun 88/378/EBE um öryggi leikfanga, tilskipun 80/181/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar, sem og um breytingar á tilskipun 71/316/EBE, um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit, ásamt síðari breytingum. Gert er ráð fyrir því að endanlegir textar vegna þessara breytinga verði samþykktir formlega á næstunni.